

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson skrifar um ristruflanir og misrétti. 15



**MENNING** Sagnameistari fallinn frá. Gabriel Garcia Marquez minnst. 22



**LÍFIÐ** Fyrsta æfing Pollapönks í Kaupmannahöfn gekk vel. 30



**SPORT** Kristján Arason upplifir ævintýri í Krikanum þessa dagana. 26

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT
1011

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Priðjudagur
29. apríl 2014
99. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

**FRÉTTIR**



**Stríðsminjar skemmast**

Breikkun göngu- og hjólastígs við rætur Öskjuhlíðar hefur orðið til þess að minjar frá seinni heimsstyrjöld hafa skemmst. 2

**Keyptu DV-húsið** FÍ fasteignafélag hefur fest kaup á gamla DV-húsinu við Þverholt í Reykjavík. 6

**Skotárás á borgarstjóra** Borgarstjóri næststærstu borgar Úkraínu særðist lífshættulega í skotárás. 10

**Kærði rangan mann** Þjóðgarðurinn á Þingvöllum kærði rangan mann vegna dráps á urriða. Maðurinn sem veiddi fiskinn segist hafa keypt leyfi á Kárastöðum. 11




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | A | 6 |
| Akureyri | 3° | A | 3 |
| Egilsstaðir | 0° | A | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | NA | 6 |
| Reykjavík | 5° | A | 4 |

**Hægviðri** um mest allt land en 5-10m/s S-lands. Bjart yfir og þurrt að mestu en stöku skúrir V-lands. Hiti er frá vægu frosti að 8 stigum, hlýjast SV-lands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Útivist | Fólk




# Lögreglumaður, lögmaður og símamaður handteknir

Þrír eru til rannsóknar grunaðir um að hafa haft undir höndum viðkvæm trúnaðargögn. Gögnin komu meðal annars úr málaskrá lögreglu og frá gagnasafni Nova. Starfsmanni Nova hefur verið sagt upp vegna málsins.

**LÖGREGLUMÁL** Starfsmanni fjarskiptafyrirtækisins Nova hefur verið vikið frá störfum vegna gruns um að hafa misnotað aðstöðu sína hjá fyrirtækinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er starfsmaðurinn grunaður um að hafa farið í fjarskiptagögn Nova og er rannsókn hafin hjá lögreglu á því hvort og þá hvernig hann hafi dreift gögnunum.

„Við töldum okkur ekki stætt á öðru en að segja honum upp,“ segir Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, í samtali við Fréttablaðið.

Hún staðfestir að um trúnaðarbrest hafi verið að ræða. „Ekkert á þessari stundu bendir til þess að brot hafi átt sér stað en lögreglan fer með rannsókn málsins,“ segir Liv.

Málið tengist rannsókn lögreglu á broti lögreglumanns vegna uppflettingar og meðferðar á upplýsingum úr upplýsingakerfi lögreglunnar (LÖKE). Báðir mennirnir voru handteknir skömmu fyrir páska ásamt þriðja manni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sá starfsmaður lögfræðistofu á höfuðborgarsvæðinu og er grunaður um að hafa móttekið hinar illa fengnu upplýsingar. Lögfræðingurinn er í tímabundnu leyfi frá störfum meðan málið er til rannsóknar. Allir mennirnir þrír sem eru vinir hafa réttarstöðu sakborninga við rannsókn lögregluyfirvalda.

Í tilkynningu frá ríkissaksóknara segir að embættið hafi mál lögreglumannsins til rannsóknar á grundvelli lögreglulaga en sú rannsókn lýtur einkum að ætluðum brotum á ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi. Rannsókn lögreglu á hinum mönnunum tveimur lýtur að brotum á fjarskiptalögum. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum aðstoðar við rannsókn málsins.

> **Við töldum okkur ekki stætt á öðru en að segja honum upp.**
> *Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova.*

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru brot mannanna nokkurra ára gömul en voru ekki kærð fyrr en nýlega.

Enginn hinna grunuðu né lögmenn þeirra vildu tjá sig þegar eftir því var leitað. - aó / fbj



**Á VETTVANGI** Lögreglumaður gengur framhjá skúrunum sem brunnu í Rimaskóla í gær. Mikinn reyk lagði yfir nærliggjandi svæði en sem betur fer slasaðist enginn. Talið er að um íkveikju hafi verið að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Foreldrar nemenda við Rimaskóla gagnrýna skólayfirvöld í kjölfar bruna:

# Ósáttir við skort á upplýsingum

**ELDSVOÐI** Eldur kviknaði í Rimaskóla í Grafarvogi í gær. Fjórar færanlegar kennslustofur brunnu til kaldra kola, en þær höfðu allar verið yfirgefnar fyrir löngu og seldar fyrir meira en ári.

Enginn slasaðist en tjónið af völdum brunans nemur 40 til 50 milljónum króna. Talið er að kveikt hafi verið í stofunum og hafa lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu borist nokkrar ábendingar um hver gæti hafa verið að verki.

Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir, móðir nemanda í fyrsta bekk skólans, gagnrýnir skort á upplýsingum í kjölfar brunans. Henni finnst skólinn ekki hafa staðið sig nógu vel í að láta foreldra vita hvað gekk á.

„Mér finnst mjög óþægilegt hvað við fengum lítið að vita,“ segir Ragnheiður en mikil óvissa ríkti meðal foreldra nemenda skólans. „Ég sat bara og fylgdist með hverri fréttinni á fætur annarri á vefmiðlunum án þess að skólinn hefði samband. Ég er óánægð með upplýsingaleysið,“ segir hún.

Önnur móðir sem Fréttablaðið hafði samband við sagðist ekki hafa heyrt neitt frá skólayfirvöldum. Þess í stað hefði dóttir hennar hringt og beðið hana um að sækja sig og mikið óðagot hefði ríkt meðal barnanna.

Skólastjóri Rimaskóla, Helgi Árnason, sendi nokkru síðar tölvupóst til foreldra barnanna þar sem hann greindi frá því að öllum nemendum hefði verið safnað saman í íþróttahúsið og þeir væru óhultir. Þá gætu foreldrarnir sótt börnin í samráði við kennara, en annars héldi kennsla óbreytt áfram.

> **Ég sat bara og fylgdist með hverri fréttinni á fætur annarri á vefmiðlunum án þess að skólinn hefði samband.**
> *Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir.*

Að sögn Jóns Viðars Matthíassonar slökkviliðsstjóra voru ekki brunavarnir í þessu tiltekna húsnæði. Ástæðan sé sú að skúrarnir hafi verið í niðurníðslu heillengi. Byrgt hafi verið fyrir gluggana og skúrarnir staðið auðir í þrjú ár. - ssb /kóh



**ERFITT** Að sögn Baltasars voru tökurnar á Everest þær erfiðustu á ferli hans.

Kominn heim eftir tökurnar:

# Slysið á Everest hafði áhrif

**FÓLK** „Tökurnar gengu rosalega vel en þetta er líklega langerfiðasta verkefni sem ég hef tekið að mér,“ segir leikstjórinn Baltasar Kormákur sem er nýkominn heim eftir að hafa dvalið ytra í fjóra mánuði samfleytt við tökur á stórmyndinni Everest.

Tökulið á vegum Baltasars var í tökum á landslagi á Everest þegar hinn mikli harmleikur varð og minnst þrettán manneskjur týndu lífi í snjóflóði fyrir skömmu. „Við vorum að taka upp þegar þetta hræðilega slys átti sér stað og það minnir auðvitað á hversu hættulegt þetta er.“ glp / sjá síðu 30

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk




Actavis

Fyrri sending seldist upp
Ný sending komin í verslanir!




gengurvel.is

## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, eru þetta óttalegir jólasveinar barna í stjórnsýslunni?

**Jú, mig grunar að Grýla eigi eftir að fá borgað meðlag með nokkrum þeirra.**

Akureyrarbær hefur beðið um að póstkassi jólasveinanna í göngugötunni verði fjarlægður fyrir 1. maí. Guðmundur R. Lúðvíksson er eigandi kassans og svarar fyrir sveinana.

Kópavogsbær segir málssókn erfingja Sigurðar K. Hjaltested frá Vatnsenda með öllu tilhæfulausa:

# Erfingjar krefjast 75 milljarða króna í bætur

**DÓMSMÁL** Erfingjar Sigurðar K. Hjaltested, fyrrverandi ábúanda á Vatnsenda, hafa stefnt Kópavogsbæ og krefjast 75 milljarða króna í bætur frá Kópavogsbæ auk vaxta vegna eignarnáms í landi Vatnsenda árin 1992, 1998, 2000 og 2007.

Til vara er þess krafist að Kópavogsbær greiði tæpa 48 milljarða króna auk vaxta og til þrautavara stefna erfingjarnir Þorsteini Hjaltested og krefja hann bóta sem nema rúmum 2,2 milljörðum króna.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í nóvember næstkomandi.

Kópavogsbær hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna málsins og segir málsóknina með öllu tilhæfulausa og fjárhæð dómkröfunnar í besta falli fráleita. Kópavogsbær segir að bænum hafi í fjögur skipti verið heimilað að taka land í Vatnsenda eignarnámi. Í öllum tilvikum á grundvelli eignarnámsheimildar og frá opinberum stofnunum og ráðherra. Bænum hafi verið skylt að ráðstafa eignarnámsbótunum til þinglýsts eiganda Vatnsenda, Þorsteins Hjaltested, sem jafnframt hafi verið ábúandi jarðarinnar.

Málaferli og deilur um jörðina Vatnsenda hafa staðið í yfir 45 ár. Landið hefur verið eitt helsta byggingarsvæði Kópavogsbæjar og er því afar dýrmætt. **-jme**

**STÖÐUGAR DEILUR** Málaferli og deilur um jörðina Vatnsenda hafa staðið í áratugi. Landið er dýrmætt byggingarland. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**SKRAUFPURRT** Vatnsbólið hefur þornað algerlega upp og skilur eftir sig sprungur. Meira en helmingur þjóðarinnar hefur ekki aðgang að hreinu vatni. NORDICPHOTOS/AFP

Vatnsskortur hefur veruleg áhrif á lifnaðarhætti Indverja:

# Hættuleg þurrkatíð á Indlandi

**INDLAND Miklir þurrkar hrjá Indland og margar borgir líða vatnsskort, sérlega um sumarið þegar hitastig getur farið langt yfir 40 gráður á celsíus.**

**Indland skortir ekki regnvatn, en vandamálið er aðallega af mannavöldum, enda hefur stór hluti vatnsbirgða tapast vegna skipulagsleysis. Á meðfylgjandi mynd sést indverskur maður ganga með vatnsílát á höfðinu yfir uppþurkað vatnslón við útjaðar Bhubaneswar, höfuðborgar indverska héraðsins Odisha, í gær.**

**- kóh**

Bjóða sig fram í fyrsta sinn:

# Björt framtíð í Árborg

**STJÓRNMÁL** Framboðslisti Bjartrar framtíðar í Árborg til sveitarstjórnarkosninga í vor liggur fyrir og var samþykktur á opnum félagsfundi fyrr í mánuðinum. Björt framtíð býður fram í sveitarfélaginu í fyrsta sinn.

Efstu sæti listans skipa Viðar Helgason, fjallaleiðsögumaður og húsasmiður, fyrsta sæti, Eyrún Björg Magnúsdóttir, stjórnsýslufræðingur og framhaldsskólakennari, annað sæti og Már Ingólfur Másson, sagnfræðingur og grunn- og framhaldsskólakennari, það þriðja. **- kóh**

FFR og Isavia í Karphúsinu:

# Reynt til þrautar að semja

**KJARADEILUR** Samningafundur flugvallarstarfsmanna og Isavia stóð fram eftir kvöldi í gær.

Reyna á til þrautar að ná samningum því tíminn er að hlaupa frá mönnum en boðað verkfall starfsmanna á flugvöllum á að hefjast á morgunn.

Ef af verkfalli verður lamast flugsamgöngur til og frá landinu.

Atvinnurekendur telja að tjón vegna verkfalls myndi nema að minnsta kosti einum milljarði króna á sólarhring. **- jme**

# Verktakar skemmdu óvart stríðsminjar

Breikkun göngu- og hjólastígs við rætur Öskjuhlíðar hefur orðið til þess að minjar frá seinni heimsstyrjöld hafa skemmst. „Óbætanlegur skaði,“ segir Stefán Pálsson sagnfræðingur. Um er að ræða rústir dúfnahúss sem nýtt var af hernum.

**UMHVERFISMÁL** Stríðsminjar í Öskjuhlíð hafa legið undir skemmdum vegna breikkunar göngustígs við Háskólann í Reykjavík. Um er að ræða rústir dúfnahúss sem nýtt var af hernum í seinni heimsstyrjöldinni. Stefán Pálsson sagnfræðingur segir að um merkilegar minjar sé að ræða.

„Þetta er hluti af braggabyggð sem náði frá Bústaðavegi og að hafi. Stór hluti byggðarinnar er farinn undir malbik og steypu en þessi gólfplata hefur haldist frekar heilleg, þar til nú.“ Stórt sár hefur myndast á nyrsta horni rústanna. „Það er ljóst að veður og vindar munu nú vinna mun hraðar á minjunum en annars hefði verið,“ segir Stefán „Það má segja að hér hafi verið hjólað yfir söguna.“

Dúfnahúsið er um það bil 25 metrar á lengd en aðeins tveir og hálfur metri að breidd. Í síðari heimsstyrjöld tíðkaðist að herflugmenn hefðu bréfdúfur í flugvélum sínum sem hægt væri að senda af stað ef eitthvað kæmi fyrir flugvélina. Dúfurnar voru því aldar hér og nýttar fyrir þá flugmenn sem höfðu aðstöðu við Reykjavíkurflugvöll.

Stríðsminjar má finna víða í Öskjuhlíð en þær eru hvorki merktar sérstaklega né friðaðar. Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar, segir að stofnunin hafi gríðarlegan fjölda minja undir sinni umsjón. „Á Íslandi telst til minja það sem er orðið hundrað ára gamalt eða hefur verið friðlýst.“ Ekki hefur þótt ástæða til að friðlýsa stríðsminjar í Öskjuhlíð svo ekki er um eiginlegar minjar að ræða samkvæmt ýtrustu skilgreiningu.

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, segir leitt að þarna hafi orðið skemmdir. „Það var í útboðslýsingu verksins að þarna væru herminjar sem þyrfti að fara varlega í kringum. Það er á ábyrgð verktakans ef skemmdir hafa orðið.“

**snaeros@frettabladid.is**



**SAGNFRÆÐINGUR UGGANDI** Stefán Pálsson sagnfræðingur stendur við grunn dúfnakofans og bendir á þá skemmd sem komin er í rústirnar. Stórt skarð hefur verið höggvið í þær af þungavinnuvélum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HEILLEG MYND AF STRÍÐSREKSTRI Í ÖSKJUHLÍÐ

Í Öskjuhlíð má með besta móti sjá hvernig bandamenn hugðust verja vígi sitt í Reykjavík. Í hlíðinni má meðal annars finna steypt skotbyrgi þeirra, stjórnbyrgi, víggrafir úr torfi og grjóti, loftvarnabyrgi, varnarveggi fyrir eldsneytistanka og vatnstanka ásamt grunnum bragga og annarra bygginga.

Ef ráðist yrði á Reykjavík skipti miklu máli að verja flugvöllinn fyrir árásum og því voru byrgin sett ofarlega í Öskjuhlíð svo hægt væri að flýja þangað og skjóta á óvinaherinn. Þessar minjar liggja flestar undir skemmdum en Reykjavíkurborg hefur ekki sinnt viðhaldi á þeim.




Stöðugleikinn bestur fyrir fólk á húsnæðismarkaði segir fjármálaráðherra:

# Gagnrýndi skort á lóðum

**HÚSNÆÐISMÁL** Besta leiðin til að koma til móts við þá sem eru á húsnæðismarkaði, hvort sem þeir eru að leigja eða eiga eign, er að ná tökum á ríkisfjármálunum og byggja undir forsendur fyrir vaxtalækkun, sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á Alþingi í gær.

Hann vísaði þar til þess að leiguverð hefði hækkað mikið undanfarið, eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær. Bjarni segir að auk vaxtanna skipti framboð af lóðum fyrir nýtt húsnæði máli, og þar eigi Reykjavíkurborg sök á því að lóðaframboð hafi verið of lítið.

„Hér eru bara að verki lögmálin um framboð og eftirspurn,“ sagði Bjarni.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Bjarna hvort ríkisstjórnin hefði ákveðið hversu háum upphæðum yrði veitt til að bæta leigjendum forsendubrest með sama hætti og þeim sem skulduðu verðtryggð fasteignalán.

Bjarni sagði það á verksviði félagsmálaráðherra að kynna aðgerðir fyrir leigjendur. Ríkisstjórnin hafi ekkert ákveðið um slíkar aðgerðir.

Hann sagði jafnframt hugsanlegt að stuðningur við heimilin yrði endurskoðaður, en benti á að vegna mikillar eftirspurnar gætu stórauknar húsaleigubætur lítið gert annað en að ýta undir hækkun á húsaleigu.

„Fjármálaráðherra er bara með tóman hatt fyrir leigjendur,“ sagði Helgi. Hann sagði þetta enn eitt dæmið um „algert skeytingarleysi“ ríkisstjórnarinnar í garð fólks á leigumarkaði, og sagði að aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að lækka skuldir fasteignakaupenda mundu leiða af sér hærri vexti, og þar með verri kjör fyrir leigjendur. **-bj**



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**HELGI HJÖRVAR**

> **Fjármálaráðherra er bara með tóman hatt fyrir leigjendur.**
>
> *Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar.*



# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Laugalandi í Borgarfirði rækta hjónin Þórhallur og Erla gúrkur en fjölskylda Þórhalls hefur stundað garðyrkju þar frá árinu 1942. Jarðhiti er á svæðinu og notast þau við eigin vatsveitu til að hita upp gróðurhúsin með vatni frá hvernum. Gúrkurnar eru tíndar á hverjum degi, pakkað og komið beint til neytenda svo ferskleikinn er tryggður.

**- G rkusafi Þ rhalls og Erlu sem hressir, b tir og k tir! -**

// 1 stk gúrka // 1 stk epli // 2 cm engifer // ca 10 blöð og stöngull af myntu //

Lítið mál að bæta við steinselju, selleri, kóríander, spínati. Því grænni því betri!

Allt sett í safavélina. Auðvelt að setja á flösku og taka með í vinnuna eða bara njóta áður en vinnudagurinn hefst.



## SVONA ERUM VIÐ



**110 þúsund Íslyklar hafa verið afhentir**

**nú þegar ár er liðið frá því útgáfa þeirra hófst.**

10 til 15 þúsund nýta sér lyklana sína daglega til að auðkenna sig á netinu.

*Heimild: Þjóðskrá Íslands*

Öllum starfsmönnum Leikfélags Akureyrar sagt upp og ekkert leikið á árinu:

# Sýningar hefjast aftur á nýju ári

**MENNING** Um 100 milljónir eru eyrnamerktar framleiðslu á leiklist á næsta leikári og mun undirbúningur sýninga hefjast þann 1. janúar næstkomandi að öllu óbreyttu. Þetta segir Soffía Gísladóttir, formaður stjórnar Leikfélags Akureyrar.

Leikfélagið hefur ekki fjármuni til að setja upp leikverk á haustmánuðum 2014. Setja átti upp verkið Lísu í Undralandi.

Öllu starfsfólki leikfélagsins hefur verið sagt upp störfum og taka uppsagnirnar að öllu óbreyttu gildi þann 30. apríl. Ekki er ljóst hversu margir verða ráðnir aftur.

„Við þurfum að gera hlé á framleiðslu til næsta árs vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins. Við munum hins vegar á þessum tíma standa vörð um leiklistarskóla LA og starfrækja hann næsta vetur eins og ekkert hafi í skorist. Við munum kappkosta að halda uppi lífi í Samkomuhúsinu,“ segir Soffía. **-sa**



**LEIKFÉLAG AKUREYRAR** Undirbúningur sýninga hefst 1. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikil aukning síðan 2007:

# 24,9% heimila í leiguhúsnæði

**HÚSNÆÐISMÁL** Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 24,9 prósent heimila í leiguhúsnæði á almennum markaði árið 2013 samanborið við 15,4 prósent heimila árið 2007.

Árið 2007 var hlutfall heimila í leiguhúsnæði á almennum markaði svipað og hlutfall heimila í leiguhúsnæði í gegnum búsetuúrræði á borð við félagslegar leiguíbúðir sveitarfélaga og námsmannahúsnæði, eða 7,6 prósent samanborið við 7,8%. Fjölgunin var hins vegar meiri í fyrrnefnda hópnum. **-hg**



**JÓAKIM OG MARÍA** Meðal þeirra, sem eiga að hafa orðið fyrir njósnum, er Jóakim Danaprins og María prinsessa. NORDICPHOTOS/AFP

Ásakanir í nýrri skáldsögu:

# Se og hør sakað um njósnir

**DANMÖRK** Danskir fjölmiðlar hafa fjallað um ásakanir á hendur vikuritinu Se og hør um að blaðamenn þar hafi njósnað um kreditkortafærslur þekktra einstaklinga.

Þessar ásakanir koma fram í nýrri skáldsögu eftir danska blaðamanninn Ken B. Rasmussen, sem kemur út í dag.

Dagblaðið BT fullyrðir að þótt bókin sé skáldsaga þá hafi höfundurinn heimildir fyrir ásökunum þessum.

Fullyrt er að blaðamenn hafi á árunum 2008 til 2012 verið í tengslum við upplýsingatæknifræðing, sem í gegnum starf sitt hjá greiðslumiðlun fjármálafyrirtækja hafi haft aðgang að kreditkortafærslum einstaklinga. **-gb**

100 eignir seldar í borginni:

# Handfylli sölu út um landið

**EFNAHAGSMÁL** Þinglýstir kaupsamningar um fasteignir á höfuðborgarsvæðinu 18. til og með 24. apríl voru 100 talsins. Á vef Þjóðskrár segir að þar af hafi 77 verið um eignir í fjölbýli, 19 um sérbýli og fjórir samningar um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði.

„Heildarveltan var 3.434 milljónir króna og meðalupphæð á samning 34,3 milljónir,“ segir í frétt Þjóðskrár. **-óká**

# Ekki grætt fylgi á samstarfi við Framsóknarflokkinn

Rík krafa er um það innan Sjálfstæðisflokksins að menn fari í saumana á því hvers vegna fylgi flokksins minnkar. Umræðan um ESB og samstarf við Framsóknarflokkinn nefnt sem skýring á fylgistapi í könnunum.

**STJÓRNMÁL** Margir sjálfstæðismenn vilja að það verði rætt opinskátt innan flokksins hvers vegna fylgi hans fer minnkandi og hvers vegna hópur flokksfélaga íhugar að yfirgefa flokkinn.

„Það er alvarlegt mál þegar það liggur á borðinu að það er hópur góðra sjálfstæðismanna sem er að ræða það að stofna nýjan flokk,“ segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður sjálfstæðismanna. Hún segir að menn eigi ekki að vera feimnir við að ræða stöðu flokksins opinskátt og af hreinskilni.



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐS-DÓTTIR**

„Ég harma að mál séu komin í þennan farveg. Ég hef alltaf talið okkur stóran og opinn flokk þar sem rúm er fyrir alla,“ segir Ásmundur Friðriksson þingmaður.

Jón Ragnar Ríkharðsson, formaður verkalýðsráðs sjálfstæðismanna, segir að það séu óþarflega miklar deilur í flokknum. Menn gleymi því stundum að það sé nauðsynlegt að viðra ólíkar skoðanir.

Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður talar fyrir því að breyta umræðuhefðinni í flokknum. „Umræðan hefur breyst, hún er orðin persónulegri. Við eigum að ræða hlutina málefnalega og yfirvegað og sleppa því að tengja hana við persónur,“ segir Guðlaugur Þór og bætir við að Sjálfstæðisflokkurinn sé fjöldaflokkur, flokkur allra stétta og um margt ólíkra skoðana en sameiginleg grunngildi sameini flokksmenn.



**Ég held að flokkurinn sé ekki að græða mikið fylgi á að vera í samstarfi við Framsóknarflokkinn.**

*Magnús Júlíusson.*

Menn vilja jafnframt ræða hvort flokkurinn hafi fjarlægst sjálfstæðisstefnuna og grunngildi hennar. Einn viðmælenda blaðsins sagði að það væri ekki talað með nógu skýrum hætti fyrir sjálfstæðisstefnunni. Annar sagði að menn væru löngu búnir að gleyma slagorðinu stétt með stétt.

Magnús Júlíusson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, er á annarri skoðun. Hann telur að menn hafi ekki gleymt grunngildunum og bendir á að frá því að Sjálfstæðisflokkurinn kom til valda fyrir ári sé búið að lækka skatta á millitekjufólk og tryggingagjald á fyrirtæki og fleiri skattalækkanir séu í farvatninu.

Magnús segir þó að það geti haft áhrif á fylgi flokksins að þau mál sem voru mest í umræðunni í vetur, það er skuldaniðurfellingar, séu ekki í anda sjálfstæðismanna.

Þegar rætt er um deilur innan flokksins nefna flestir að ESB-málin hafi farið illa með flokkinn og klofið hann. Menn segja að umræðan hafi verið bæði harðvítug og persónuleg.

Þá halda sumir því fram að samstarfið við Framsóknarflokkinn hafi skaðað Sjálfstæðisflokkinn.



**OPNA UMRÆÐU** Margir sjálfstæðismenn vilja að flokksmenn setjist niður og ræði hvers vegna flokkurinn tapar fylgi í könnunum. Þá er kallað eftir breyttri umræðu og umburðarlyndi. FRÉTTABLAÐIÐ /GVA

„Ég held að flokkurinn sé ekki að græða mikið fylgi á að vera í samstarfi við Framsóknarflokkinn,“ segir Magnús.

Hann bætir við að þau mál sem hafi borið hæst í samstarfi við Framsókn séu ekki til þess fallin að auka fylgi flokksins. Magnús segist þess þó fullviss að um leið og almenningur fari að finna fyrir skattalækkunum á eigin skinni aukist fylgi flokksins.

Við vinnslu fréttarinnar var óskað eftir viðbrögðum Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur um ákallið um umræður um stöðu flokksins, en þau svöruðu ekki skilaboðum.



**Umræðan hefur breyst, hún er orðin persónulegri.**

*Guðlaugur Þór Þórðarson.*

**johanna@frettabladid.is**





Kringlunni
Sími 568 7777
heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | XX° | Friedrichshafen | XX° | New York | XX° |
| Aþena | XX° | Gautaborg | XX° | Orlando | XX° |
| Basel | XX° | Kaupmannahöfn | XX° | Ósló | XX° |
| Berlín | XX° | Las Palmas | XX° | París | XX° |
| Billund | XX° | London | XX° | San Francisco | XX° |
| Frankfurt | XX° | Mallorca | XX° | Stokkhólmur | XX° |

**Á MORGUN**
Hægviðri víðast hvar, hvassst syðst.




**FIMMTUDAGUR**
Hæg breytileg átt.




**BÚAST MÁ VIÐ HÆGLÆTISVEÐRI** næstu daga um allt land. Fremur léttskýjað, þá sér í lagi N-lands og úrkomulítið. Þó má búast við stöku skúrum V-lands í dag. Hiti 0-10 stig en næturfrost víða um land næstu daga.



**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is






# TAKTU SKREFIÐ

## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

**NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI**
**UMSÓKNARFRESTUR TIL 2. JÚNÍ**

### Á GRUNNSTIGI

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI
***STAÐNÁM - FJARNÁM***

VIÐURKENNDUR BÓKARI
***STAÐNÁM - FJARNÁM***

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA
***STAÐNÁM - FJARNÁM***

### Á FRAMHALDSSTIGI

FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ
***DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI***

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI
***DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI***

ÖLDRUNARFRÆÐI
***DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI***

### NÁMSLÍNUR ÁN EININGA

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

LEIÐTOGAHÆFNI - LEIÐ AÐ AUKINNI SJÁLFSÞEKKINGU OG ÁRANGURSRÍKRI STJÓRNUN
***UMSÓKNARFRESTUR TIL 8. SEPTEMBER***

FJÁRMÁL OG STÝRING VERKEFNA
***STAÐNÁM - FJARNÁM***
***UMSÓKNARFRESTUR TIL 8. SEPTEMBER***

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR: SÍMI 525 4444
ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða sjónvarpsþáttum er tónlistin sem Ólafur Arnalds hlaut BAFTA-verðlaunin fyrir?
**2.** Hver sigraði í hæfileikakeppninni Ísland Got Talent?
**3.** Hversu mikið hefur leiguverð hækkað að meðtali á ári á landinu?

**SVÖR:**

**1.** Broadchurch. **2.** Brynjar Dagur Albertsson. **3.** 8,2 prósent.

Formaður skipulagsnefndar Akureyrar segir jólapóstkassa fara illa í göngugötu en geta farið annað:

# Póstkassi jólasveina skyggir á búðarglugga

**SKIPULAGSMÁL** „Það vildi enginn hafa þetta," segir Helgi Snæbjarnarson, formaður skipulagsnefndar Akureyrar, um þá ákvörðun nefndarinnar að synja um leyfi fyrir áframhaldandi veru póstkassa jólasveinanna í göngugötu bæjarins.

Póstkassi jólasveinanna hefur verið í göngugötunni í eitt ár. Í hann geta menn sett kort sem þeir kaupa og fylla út með kveðjum og óskum til íslensku jólasveinanna. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær telur Guðmundur R. Lúðvíksson, sem rekur póstkassann, að rök skipulagsnefndar um slæmt ástand kassans standist ekki.

Helgi segir að ekki hafi verið auðvelt að finna póstkassanum stað og á endanum hafi hann verið settur niður við staur á miðri göngugötunni.

„Það eru búðargluggar alls staðar og menn vilja ekki hafa þetta við þá því þetta er stórt og mikið og skyggir á," útskýrir Helgi. „Þetta bara fer illa, finnst okkur, á þessum stað og það er næg ástæða til að hafna þessu. Það þarf bara að velja þessu einhvern annan stað eða finna þessu einhvern annan farveg ef menn vilja halda þessu áfram. Það er hægt að sækja um aftur og við finnum þá annan stað." **-gar**



**PÓSTKASSI JÓLASVEINANNA** Þyrnir í augum verslunareigenda segir formaður skipulagsnefndar Akureyrar.


## HÁTÍÐNIVIÐSKIPTI Á VERÐBRÉFAMARKAÐI



**Jim McTague**

**heldur fyrirlestur í Öskju, N-132**
**þriðjudaginn 29. apríl. kl.12-13:30**

Hann mun fjalla um forrituð viðskipti á verðbréfamörkuðum þar sem mannshöndin kemur hvergi nærri. Hvernig leiknum verðbréfamiðlurum tókst að gera verðbréfamarkaði að spilavítum án þess að eftirlitsaðilar gætu rönd við reist.

Jim Mc Tague hefur starfað við blaðamennsku frá 1972 og er nú ritstjóri fjármálaritsins BARON. Hann fjallar einkum um afskipti forsetans og þingsins í Bandaríkjunum af fjármálamarkaðnum.

**Aðgangur ókeypis, allir velkomnir!**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

AMIS
Amerísk-íslenska viðskiptaráðið

Samtök sparifjáreigenda


# Nýir eigendur taka við Þverholti ellefu

FÍ fasteignafélag hefur fest kaup á gamla DV-húsinu við Þverholt í Reykjavík. Líklegt kaupverð er á milli sjö og átta hundruð milljónir króna. Listaháskóli Íslands er með húsið á langtímaleigu. Leigutekjur FÍ og EBITDA aukast um 40% við kaupin.

**VIÐSKIPTI** Gengið hefur verið frá kaupum FÍ fasteignafélags slhf. á gamla DV-húsinu í Þverholti 11 í Reykjavík, að því er fram kemur í tilkynningu til Kauphallar. Listaháskóli Íslands er með húsið á leigu og er þar með aðalskrifstofu og kennslu í hönnun og arkitektúr.



**ÖRN V. KJARTANSSON**

Seljandi hússins er félagið Þ11 ehf. Kaupverð er ekki gefið upp, en samkvæmt heimildum blaðsins er það líklega ekki fjarri brunabótamati hússins sem hljóðar upp á rúmar 748 milljónir króna.

Í tilkynningu FÍ fasteignafélags slhf., sem er að stærstum hluta í eigu MP banka, kemur fram að með kaupunum aukist leigutekjur og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) hjá félaginu yfir 40 prósent á ársgrundvelli.

Örn V. Kjartansson, framkvæmdastjóri FÍ, segir félagið líta á Listaháskólann sem langtímaleigutaka til næstu átta til tíu ára, en skólinn er með langtímaleigusamning um húseignina. „Við erum með fjárfestingarstefnu þar sem við leitum að vel staðsettu atvinnuhúsnæði á miðsvæði borgarinnar og það uppfyllir eignin vel. Þá er þessi fasteign á mjög vaxandi svæði nálægt miðsvæðinu," segir Örn. Mikil uppbygging eigi sér stað allt í kring og verið að byggja fjölda íbúða. „Þarna er verið að breyta því sem eftir er af þessu elsta íbúðarhúsnæði í kring í íbúðir og svona til framtíðar litið þá teljum við að þetta sé staðsetning sem muni bara batna."

Húsið sjálft segir Örn líka bjóða upp á margvíslega möguleika. Þannig mætti síðar breyta því aftur til fyrri hugmynda um notkun. „Þessu var breytt 2006-2007 í það að vera bæði skrifstofur og mögulega íbúðarhúsnæði á tveimur efstu hæðunum. Sá möguleiki er fyrir hendi ef svo bæri undir og gerir fjárfestinguna álitlega."

Þ11 er samkvæmt gögnum lánstraust í jafnri eigu þriggja félaga: SV50 ehf., sem er í eigu Bjarka Brynjarssonar, 23 ára gamals fjárfestis; Glámu/Kíms ehf., sem er í eigu fimm eigenda Arkitekta Laugavegi 164 ehf.; og ANS ehf. sem er eignarhaldsfélag Ívars Þórs Þórissonar og Ólafs Steinars Haukssonar.
**olikr@frettabladid.is**



**ÞVERHOLT 11** Gamla DV-húsið, sem einnig hefur á síðustu árum verið nefnt Hanza-húsið og hýsir nú Listaháskóla Íslands, er 4.127 fermetra stórt steinsteypuhús. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## DV-HÚSIÐ HEFUR BREYST Í GEGN UM TÍÐINA

Þverholt 11 var byggt 1984 fyrir Frjálsa fjölmiðlun, sem þá var útgáfufyrirtæki DV, Vikunnar og Úrvals.
Hér til hliðar getur að líta forsíðu DV í nóvemberbyrjun 1985 þegar rifið var gamla húsið sem hýsti afgreiðslu DV og smáauglýsingar og byggingin fékk þá ásýnd sem hún hefur haldið að mestu til dagsins í dag, utan að hvítur litur hefur verið látinn víkja fyrir gráum og hæðum hefur fjölgað. DV var til húsa í Þverholti allt til ársins 2002, en síðan hefur húsið gengið kaupum og sölum nokkrum sinnum. Hanza-hópurinn réðst í breytingar á húsinu fyrir hrun og stofnaði félagið Þverholt 11 ehf. í kring um framkvæmdirnar.



DV

SÁ HANDTEKNI AÐEINS GRÍMA FYRIR STÓRLAXA

Leiðtogi Bræðralags múslima í Egyptalandi hlaut dauðadóm í gær:

# Hundruð voru dæmd til dauða

**EGYPTALAND** Egypskur dómari dæmdi í gærmorgun 683 stuðningsmenn Bræðralags múslima til dauða, þar á meðal Mohammed Badí, leiðtoga Bræðralagsins.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem þessi sami dómari, Saíd Jússef, dæmir hundruð manna til dauða á einu bretti. Þann 24. mars kvað hann upp hliðstæðan dauðadóm yfir 529 manns eftir skammvinn réttarhöld sem hafa verið gagnrýnd fyrir hroðvirknisleg vinnubrögð.

Þetta eru einir stórtækustu dauðadómar sögunnar, í það minnsta á síðari tímum. Mannréttindasamtökin Amnesty International segja úrskurð dómarans afkáralegan.

Einungis 77 þeirra, sem dæmdir voru til dauða í gær, voru viðstaddir dómsuppkvaðninguna. Hinir, sem ekki voru viðstaddir, eiga sjálfkrafa rétt á endurupptöku málsins.

Í gærmorgun gerði dómarinn sér einnig lítið fyrir og breytti 490 þeirra dauðadóma, sem hann kvað upp í mars, í ævilangt fangelsi, en staðfesti einungis 39 þeirra. **-gb**



**HARMI SLEGIN** Aðstandendur hinna dæmdu ráku upp ramakvein við tíðindin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic




Fæst hvítt eða silfurlitað!

39"

42"

## GLÆSILEG HÖNNUN

**Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+**

**Panasonic TXL39E6**

**119.990**

VERÐ ÁÐUR **149.990**

**Panasonic TXL42E6**

**129.990**

VERÐ ÁÐUR **169.990**

**Framúrskarandi myndgæði**
100Hz Backlight Blinking tryggir flöktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfinnanlega.

**Viera Connect WiFi snjallsjónvarp**
Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen" getur notandinn aðlagað að sínum þörfum hvað birtist á skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.

FULL HD 1920X1080 · 100Hz Back Light Blinking · my Home Screen · HIGH CONTRAST · SWIPE & SHARE · VIERA Connect · Wireless LAN · SLIM LED

AVForums HIGHLY RECOMMENDED AWARD · Trusted Reviews RECOMMENDED · HDTVtest HIGHLY RECOMMENDED · EDITORS' CHOICE MAR 2013 cnet

„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an atrractively slim design" cnet – Editors choice

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner Panasonic

Hernaðaraðstoð í Svíþjóð:

## Ósammála um NATO-samning

**SVÍÞJÓÐ** Innan sænska varnarmálaráðuneytisins er nú verið að undirbúa samkomulag við Atlantshafsbandalagið, NATO, sem auðvelda á möguleikann á hernaðarlegri aðstoð. Samkvæmt frétt á vef Dagens Nyheter greinir sænska stjórnmálamenn á um ýmis atriði málsins.

Í Finnlandi eru heitar umræður um tengslin við NATO. Undirbúningur samnings við NATO er sagður hafa farið fram án vitneskju finnskra þingmanna. **- ibs**

Framkvæmdastjórn ESB lofar kvótasetningu Íslendinga í makríl og segir hana vera ábyrga:

# ESB lofar ákvörðun um kvóta í makríl

**UTANRÍKISMÁL** Ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra um einhliða makrílkvóta fyrir komandi vertíð er lofuð af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Íslensk stjórnvöld eru eindregið hvött til að ganga inn í samkomulag ESB, Noregs og Færeyja og ljúka makríldeilunni þar með.

Ákvörðun Sigurðar Inga um heildarafla makríls árið 2014 var tilkynnt á þriðjudag og nemur tæplega 148.000 tonnum, eða 16,6% af ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknaráðsins(ICES) sem er tæp 890.000 tonn.

Helene Banner, talsmaður Maríu Damanaki, sjávarútvegsstjóra ESB, sendi tilkynningu í kjölfar kvótasetningarinnar og þar er ákvörðuninni lýst sem jákvæðu skrefi. „ESB hefur sagt frá upphafi að dyrnar séu Íslendingum opnar til að ganga inn í samninginn, og við gætum verið mjög nálægt lausn sem nær til allra strandríkjanna fjögurra; ESB, Færeyja, Noregs og Íslands. Við hvetjum því Ísland til að setjast sem allra fyrst að samningaborðinu með hinum strandríkjunum þremur svo hægt sé að ljúka samningi allra ríkjanna um makrílveiði,“ segir í tilkynningunni.

Hnykkt er á vonbrigðum ESB með að Ísland standi utan samkomulagsins. Eins að samningurinn, sem er til fimm ára, geri ráð fyrir aðkomu Íslands miðað við nákvæmlega þá hlutdeild í veiðinni sem Íslendingar ætla sér í sumar. **-shá**



**VERTÍÐ** Afli sumarsins verður áþekkur veiði undanfarinna ára, ef allt gengur eftir. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON




# Segja lánið hafa verið til hagsbóta

Ákærðu í Imon-málinu neituðu öll sök fyrir dómi í gær við upphaf aðalmeðferðar. Lánareglur Landsbanka Íslands voru rýmri en þær voru annars staðar.

**DÓMSMÁL** „Ég myndi taka þessa ákvörðun aftur ef ég væri í þessari aðstöðu,“ sagði Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, í skýrslutöku í Imon-málinu. Aðalmeðferð hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Sigurjón, Elín Sigfúsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður fyrirtækjasviðs, og Steinþór Gunnarsson, fyrrverandi forstöðumaður verðbréfamiðlunar bankans, eru ákærð fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun í tengslum við kaup félagsins Imon ehf., sem var í eigu Magnúsar Ármann, á rúmlega fjögurra prósenta hlut í bankanum fyrir rúmlega fimm milljarða króna með láni frá Landsbankanum þann 3. október 2008, þremur dögum fyrir fall bankans. Einnig er ákært fyrir 3,8 milljarða lánveitingu bankans til félags að nafni Azalea Resources í eigu Finnans Ari Salmivouri, viðskiptafélaga Björgólfs Thors Björgólfssonar, hinn sama dag.

Sigurjón fór mikinn í umfjöllun sinni og svörum um málið. Hann sagði lánareglur Landsbanka Íslands hafa verið aðrar og rýmri en hjá öðrum bönkum. Þau hefðu haft mjög rúmar heimildir til lánveitinga eins og þeirra sem málið snýst um. Hann hefði aldrei verið í sambandi við Magnús Ármann í tengslum við lánveitinguna og hann hefði talið hana til hagsbóta fyrir bankann. Sigurjón, ásamt hinum ákærðu, neitaði því að hafa brotið bæði lög og reglur bankans.

Steinþór og Elín gáfu einnig skýrslur fyrir dómnum í gær. Steinþór sagði sína aðkomu aðeins hafa verið þá að taka við upplýsingum um kaupin, útbúa skjöl þess efnis og tilkynna þau til Kauphallarinnar. Hann hafi ekki haft neina vitneskju um fjármögnun viðskiptanna og honum hafi verið óheimilt, sem verðbréfamiðlara, að grennslast fyrir um slíkt. „Ég hafði enga hagsmuni af því að fabrikera þessi viðskipti í Kauphöllina,“ sagði Steinþór í gær, en sérstakur saksóknari hefur haldið því fram að aðeins hafi verið um sýndarviðskipti að ræða.

Elín sagði í sínum vitnisburði Imon-lánveitinguna hafa verið sambærilega við hundruð annarra sem framkvæmdar voru í bankanum, athugasemdalaust í hvert sinn.

Öll þrjú gagnrýndu þau rannsóknaraðferðir sérstaks saksóknara harðlega og þá sér í lagi hversu langan tíma rannsóknin hafi tekið. Aðalmeðferðin heldur áfram með skýrslutöku á yfir 20 vitnum. **fanney@frettabladid.is**



**DEILT FYRIR DÓMI** Sigurjón Þ. Árnason, einn ákærðu í Imon-málinu, segir ekkert benda til þess að hann hafi gerst sekur um markaðsmisnotkun og umboðssvik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Skipulagsbreytingar hjá fyrirtækinu Deloitte:

# Sautján sagt upp

**SKIPULAGSMÁL** Endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækið Deloitte hefur boðað skipulagsbreytingar innan fyrirtækisins og í kjölfarið munu sautján starfsmenn missa vinnuna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Deloitte.

„Töluverðar breytingar hafa orðið á starfsemi endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækja að undanförnu og samkeppni,“ segir í tilkynningunni. „Til að aðlagast breyttum aðstæðum hefur Deloitte gripið til skipulagsbreytinga sem eru nauðsynlegar til að hagræða í rekstri og styrkja markaðslega stöðu fyrirtækisins. Skipulagsbreytingunum, sem meðal annars felast í sameiningu sviða fyrirtækisins, fylgja óhjákvæmilega breytingar sem leiða til fækkunar starfsmanna.“

Alls starfa um 190 manns hjá fyrirtækinu en fækkar nú um sautján og segir í tilkynningunni að þeim verði veitt aðstoð við að finna ný störf. **-hva**



**UPPSASGNIR** Alls starfa um 190 hjá fyrirtækinu en fækkar nú um sautján. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# Drauma dagar

– dagar þegar sjónvarpsdraumurinn rætist

SAMSUNG

## Tækifærisverð í sinni tærustu mynd.

Við gerum okkur dagamun þessa dagana og bjóðum draumasjónvörpin frá Samsung á sannkölluðu tækifærisverði.
Líttu við hjá okkur og kynntu þér sjónvarpstæki í sinni tærustu mynd.

*Bjóðum **30% afslátt** af völdum Samsung **heimabíóstæðum** á Draumadögum.*

SJÁ NÁNAR Á:
www.samsungsetrid.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 I SÍMI 530 2900

ORMSSON

| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 |
|---|---|---|---|
| ORMSSON PAN-NESKAUPST SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | |




UE46F5005AK

ÁÐUR: 189.900,-

**NÚ: 159.900,-**

VERÐLÆKKUN **30.000,-**

LED I Clear Motion Rate: 100 Hz I Upplausn: 1920x1080p / FULL HD I Mega skerpa I USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist I Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2 I Tengingar: 2xHDMI, 1xUSB, 1xScart, Komponent, Komposit I Heyrnartól




UE50F5005AK

ÁÐUR: 249.900,-

**NÚ: 199.900,-**

VERÐLÆKKUN **50.000,-**

LED I Clear Motion Rate: 100 Hz I Upplausn: 1920x1080p / FULL HD I Mega skerpa I USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist I Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2 I Tengingar: 2xHDMI, 1xUSB, 1xScart, Komponent, Komposit I Heyrnartól




UE46F6675

ÁÐUR: 299.900,-

**NÚ: 269.900,-**

VERÐLÆKKUN **30.000,-**

LED I Clear Motion Rate: 600 Hz I Upplausn:1920x1080p FULL HD I Skjár: Clear I Skerpa: Mega I AllShare I USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist I Upptöku möguleiki I Netvafri I Social TV I Sjónvarps-móttakari: Digital, analog og gervihnatta I Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1xScart, Komponen I Komposit, LAN I Heyrnartól




UE60F6105

ÁÐUR: 469.900,-

**NÚ: 349.900,-**

VERÐLÆKKUN **120.000,-**

LED I Clear Motion Rate: 200 Hz I Upplausn: 1920x1080p / FULL HD I Mega skerpa I USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist I Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2 I Tengingar: 2xHDMI, 1xUSB, 1xScart, Komponent, Komposit I Heyrnartól




EISA AWARD Best Product 2013-2014 SMART TV Samsung UE55F8000

UE55F8005

ÁÐUR: 599.900,-

**NÚ: 539.900,-**

VERÐLÆKKUN **60.000,-**

*Glæsilegt verðlaunatæki*

LED I Nýjasti 1000 riða (CMR) Samsung skjárinn er í öllum 8000 tækjunum.
Til í stærðum: 40"/46"/55"/65"/75"

Stór netöryggisæfing hefst:

# Líkja eftir óróa í allri Evrópu

**ÖRYGGISMÁL** Líkt verður eftir óróa og pólitísku hættuástandi sem nær til allrar Evrópu og raskar þjónustu við milljónir Evrópubúa í samevrópskri netöryggisæfingu sem hófst í gær.

Netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar kemur að skipulagningu og framkvæmd æfingarinnar fyrir Íslands hönd. Ísland tók þátt í svipaðri æfingu árið 2012, en mun fleiri fyrirtæki og stofnanir á Íslandi taka þátt í ár, segir, hópstjóri CERT-ÍS. -bj

Nýskráningar fyrirtækja síðustu 12 mánuði níu prósent fleiri en í fyrra:

# Gjaldþrot fimmtungi færri í mars

**EFNAHAGSMÁL** Nýskráningum einkahlutafélaga síðustu tólf mánuði (apríl 2013 til mars 2014) fjölgaði um níu prósent, borið saman við mánuðina tólf þar á undan.

Í tölum Hagstofunnar kemur fram að fram í mars 2014 hafi 1.942 félög verið nýskráð, flest í fjármála- og vátryggingarstarfsemi, eða 325. Sé hins vegar einungis horft til marsmánaðar kemur í ljós að nýskráningar í síðasta mánuði og í mars í fyrra voru jafnmargar, eða 170.

Þá kemur fram í gögnum Hagstofunnar að heldur dragi úr gjaldþrotum fyrirtækja milli ára. Sé einvörðungu horft til marsmánaða á þessu ári og í fyrra nemur samdrátturinn 20 prósentum, 68 gjaldþrot í ár, en 85 í fyrra.

Síðustu 12 mánuði hafa gjaldþrot hins vegar dregist saman um sex prósent.

Frá apríl í fyrra til mars á þessu ári voru 926 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta, 186 í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. -óká

### → Skráningar og gjaldþrot

*Gjaldþrot*

| Tímabil | Fjöldi |
|---|---|
| Apríl 2013 - mars 2014 | 926 |
| Apríl 2012 -mars 2013 | 984 |
| Breyting | -6% |

*Nýskráningar ehf. og hf.*

| Tímabil | Fjöldi |
|---|---|
| Apríl 2013 - mars 2014 | 1.942 |
| Apríl 2012 -mars 2013 | 1.789 |
| Breyting | +9% |

Fyrirspurn Kristjáns Möller:

# Ný jarðgöng til Siglufjarðar?

**SAMGÖNGUR** Kristján L. Möller hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi um ný göng á norðanverðum Tröllaskaga, frá Siglufirði til Fljóta í Skagafirði. Hann vill vita hvaða leið er talin heppilegust og hver kostnaðurinn sé.

Af ellefu göngum á Íslandi eru fjögur á norðanverðum Tröllaskaga, eða Múlagöng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, tvenn á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og Strákagöng sem tengja Siglufjörð og Skagafjörð. - sa






**VOPNAÐIR OG GRÍMUKLÆDDIR** Aðskilnaðarsinnar í borginni Kostjantínivka standa vörð um ráðhúsið, sem þeir hafa náð á sitt vald. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skotárás á borgarstjóra

Borgarstjóri næststærstu borgar Úkraínu særðist lífshættulega í gær eftir skotárás. Vegna afstöðu sinnar gat hann hafa skapað sér óvild meðal beggja fylkinga.

**ÚKRAÍNA** Hennadí Kernes, borgarstjóri í Kharkív í austanverðri Úkraínu, varð fyrir skoti í bakið í gærmorgun þar sem hann var á hjóli sínu á leið til vinnu. Hann var fluttur á sjúkrahús og sagður í lífshættu.

Kernes var eindreginn stuðningsmaður Viktors Janúkovítsj forseta, sem hrökklaðist frá völdum í vetur. Hann var því harður andstæðingur uppreisnarmanna á Maidantorgi í Kænugarði, sem kröfðust afsagnar Janúkovítsj eftir að hann hætti við að gera samstarfssamning við Evrópusambandið í nóvember síðastliðnum.

Hann hefur hins vegar ekki stutt aðskilnaðarsinna, sem hafa gert uppreisn í austanverðu landinu, heldur vill hann halda Úkraínu óskiptri áfram og styður stjórnina í Kænugarði.

Ekki var orðið ljóst seint í gær hverjir stóðu að verki, en Kernes gæti átt andstæðinga bæði meðal aðskilnaðarsinna sem vilja sameinast Rússlandi og einingarsinna sem vilja ekki að Úkraína liðist í sundur.

Kharkív er næststærsta borg landsins. Aðskilnaðarsinnar hafa verið með stjórnsýslubyggingar í borginni á sínu valdi undanfarið, rétt eins og í fleiri borgum í austanverðu landinu. Síðan á föstudag



**HENNADÍ KERNES** Borgastjórinn í Kharkív, sem særðist lífshættulega eftir skotárás í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hafa aðskilnaðarsinnar einnig haft hóp erlendra eftirlitsmanna frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, á sínu valdi. Þeir saka eftirlitsmennina um njósnir á vegum NATO.

Einn þeirra var látinn laus í gær, en hinir sjö eru enn í haldi uppreisnarmanna.

Steffen Seibert, talsmaður Angelu Merkel Þýskalandskanslara, fordæmdi gíslatökuna harðlega og hvatti Rússa til að grípa nú til sinna ráða til að fá mennina látna lausa. Jafnframt skorar hann á Rússa að tala hreint út um að þeir styðji ekki þessa gíslatöku.

Pútín hafði engu ansað þessu í gær. gudsteinn@frettabladid.is

## Refsiaðgerðir ESB og Bandaríkja hertar

Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin munu herða refsiaðgerðir sínar gagnvart rússneskum ráðamönnum vegna framkomu Rússa í garð Úkraínu.

Evrópusambandið hefur ákveðið að 15 rússneskum embættismönnum verði bætt við lista yfir þá ráðamenn, sem refsiaðgerðirnar beinast gegn. Þeim verður, eins og þeim 33 sem fyrir eru á listanum, bannað að ferðast til aðildarríkja Evrópusambandsins og einnig yrðu hugsanlegar eignir þeirra í fjármálastofnunum aðildarríkjanna frystar.

Það voru fastafulltrúar aðildarríkjanna hjá ESB sem tóku þessa ákvörðun á fundi sínum í gær, samkvæmt heimildum AP-fréttastofunnar. Mögulegt er að fleiri nöfnum verði bætt við listann.

Fyrr um daginn höfðu Bandaríkin skýrt frá því að sjö rússneskum embættismönnum og sautján fyrirtækjum, sem öll hafa tengsl við Vladímír Pútín forseta, yrði bætt á lista þeirra sem refsiaðgerðir Bandaríkjanna beinast að.

GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2014

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 30. apríl kl. 17.00.

**Dagskrá fundarins:**

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og eru birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Reykjavík 4. apríl 2014,

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

# Veiðimaður hafnar kæru frá þjóðgarði

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum kærði rangan mann vegna dráps á urriða. Maðurinn sem veiddi fiskinn segist hafa keypt leyfi á Kárastöðum og hafnar því að þjóðgarðurinn geti sett veiðireglur fyrir landi jarðarinnar. Gott verði að skera úr um málið.

**LÖGREGLUMÁL** Einar S. Ólafsson, sem kærður hefur verið af þjóðgarðinum á Þingvöllum fyrir að veiða án leyfis og drepa urriða úr vatninu, segist hafa verið í fullum rétti við veiðarnar. Rangur maður var kærður í fyrstu.

Einar segist hafa verið með veiðileyfi frá ábúandanum á Kárastöðum og veitt fyrir landi hans eins og hann hafi margoft gert á undanförnum áratugum. Hann hafi verið með gúmmíbát og veitt vel á spún núna um páskana. Fyrir landi þjóðgarðsins er hins vegar aðeins veitt á flugu fram til 1. júní og skylt er að sleppa öllum urriða.

„Þjóðgarðurinn var stækkaður fyrir nokkrum árum en það er alveg klárt að þótt þjóðgarður sé stækkaður ganga menn aldrei á eignar- eða hlunnindarétt lögbýla. Þú stækkar ekki þjóðgarð inn í stofu til einhvers fólks,“ segir Einar og vísar í lög.

„Þjóðgarðurinn getur sett reglur fyrir sínu landi, það er innan svokallaðra netalaga sem eru 110 metrar frá landi. Utan við það er almenningur sem allir, sem hafa á annað borð leyfi til veiða í vatninu, mega óskilyrt veiða í.“

Einar segir að í kærunni á hendur sér komi fram að Þingvallanefnd dragi í efa rétt Kárastaða til veiðileyfasölu. Um mjög mikla hagsmuni sé fyrir ábúandann að ræða og lögmenn þeirra muni vinna saman að málinu. „Nú er málið komið í lögformlegan farveg og það er í sjálfu sér gott og ég fagna því,“ segir Einar, sem kveðst hafa orðið fyrir miklu aðkasti eftir að hann birti mynd af sér með veiðina á Facebook.

„Maður er lentur inni á altari í sértrúarsöfnuði og þar brenn ég núna. Það er eins og ég hafi farið á Þingvöll og drepið menn en ekki veitt urriða og borðað hann með vinum mínum. Þessir urriðaverndarmenn eru sannfærðir um að það eigi að veiða þessa fiska og sleppa þeim; að það megi ekki taka úr stofninum. Þetta er náttúrlega eins og hver annar kjánagangur,“ segir Einar sem ítrekar að urriðastofnar í vatninu séu í uppsveiflu.


**EINAR S. ÓLAFSSON** Þessi ljósmynd af Einari olli miklu fjaðrafoki á spjallrásum stangveiðimanna. MYND/AÐSEND

Nafni og jafnaldri Einars S. Ólafssonar, Einar Ólafsson, var reyndar fyrir vangá fyrst kærður í málinu. „Þetta lið á Þingvöllum kærði vitlausan mann. Það er alveg fáránlegt. Síðan hringdi lögfræðingur þjóðgarðsins og baðst afsökunar,“ segir Einar Ólafsson.

gar@frettabladid.is


ÍSLENSKI LÍFEYRISSJÓÐURINN

## Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 21. maí 2014 kl. 17:00 í Aðalútibúi Landsbankans, Austurstræti 11.

**Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt til setu á ársfundinum.**

**Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.**

Tillögur um breytingar á samþykktum þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti viku fyrir ársfund. Framboðum aðalmanna til stjórnar skal skila inn til stjórnar viku fyrir ársfund. Tillögur og framboð skulu berast til stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins, Austurstræti 11, 101 Reykjavík. Tillögur að breytingum á samþykktum og framboð til stjórnar verða birt á vefsvæði sjóðsins, islenskilif.is.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn. Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði sjóðsins islenskilif.is eða hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040.






**Subaru Outback 2.0l BOXER dísil, sjálfskiptur**
Verð: 6.890.000 kr.

Ný LINEARTRONIC stiglaus sjálfskipting með þrepastillingum í stýri og leðurklædd rafdrifin sæti.

**6,3 l / 100 km**
í blönduðum akstri

**SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT**

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERÐU ÖRUGG BÍLAKAUP – KAUPTU SUBARU!

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar** Reykjanesbæ www.bilahusid.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

Meirihluti í könnun segist vilja flugvöll í Vatnsmýri:

# Eins flugvöllur eða enginn flugvöllur?

Um helgina var sagt frá niðurstöðum skoðanakönnunar sem gerð var fyrir samtökin Hjartað í Vatnsmýri, en þau berjast fyrir því að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram á sama stað. Spurt var: „Vilt þú að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík?“. Rúmlega 71 prósent íbúa í Reykjavík sagði já. Meirihluti stuðningsmanna allra flokka í borginni nema Bjartrar framtíðar og Pírata svaraði spurningunni játandi.

Þessi niðurstaða sýnir fram á góðan árangur í baráttu samtakanna fyrir því að telja fólki trú um að það séu bara tveir kostir í boði varðandi flugvöll í Reykjavík; jafnstór flugvöllur á sama stað og undanfarin 64 ár eða bara enginn flugvöllur.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Það eru samt alls ekki einu kostirnir. Þeir sem liggja í þessum skotgröfum og segja að valið standi um Vatnsmýrarflugvöll eða engan flugvöll gera ekkert með það ferli sem málið hefur verið sett í af hálfu ríkis og borgar.

Í október síðastliðnum gerðu Reykjavíkurborg og ríkið samkomulag um að flugvöllurinn yrði áfram í Vatnsmýrinni til ársins 2022, sem þýðir að hann fer ekkert á næsta kjörtímabili borgarstjórnar. Tímann á að nýta með því að starfshópur undir forystu Rögnu Árnadóttur kanni aðrar staðsetningar fyrir flugvöll á höfuðborgarsvæðinu. Kalla á til erlenda sérfræðinga, kanna kosti og áhrifaþætti sem áður hafa ekki komið til skoðunar og hafa samráð við hagsmunaaðila.

Niðurstaðan úr þessari vinnu á að liggja fyrir seint á þessu ári. Sjálfstæðismenn í borgarstjórn hafa lagt til að Reykvíkingum verði gefinn kostur á að kjósa um þá kosti sem þá liggja fyrir. Það er skynsamleg tillaga og ætti að tryggja að meirihlutavilji í málinu verði virtur – og að borgarbúar taki ákvörðun byggða á beztu upplýsingum um mismunandi kosti.

Þetta þýðir að staðsetning flugvallarins er ekki raunverulegt kosningamál í kosningunum sem framundan eru, nema auðvitað að menn vilji gefa sér fyrirfram að vinna starfshópsins skili engu og þetta snúist annaðhvort um að „verja flugvöllinn í Vatnsmýri“ eins og framsóknarmenn í borginni hafa orðað það, eða flytja innanlandsflugið til Keflavíkur, eins og sumir framsóknarmenn í borginni vildu áður, en vilja ekki lengur.

En slíkt er einfaldlega ekki ábyrgur málflutningur. Það eru góð rök fyrir því að miðstöð innanlandsflugs sé á höfuðborgarsvæðinu, út frá samgönguhagsmunum landsbyggðarinnar, efnahagslegum hagsmunum höfuðborgarinnar og vegna öryggissjónarmiða. Það eru líka veigamikil rök fyrir að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni. Hann er risavaxin hindrun í vegi eðlilegrar þróunar borgarinnar, stöðugt flug yfir íbúðahverfi er ógn við ró og öryggi borgarbúa og völlurinn getur í raun ekki uppfyllt ýtrustu öryggiskröfur vegna þess hvað hann er aðþrengdur á alla kanta. Önnur flugvallarstæði hljóta einfaldlega að vera til – eða hvað hefði brezka hernámsliðið gert árið 1940 ef svo hefði viljað til að það hefði verið búið að byggja í Vatnsmýrinni?

Æskilegasta lendingin í málinu er þess vegna að finna flugvelli annan stað á höfuðborgarsvæðinu. Með sölu eftirsóttasta byggingarlands borgarinnar í Vatnsmýri mætti fjármagna flottan flugvöll sem uppfyllti allar öryggiskröfur. Hvers vegna sumir stjórnmálamenn og hagsmunaaðilar sjá sér hag í að útiloka fyrirfram að slík lausn geti fundizt er í raun ráðgáta.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

„ÉG MÆTI - EN ÞÚ?“
1. maí

„Ég mæti vegna þess að lífeyrismálin skipta máli. **Sjáumst í 1. maí göngunni.**“
Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands.
SAMFÉLAG FYRIR ALLA!
MÆTUM Í KRÖFUGÖNGUNA OG Á 1. MAÍ HÁTÍÐARHÖLDIN
– BYGGJUM SAMAN BETRA SAMFÉLAG FYRIR OKKUR ÖLL!

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lagasetning á verkfall

Margir bjuggust við að spurt yrði um málefni flugvallarstarfsmanna sem eru á leið í verkfall í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi í gær. Það brá hins vegar svo við að enginn þingmaður sá ástæðu til að krefja innanríkisráðherra svara um hvort lög verði sett til að binda enda á verkfall, verði af því á annað borð. Verkfall myndi lama samgöngur til og frá landinu og því miklir hagsmunir í húfi. Talsmenn ferðaþjónustunnar og Samtaka atvinnulífsins segjast ekki vera að biðja um lagasetningu en þeir eru hins vegar mjög iðnir við að benda á að þjóðarbúið myndi tapa að minnsta kosti einum milljarði á dag ef flugvallarstarfsmenn fara í verkfall.



### Aukin samskipti við Kambódíumenn

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur oft talað fyrir því að íslendingar eigi samskipti við sem flestar þjóðir á sem flestum sviðum. Í gær var undirritaður loftferðasamningur við Kambódíu í utanríkisráðuneytinu. Af því tilefni var send út tilkynning til allra helstu fjölmiðla. Í henni kom meðal annars fram að stöðugt vaxandi umsvif íslenskra flugrekenda hafi kallað á aukna áherslu á opnun nýrra markaða með gerð tvíhliða loftferðasamninga. Samskipti Íslendinga og Kambódíumanna hafa ekki verið ýkja mikil til þessa. Það verður því fróðlegt að fylgjast með því hvort samskipti þjóðanna aukist á næstu mánuðum í kjölfar samningsins.



### Oddvitinn kynntur

Spennan eykst í herbúðum framsóknarmanna. Í kvöld kemur í ljós hver leiðir lista þeirra í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Margir veðja á Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur, formann Landssambands framsóknarkvenna. Hún hefur lýst því yfir að hún sé reiðubúin að leiða listann. Önnur kona vildi líka taka fyrsta sætið. Það var Guðrún Bryndís Karlsdóttir en hún skipaði annað sætið á upphaflega listanum sem Óskar Bergsson leiddi. Framsóknarmenn höfnuðu því boði. En það verður hins vegar ekki annað sagt en konur sækist eftir áhrifum í flokknum.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sjávarútvegur hverra?

SJÁVARÚTVEGUR



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Fjölbreytileiki sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi er mikill. Starfandi eru um tuttugu stór og öflug fyrirtæki, jafnvel samþætt í veiðum og vinnslu, sem mynda burðarás íslensks sjávarútvegs og útflutningstekna þjóðarinnar.

Þau eru víðs vegar um landið, skapa atvinnu og eru þjóðhagslega mjög mikilvæg. Rekstur þeirra gengur misjafnlega en mörgum hefur gengið afar vel undanfarin ár. En í umræðu um þessi stóru og stöndugu fyrirtæki gleymist oft að á Íslandi eru um 600 smærri sjávarútvegsfyrirtæki. Þau eru einnig þjóðhagslega mikilvæg, þótt með öðrum hætti sé. Þau gegna mikilvægu hlutverki með tilliti til byggða og fjölbreytts útgerðarmynsturs. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá eru víða um land sveitarfélög sem nánast byggjast á þessum smáu fyrirtækjum og störfum þeim tengdum.

Umræðan um gjaldtöku og tekjur ríkissjóðs snýst ekki eingöngu um krónur og aura, heldur einnig hvernig byggð víða um land reiðir af. Ríkisstjórnin mun standa með fjölbreyttum sjávarútvegi.

Stærsti gallinn við álagningu veiðigjalda í dag er sá að þau eru meðaltalsgjöld sem leggjast jafn þungt á öll

**➜ En í umræðu um þessi stóru og stöndugu fyrirtæki gleymist oft að á Íslandi eru um 600 smærri sjávarútvegsfyrirtæki. Þau eru einnig þjóðhagslega mikilvæg, þótt með öðrum hætti sé. Þau gegna mikilvægu hlutverki með tilliti til byggða og fjölbreytts útgerðarmynsturs.**

fyrirtæki, óháð rekstrarformi. Leiðin til framtíðar byggist annars vegar á aðgangsgjaldi sem öll fyrirtæki með aflaheimildir greiða, gjaldi sem er aðgangsgjald að auðlindinni og tekur eingöngu til veiða. Hins vegar á sérstökum tekjuskatti sem miðast við hagnað einstakra fyrirtækja, hagnað sem ætla má að komi til vegna forgangsstækifæra fyrirtækjanna til aðgangs að auðlindinni og jafnvel vegna samþættrar starfsemi. Til framtíðar geta gjöld af sjávarútvegi ekki tekið mið af ríkisfjármálaáætlunum, áætlanir ríkisins þurfa að gera ráð fyrir sveiflum í tekjum af auðlindinni. Við viljum tryggja tekjur af sjávarútvegi til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ríkisstyrktar standpínur



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Hvers konar fyrirsögn er nú þetta? kynni einhver að hugsa og halda að ég sé eitthvað að grínast, en mér er fúlasta alvara. Ég ætla að halda á lofti umræðu sem hefur ekki verið mjög opinber og lýtur að mismunun kynjanna og því sem ég vil kalla tvískinnung kerfisins. Ristruflanir eru líklega einn afar fárra sjúkdóma ef ekki sá eini sem ekki fær náð fyrir augum Sjúkratrygginga Íslands með tilliti til greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði.

Hvaða máli skiptir það? kann einhver að spyrja, eru þetta ekki bara allt eldri karlmenn sem eru hvort sem er hættir að stunda kynlíf og hafa engan áhuga á því lengur, ekki frekar en konurnar þeirra? Sá sem heldur slíku fram veður í villu. Við skulum velta fyrir okkur skilgreiningunni á ristruflun, en hún er vangeta viðkomandi til að fá eða viðhalda nægilegri stinningu sem nauðsynleg er til fullnægjandi samfara.

Er það sjúkdómur? Já, samkvæmt alþjóðlegu skilgreiningarkerfi um sjúkdóma, ICD-10, sem notað er um allan heim, fær hann kóðann F52.2 eða N48.8 allt eftir því hvort hann er af andlegum toga eða líkamlegum. Hann er semsé jafn merkilegur í bókinni og I25.9, en það er kransæðasjúkdómur, sem hingað til hefur verið talinn býsna mikilvægur og gefur óumdeilдан rétt til þess að ríkið komi að með fjárstyrk til kaupa á meðulum. Til gamans má geta að konur eiga líka sinn greiningarkóða um sjúkdóm á sviði vanvirkni í kynlífi, en það er efni í aðra grein.

### Góður árangur af meðferð

Það er áhugavert í þessu samhengi að tíðni ristruflana hefur verið metin hér á Íslandi í rannsókn sem var birt fyrir nokkru í Læknablaðinu, en þar kom fram að 35,5% karla á aldursbilinu 45-75 ára höfðu fundið fyrir slíku. Eldri karlmenn voru líklegri en þeir yngri til þess að upplifa slíka truflun eða í kringum 62%. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við það sem sést erlendis.

Það sem kemur ennfremur í ljós er að einungis fjórðungur allra hafði fengið meðferð, en allt að 85% þeirra sem slíkt fengu sögðu árangurinn góðan eða frekar góðan. Til að uppræta svo ofangreinda mýtu um áhugaleysi þeirra eldri og vanvirkni voru yfir 60% sem stunduðu kynlíf einu sinni í mánuði eða oftar, þeir sögðu kynlíf skipta þá miklu máli og að áhuginn hefði síður en svo dofnað með aldrinum.

> Eldri karlmenn voru líklegri en þeir yngri til þess að upplifa slíka truflun eða í kringum 62%. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við það sem sést erlendis.

Ljóst er að margir áhættuþættir liggja til grundvallar þess að fá ristruflun. Reykingar, sykursýki, hátt kólesteról, offita, kvíði og þunglyndi. Þetta eru þeir sömu og fyrir hjarta- og æðasjúkdóma og nánast alla aðra sjúkdóma svo því sé haldið til haga. Ýmsir aðrir sjúkdómar, krabbamein og meðferð þeirra hafa áhrif auk streitu og álags. Hollt mataræði, kjörþyngd og reglubundin hreyfing eru töfraorðin, líka til þess að viðhalda reisn.

### Mismunun

En víkjum þá að meintu misrétti varðandi greiðsluþátttökuna. Sjúklingar sem eru með skilgreindan og viðurkenndan sjúkdóm fá alla jafna greiðsluþátttöku í sínum lyfjakostnaði vegna lyfseðilsskyldra lyfja. Nokkrar undantekningar eru þó á því: ákveðin verkjalyf, róandi lyf, svefnlyf, sérlyf þar sem til eru samheitalyf í dag og svo sýklalyf eru stærstu flokkarnir. Það er þó svo að í öllum þessum tilvikum og sérstaklega ef sýnt þykir að meðferð sé nauðsynleg, er hægt að sækja um lyfjaskírteini og þar með greiðsluþátttöku fyrir sjúklinginn, NEMA fyrir standpínupillurnar!

Það má vera öllum ljóst að það eru margvíslegar ástæður sem liggja að baki vanda hvers og eins, meðalið er hins vegar skrifað út samkvæmt ábendingu líkt og gildir um önnur lyf. Ef ábendingin er til staðar er ekki gerður greinarmunur á því þegar skrifað er út geðlyf hvort orsökin er líkamleg, andleg eða jafnvel félagsleg þegar kemur að greiðsluþátttöku. Það er mismunun að viðhafa slíkt. Þessu er auðvelt að breyta og skora ég á hæstvirtan heilbrigðisráðherra að láta kippa þessu í liðinn. Þessi eina aðgerð myndi vafalítið kaupa fleiri atkvæði bæði karla og kvenna en nokkur önnur þar sem hvatir og frumþarfir manna og kvenna eru lykilatriði í lífi þeirra. Kristján, ég veit að þú munt standa þig!

# „Ó, að það væri ennþá skott, aftan á rassi vorum“*



SAMFÉLAG
Kristín Elfa Guðnadóttir
mannfræðinemi

Við erum nú meiri apakettirnir.

Getur verið að við höfum ekki áhuga á að tala um annað en daglegu smáhneykslin og smásigrana? Mér finnst fara lítið fyrir samræðu um „stóru málin“. Hvernig væri að ræða um þau? Til dæmis yfirvofandi næsta hrun? Fátækt? Loftslagsbreytingar? Hernaðarátök? Lyfja- og olíurisa?

Og síðast en ekki síst heldur best: Máttinn til að breyta þessum hörmungum öllum saman í framtíð og velferð? Sá máttur heitir samtakamáttur.

Hvað finnst ykkur, ættum við ekki að leita lausna? Breyta um lífsstíl og vinna meira saman? Kenna okkur sjálfum og krökkunum að daður við dægurvinsældir og dótarí gerir okkur að vitrænum, andlegum og tilfinningalegum aumingjum?

Það er mannlegt að kjafta saman. Samfélög eru byggð upp á kjaftæði. En þurfum við endilega að kjafta svona óskaplega mikið um ekki neitt?

Til þess að lifa af komandi hremmingar þurfum við hjartahlýju og gott siðferði, nægjusemi og útsjónarsemi, dugnað, virkni, hugvit og æðruleysi.

Það er ekki alveg að virka að vera apakettir á 21. öldinni. Að minnsta kosti ekki þessi hárlitla og skottlausa tegund sem snýst í kringum sjálfa sig eins og enginn sé morgundagurinn.

*Vísubrot, ef til vill rangt munað.



# Fyrir sumarhús, hótel & heimili

Institut Bauen und Umwelt e.V.

**KRONOTEX** er einn stærsti framleiðandinn í Evrópu á harðparketi og framleiðir yfir 60 milljón fermetra á ári. Kronotex harðparketið er með 25-30 ára ábyrgð, örugg þýsk gæði.

Birgisson ehf. býður 30 tegundir af planka harðparketi af lager, 8, 10 og 12 mm þykkt. Einnig getum við sérpantað yfir 100 aðrar tegundir frá Kronotex. Planka harðparketið frá Kronotex hefur reynst vel við íslenskar aðstæður, um það vitnar fjöldi ánægðra viðskiptavina.




**D-4176 Avance eik rustik**
Gæðaflokkur AC4
8 mm þykkt.
25 ára ábyrgð.
Borða stærð 1380x193 mm með V-nót.
**Verð:1.990 kr. $m^2$**




**R-1002 Loft eik ljós**
Gæðaflookur AC5
10 mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380 x 193mm með V-nót.
**Verð: 3.690 kr. $m^2$**




**R-1003 Loft eik grá**
Gæðaflokkur AC5
10mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x193 mm með V-nót.
**Verð: 3.690 kr. $m^2$**




**D-3081 Everest eik ljós**
Gæðaflokkur AC5
12 mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1845x188 mm með V-nót.
**Verð: 5.490. kr. $m^2$**




**R-1005 Loft eik natur**
Gæðaflokkur AC5
10 mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x193 mm með V-nót.
**Verð: 3.690 kr. $m^2$**




**R-1006 Loft eik rustik**
Gæðaflokkur AC5
10 mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x193 mm með V-nót.
**Verð: 3.690 kr. $m^2$**




**D-3570 Exquisit Harbour eik**
Gæðaflokkur AC4
8 mm þykkt.
25 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x244 mm með V-nót.
**Verð: 2.990 kr. $m^2$**




**D-3572 Exquisit Habour eik grá**
Gæðaflokkur AC4
8 mm þykkt.
25 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x244 mm með V-nót.
**Verð: 2.990 kr. $m^2$**

kronotex

## Sértilboð á undirlagi

**Athugið, allt harðparket frá KRONOTEX er afrafmagnað.**

Hjartalag


kronotex
FLOORS FOR LIVING
HÖRKU
PLANKA
HARÐPARKET
VERÐ FRÁ 1.990 kr. m²
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Fiðlan er sögumaður

**Barnamenningarhátíð hefst í dag. Meðal atriða eru tónleikar í Kaldalónssal Hörpu klukkan 17. Þar flytur atvinnutónlistarfólk verk eftir tíu til fimmtán ára Reykvíkinga. Eitt tónskáldanna er Alda Áslaug Unnardóttir, ellefu ára. Verk hennar heitir Vestrið og austrið.**

„Ég er að æfa á fiðlu og samdi lagið á hana. Fiðlan er líka aðalhljóðfærið í laginu mínu, hún er svona sögumaður. Lagið byrjar í vestrænum stíl, svo kemur bogastrokskafli, svoldið rokkaður, og þá er eins og maður sé að ferðast en seinni kaflinn er í austrinu. Þar er pentatónískur tónstigi, dálítið asískur. Lagið endar svo aftur í vestrinu.“ Þannig lýsir hin ellefu ára Alda Áslaug Unnardóttir laginu sínu Vestrið og austrið sem flutt verður í Hörpu í dag. Hún er einn þeirra krakka sem taka þátt í Upptaktinum, tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna í ár. Þeir fengu aðstoð tónskálda til að fullvinna hugmyndir sínar og á tónleikum í Hörpunni klukkan 17 í dag hljóma verk þeirra í flutningi atvinnutónlistarfólks. Hugmyndina að Upptaktinum á Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpu, sem þykir mikils virði að sinna barnamenningu á þennan hátt



**TÓNSNILLINGUR** „Stundum fer ég út og spila fyrir fuglana og kanínurnar í kring,“ segir Alda Áslaug sem býr úti í skógi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Alda Áslaug er auðvitað spennt að heyra lagið sitt. „Greta Salóme er á fiðlunni og tónskáldið sem ég vann útsetninguna með og heitir Kristín Haraldsdóttir spilar á víólu. Svo er líka bassi, selló, klarínett og píanó. Ég er búin að hitta Kristínu nokkrum sinnum og það var rosalega gaman að vinna með henni,“ segir Alda Áslaug sem kveðst hafa samið seinni hluta lagsins þegar hún var að taka annars stigs próf í tónlistarskólanum. „Svo tók ég grunnpróf, þá samdi ég fyrri hlutann og setti svo kaflana saman. Síðan tók ég það upp og sendi í Upptaktinn.“

Alda Áslaug er í Tónskóla Sigursveins við Engjateig en byrjaði að læra á fiðluna þegar hún var fimm ára og þá í Suzuki-skólanum. „Ég hef líka æft á píanó og svo spila ég á gítar og er í hljómsveit,“ segir þessi ungi snillingur sem býr úti í skógi, rétt við Elliðavatn og finnst það ævintýralegt. „Stundum fer ég út og spila fyrir fuglana og kanínurnar í kring. Þau eru ánægð með það.“

En taka fuglarnir undir? „Nei, þeir hlusta bara og kanínurnar halla undir flatt!“

Býst hún ekki við að halda áfram að semja tónlist? „Jú, ég ætla að reyna það. Mig langar líka mjög mikið að semja Eurovisionlag.“

gun@frettabladid.is

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**HJÖRTUR KRISTJÁNSSON**
**Goðatúni 24, Garðabæ,**

lést laugardaginn 26. apríl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Anna Margrét Einarsdóttir**
**Birta Hjartardóttir**
**Hulda Hjartardóttir**
**Klara Hjartardóttir**
**Bóel Hjartardóttir**
**Guðmundur Hjörtur Þorgerðarson**
**tengdabörn og barnabörn.**

---

✝



Okkar elskulega

**KRISTRÚN SKÚLADÓTTIR**
**Leifsgötu 9, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 24. apríl á hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar fer fram miðvikudaginn 30. apríl kl. 11.00 frá hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu, Hátúni 2, Reykjavík. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á ABC barnahjálp.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórir Geirmundarson**
**Geir Jón Þórisson** **Guðrún Ingveldur Traustadóttir**
**Rakel Þórisdóttir** ***Gísli Þórörn Júlíusson***

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MAGNÚS GUÐMUNDSSON**
**fyrrv. eftirlitsflugstjóri og flugeftirlitsmaður,**
**Hlíðargerði 15,**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk sunnudaginn 27. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Agnete Simson**
**Bragi Magnússon**
**Guðný Magnúsdóttir**
**Guðmundur Magnússon** **Ragnhildur Gunnarsdóttir**
**Una Þóra Magnúsdóttir** **Hörður Högnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÁSTA ÁRSÆLSDÓTTIR**
**Klapparhlíð 5,**

lést á Landspítalanum 24. apríl.
Útförin fer fram frá Mosfellskirkju föstudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Róbert Örn Alfreðsson**
**Ingimar Alfreð Róbertsson** **Hjördís Bragadóttir**
**Sara Rún Róbertsdóttir** **Kristinn Ingi Hrafnsson**
**Matthías Hjörtur Hjartarson**

---

✝



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÁLFHILDUR STEINBJÖRNSDÓTTIR**
**Þorlákshöfn,**

sem lést fimmtudaginn 17. apríl, verður jarðsungin frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn miðvikudaginn 30. apríl kl. 14.00.

**Sverrir Sigurjónsson**
**Hrönn Sverrisdóttir** **Guðni Pétursson**
**Hlín Sverrisdóttir** **Hreggviður Jónsson**
**Hlynur, Leifur, Arna, Alma Rún og Sverrir**

---

✝



Faðir okkar,

**GUÐJÓN PÁLSSON**
**hljóðfæraleikari og tónmenntakennari,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, laugardaginn 12. apríl, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju í Kópavogi föstudaginn 2. maí nk. kl. 13.00.
Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Öldrunarheimili Akureyrar.

**Páll, Fanný, Herjólfur, Erla Björg og Friðjón Snorri og systkini hins látna.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BIRGIR SIGURÐSSON**
**Aflagranda 40, Reykjavík,**

lést þann 22.apríl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Anna Skaftadóttir**
**Baldur Birgisson** **Lovísa Jónsdóttir**
**Sigrún Linda Birgisdóttir** **Gunnar Hólm Hjálmarsson**
**Þórarinn (Tolli) Birgisson** **Tone Birgisson**
**Birgir Örn Birgisson** **Harpa Melsteð**
**Anna Halla Birgisdóttir**
**Sigríður Ósk Pálmadóttir** **Guðlaugur Ágústsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR JÓHANNESDÓTTIR**
**Vallarbraut 1, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 20. apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Haraldur Haraldsson**
**Sigrún Haraldsdóttir** **Páll Elfar Pálsson**
**Þórunn Björg Haraldsdóttir**
**Ingólfur, Haraldur og Jóhannes Páll**

---

✝



Ástkær bróðir okkar,

**RUNÓLFUR ÞORKELSSON**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, 24. apríl sl. Minningarathöfn fer fram miðvikudaginn 30. apríl klukkan 15.00 í Fella- og Hólakirkju. Jarðsett verður í Setbergskirkjugarði þann 3. maí.

**Páll Þorkelsson**
**Lilja Þorkelsdóttir**
**Hulda Þorkelsdóttir**
**Guðrún Kristjánsdóttir**

---

✝



Þakkarkveðjur sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við fráfall móður okkar og fósturmóður,

**SIGRÚNAR SIGURÐARDÓTTUR**
**frá Eskifirði.**

**Sigurborg Hilmarsdóttir**
**Hilmar Hilmarsson**
**Sonja Hilmars**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐLAUG GUÐRÚN TORFADÓTTIR**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 26. apríl sl. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 2. maí kl. 11.00.

**Auður Axelsdóttir** **Eiríkur Guðmundsson**
**Torfi Axelsson** **Geirlaug Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HULDA SIGURBJÖRNSDÓTTIR KNUDSEN**

sem lést föstudaginn 25. apríl á Droplaugarstöðum, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 30. apríl kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Droplaugarstaða fyrir góða umönnun.

**Börn, tengdabörn og ömmubörn.**

---

✝



Elsku, hjartans, yndislegi drengurinn minn, bróðir og frændi,

**BERGSVEINN HARALZ ELÍASSON**
**Grettisgötu 76,**

er látinn. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Ragnhildur Guðrún Bergsveinsdóttir**
**Baldvin Elíasson**
**Georg Christopher Coakley**
**Atli Heimir Coakley**
**Ellen Grace Coakley**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐNI EYJÓLFSSON**
**hjúkrunar og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,**

lést fimmtudaginn 24. apríl.
Útför hans fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 30. apríl kl. 14.00.

**Erna Sigríður Guðnadóttir** **Einar Jón Ólafsson**
**Helgi Þröstur Guðnason** **Ragna Ragnarsdóttir**
**Birgir Már Guðnason** **Ólafína Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## HVERNIG VILTU HAFA EGGIÐ?

**Egg eru vinsæll morgunmatur um þessar mundir, enda vítamínrík og saðsöm. Misjafnt er hvernig fólk vill hafa eggið. Ef það á að vera mjög linsoðið er suðutími 3-6 mínútur. Ef eggið á að vera „brosandi“ skal sjóða það í 6-8 mínútur en harðsoðið egg þarf 8-10 mínútur. Kælið síðan vel.**








**KAREN HAUKSDÓTTIR** Sykurþörfin minnkaði og líðanin batnaði með Raspberry Ketones. MYND/DANÍEL

# LOSNAÐI VIÐ SYKURÞÖRFINA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Raspberry Ketones hefur hjálpað bæði konum og körlum að losna við aukakíló og sykurþörfina sem margir glíma við. Innihald er hindberjakjarni og grænt te sem hefur jákvæð áhrif á orku og úthald.*

Karen Hauksdóttir er 41 árs og starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég hef tekið Raspberry Ketones frá því að það kom á markað hér á Íslandi. Ég hef ekki haft mikla trú á svona töflum hingað til en ákvað að prófa Raspberry og viti menn, eftir rúmar tvær vikur uppgötvaði ég að sykurþörfin sem ég hef glímt við lengi var farin. Nú er ég er ekki að tala um minni sykurþörf heldur bara alls enga! Ég áttaði mig á því eftir að ég fór að taka Raspberry að ég átti sama nammið í skál á stofuborðinu þangað til ég endaði með að henda því í ruslið. Ég nota belti á vinnubuxunum mínum og hef lengi verið að setja pinnann í gat 5, núna er ég komin í gat 7 og finnst það nú bara stórmerkilegt á svo skömmum tíma.  Ég er ekki frá því að ég sofi líka betur og sé orkumeiri. Mér finnst ég heldur ekki þurfa að borða eins mikið og áður. Oft var ég orðin hungurmorða í kaffitímanum og var þá samt búin að fá mér sætindi milli mála. Nú hef ég varla drukkið kók í fjórar vikur heldur drekk orðið eingöngu vatn og suðusúkkulaðið fer bara í jólabaksturinn. Ég mæli eindregið með Rasberry Ketones og vil að aðrir viti af því!“




**ÚTSÖLUSTAÐIR:**
Helstu apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.







# STYRKTARÆFINGAR AUKA ÁRANGUR

**ÚT AÐ HLAUPA** *Skipulagðar styrktaræfingar eru nauðsynlegur hluti langhlaupa. Þær bæta hlaupastíl, auka árangur og minnka hættu á meiðslum.*

Fjöldi landsmanna sem stundar hlaup eykst ár frá ári enda líkamsrækt sem hentar fólki á öllum aldri. Samhliða hlaupum skiptir miklu máli fyrir byrjendur, og reyndar líka lengra komna, að stunda viðeigandi styrktaræfingar. Þær eru allt í senn; lykillinn að betri hlaupastíl, bættum árangri og minnkandi meiðslahættu. Það eru ekki mörg ár síðan hlauparar fóru að taka styrktaræfingar föstum tökum að sögn Torfa H. Leifssonar hjá hlaup.is enda hefur mikið magn upplýsinga komið fram undanfarin ár sem renna stoðum undir mikilvægi þeirra. „Langhlauparar hafa gegnum árin ekki lagt mikla áherslu á styrktaræfingar en það hefur breyst síðustu árin. Fjöldi rannsókna sýnir að þær eru lykillinn að betri árangri hlaupara en þær eru ekki síður mikilvæg forvörn gegn meiðslum. Það skiptir því engu máli hvort hlauparinn sé byrjandi eða lengra kominn, styrktaræfingar ættu að vera hluti af hlaupaprógrammi allra hlaupara.“

Þegar styrktaræfingar eru gerðar þarf að huga að alhliða æfingum en leggja þó megináherslu á miðsvæði líkamans. „Leggja þarf mesta áherslu á vöðva í kringum miðju líkamans og að sjálfsögðu fæturna. Þegar maður hleypur er maður alltaf á öðrum fæti og því skiptir jafnvægið og stöðugleikinn miklu máli. Því þarf að styrkja til dæmis rassvöðva, mjaðmavöðva, bak- og magavöðva auk fótavöðva.“



**BÆTTUR ÁRANGUR** „Styrktaræfingar ættu að vera hluti af hlaupaprógrammi allra hlaupara,“ segir Torfi H. Leifsson hjá hlaup.is. MYND/PJETUR

Engin heilög regla er til varðandi hvernig blanda skuli hlaupum og styrktaræfingum saman. „Það má gera æfingarnar eftir hlaup og einnig á þeim dögum sem hvílt er frá hlaupum. Hlauparar taka kannski ekki miklar kraftæfingar á fæturna á erfiðum hlaupadegi heldur einblína frekar á æfingar fyrir miðjusvæðið.“

Hægt er að nálgast styrktaræfingar og styrktarprógrömm á ýmsum vefjum sem fjalla um langhlaup. „Við hjá hlaup.is stefnum á að setja inn slíkar leiðbeiningar í sumar. Þó er hægt að nálgast slíkar upplýsingar mjög víða án mikillar fyrirhafnar auk þess sem fjallað er um styrktaræfingar í ýmsum hlaupabókum.“



**ÁHUGAMÁLIÐ** Svíar eyða miklum tíma við sjónvarpsgláp og á samfélagsmiðlum.

# SJÓNVARPIÐ OG TÖLVAN TAKA MESTAN FRÍTÍMA FÓLKS

Misjafnt er hversu mikinn frítíma fólk hefur eftir vinnu. Minnstan frítíma hafa foreldrar lítilla barna, samkvæmt könnun sem gerð var í Svíþjóð og birtist á vefmiðli Expressen.

Mestan frítíma hafa unglingar og fólk á eftirlaunaaldri. Foreldrar lítilla barna hafa ekki mikinn frítíma og konur heldur minni en karlar. Reyndar er það frítími feðra með smábörn sem hefur minnkað mest á undanförnum árum með aukinni þátttöku þeirra á heimilum. Í könnuninni er reynt að finna út hversu mikinn frítíma fólk hefur en hann reynist að sjálfsögðu mestur um helgar. Allir eiga einhvern frítíma á hverjum degi en misjafnt er hvernig hann nýtist eftir aldri fólks.

Sjónvarpið tekur langmestan frítíma frá fólki. Eftir að fólk hefur sambúð virðist það vera konan sem horfir meira á sjónvarpið en karlar. Eftir því sem börnin eldast situr fólk meira fyrir framan sjónvarpið.

Áhugamál fólks eru mismunandi. Hjá sumum er eldamennska áhugamál, sem gaman er að fást við í frítíma, á meðan aðrir líta á hana sem vinnu heima við. Karlar líta frekar á matargerð sem áhugamál en einungis á föstudögum.

Könnunin sýnir að fólk eyðir sífellt minni frítíma í að heimsækja vini eða ættingja. Félagslífið hefur vikið fyrir tölvunni og hefur færst yfir á Facebook og fleiri samfélagsmiðla. Lestur prentaðra bóka og blaða hefur sömuleiðis dvínað á meðan lestur rafrænna miðla hefur aukist.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

**Ný námskeið**
hefjast 5. og 6. maí
4 vikna námskeið




**Start 13-16 ára**
Mán., mið. og fös. kl. 16:30.

**Start 16-25 ára**
Mán., mið. og fös. kl. 18:30.

**Jóga**
Þri. og fim. kl. 12:00.

**Zumba**
Dansaðu þig í form!
Þri. og fim. kl. 16:30.

**Kvennaleikfimi**
Gamla góða leikfimin fyrir konur.
Mán., mið. og fös. kl. 16:30.

**Morgunþrek**
Fjölbreyttir púl tímar fyrir karla og konur.
Mán., mið. og fös. kl. 7:45 eða 09:00.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**60 ára og eldri:**

**Leikfimi 60+**
Mán. og mið. kl. 11:00.
Þri. og fim. kl. 10:00.

**Zumba Gold 60+**
Fyrir þá sem hafa gaman af að dansa.
Þri. og fim. kl. 11:00.

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## SVEFNVANDAMÁLIN ÚR SÖGUNNI

MAGNOLIA OFFICINALIS er á hraðri leið með að verða ein vinsælasta lausnin gegn svefnvandamálum og þunglyndi í heiminum.





# HEILBRIGÐ LAUSN VIÐ SVEFNVANDA

**BALSAM KYNNIR** *MAGNOLIA OFFICINALIS – nýjasta fæðubótarefnið frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum, stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni, vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.*

Börkur af plöntunni **MAGNOLIA OFFICINALIS**, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir tvö þúsund ár í Asíu. Rekja má ótrúlegan lækningamátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugaboðefni í heilanum og hefur vöðvaslakandi áhrif sem stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni ásamt því að vinna gríðarlega vel gegn kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið cortisol sem er stundum kallað stresshormónið.

**Nýlegar rannsóknir** hafa sýnt að magnoliabörkur gæti hugsanlega verið árangursríkari en þunglyndislyfið Valium.



MAGNÓLÍA



**Nýlega hefur m.a. verið fjallað** um magnoliabörkinn í fræðiritinu „The Nutrition Journal“ og á vefsíðunni www.WebMD.com

**ÞRIÐJUNGUR ÍSLENDINGA MEÐ SVEFNVANDAMÁL EÐA ÞUNGLYNDI**

**MAGNOLIA OFFICINALIS** er á hraðri leið með að verða ein vinsælasta lausnin gegn svefnvandamálum og þunglyndi í heiminum og er nú m.a. fáanlegt í fjölda apóteka, Fjarðarkaupum og Heimkaupum (frí heimsending).

**BETRI SVEFN, BETRI LÍÐAN**

Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri hjá Balsam, segir Magnolia-fæðubótarefni frábæra lausn fyrir þá sem vilja náttúrulega lausn til að bæta svefn og almenna líðan. Hann bendir sem flestum á að kynna sér magnoliabörkinn á netinu.




**RÁÐLÖGÐ NOTKUN**

Taktu 1 hylki með vatnsglasi með kvöldmat eða um 30-60 mínútum fyrir svefn. Dagskammtur er 1-2 grænmetishylki.

SÓFAR Í ÖLLUM STÆRÐUM




Þú velur
- Gerð (fleiri en 900 mismunandi útfærslur)
- Stærð (engin takmörk)
- Áklæði (yfir 3000 tegundir)

og draumasófinn þinn er klár

LAGERHREINSUN

Við ætlum að rýma fyrir nýjum vörum og bjóðum allt að 50% afslátt

Verð nú kr. 149.000 Fullt verð 284.900
Verð nú kr. 19.000 Fullt verð 47.900

Speglar frá 5.000
Skrifstofuhillur frá 9.900
Rúm 153-193cm frá 69.000
Borðstofuborð frá 47.500
Sófaborð frá 7.500

Púðar frá 2.900
Stólar frá 2.000
Borðstofuskenkar frá 77.000
Bar skápar frá 89.000
Púðaver frá 1.000

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

ÞRIÐJUDAGS kvöld
Með Frikka Dór
ÞRIÐJUDAG 21:10
FREYJA



Í opinni dagskrá
Fáðu þér áskrift! 365.IS

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

INHOPE
SAFT

www.fi.is

# Bakskóli Ferðafélags Íslands

Ferðafélag Íslands stendur fyrir Bakskóla með léttum gönguferðum sem hefjast 6. maí.

Léttar gönguferðir með styrkjandi stöðuæfingum 3 í viku auk heimaverkefna og þegar líður á verkefnið verður farið í léttar fjallgöngur.

Bak- og hnémeiðsli eru hvimleiðir kvillar sem hrjáir stóran hóp fólks.

Gönguferðir og styrkjandi æfingar geta í mörgum tilfellum gert gæfumuninn og komið fólki á beinu brautina á ný.

Umsjónarmenn með gönguferðum í Bakskólanum eru íþróttakennarar og sjúkraþjálfarar.

Sérstakur kynningarfundur fyrir Bakskóla FÍ verður haldinn miðvikudaginn **30. apríl** kl. 20 í sal FÍ Mörkinni.

***Ekki vera í baklás***
***Skráðu þig inn – drífðu þig út***

**Sjá nánar á www.fi.is**

**Nánari upplýsingar og skráning er í síma 568 2533 eða í netpóst fi@fi.is**



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is



# SYKURBINDINDI Í TVÆR VIKUR

**BETRI HEILSA** *Það má gera ráð fyrir að margir hafi borðað yfir sig af sykri og góðgæti undanfarið, enda margir veisludagar að baki. Þá er ástæða til að taka sig smá í gegn og skera niður sykurþörfina. Hvernig er best að gera það?*

Gott er að setja sér markmið. Það getur hljóðað upp á sykurlausar tvær vikur en gott væri að halda því svo áfram. Fljótlega finnur fólk mun á líðan sinni þegar mataræðið er tekið í gegn og aukakílóin hrynja af. Með því að sleppa öllum sykri má fullyrða að nokkur kíló séu fljót að fara.

**STUÐNINGUR**

Byrjaðu á að taka þig í gegn strax, ekki bíða eftir heppilegum degi sem kemur líklega aldrei. Líttu á breytt mataræði sem heilsugjöf til þín og horfðu á allt hið jákvæða sem hlýst af því að skera niður sykurinn. Gott er að fá fjölskylduna með sér í sykurbindindi en þannig næst góður stuðningur. Gættu að því að það leynist falinn sykur í mörgum matvælum. Þess vegna þarf að lesa innihaldslýsingar á öllu sem neytt er. Erfitt fyrst en það venst fljótt og lærist.



Losaðu þig helst við allar vörur sem eru með sykri. Sultur, tómatsósa og fleiri sætindi ættu að vera aftast í ísskápnum á meðan á sykurbindindinu stendur. Um leið og sykurbindindið hefst er ágætt að draga úr brauð- og pastaáti og skera þannig niður kolvetni úr fæðunni.

**BETRI LÍÐAN**

Eldaðu mat frá grunni og veldu helst mat sem er lífrænt ræktaður. Ekki fara svöng/svangur í matvörubúð. Vertu með innkaupalista við höndina. Búðu til matseðil vikunnar og best er að taka með sér nesti í vinnuna til að forðast unnar kjötvörur sem oft eru í boði í mötuneytum. Borðaðu hnetur á milli mála.



Allir gosdrykkir og sætir safar verða að víkja til að ná árangri, sömuleiðis bjór og vín. Eftir nokkra daga hefur sykurþörfin minnkað mikið en ef hún gerir vart við sig er best að gera eitthvað til að dreifa huganum. Ágætt er að fá sér hreina jógúrt með ferskum eða frosnum berjum ef sykurþörfin er mjög mikil.

Eftir sex daga er sykurþörfin horfin og lífið verður léttara á þessu nýja mataræði. Þá finnst einnig heilmikill munur á andlegri og líkamlegri líðan. Ekki er verra að auka hreyfingu á meðan á sykurbindindinu stendur. Fara í hálftíma göngutúr á degi hverjum. Árangurinn verður þá enn meiri. Þeir sem hafa prófað sykurbindindi eru sammála um að svefninn verður betri, blóðþrýstingur lækkar og líðanin verður öll önnur. Það er því rík ástæða til að prófa sykurbindindi.





**HEILSUSAMLEGUR ÞEYTINGUR** Það er ákaflega skynsamlegt að útbúa ýmsa góða heilsudrykki á meðan á sykurbindindi stendur. Berjaþeytingur getur slegið á sykurþörf.

## Hentu út eftirfarandi

Sælgæti og súkkulaði
Ís
Kökum og kexi
Gosdrykkjum, sætum söfum
Tilbúnum sósum og marineringum
Tómatsósu og chili-sósum
Ávaxtajógúrt
Sykruðu morgunkorn
Hvítu brauði
Pasta
Hvítum hrísgrjónum
Unnum matvörum

## Kauptu í staðinn

Nýjan fisk
Skeldýr
Ferskt og frosið grænmeti
Fersk og frosin ber
Kotasælu
Hreina jógúrt
Brauðost með lágu fituinnihaldi
Egg
Kjúkling eða kalkún
Kjöt
Baunir
Fræ, eins og sesamfræ eða aðrar tegundir
Hnetur og möndlur



# ÚTIVIST

ÞRIÐJUDAGUR **29. APRÍL 2014**

## Ljóðaganga um Breiðholtið

Breiðholtið er áhugavert hverfi og þó nokkur ljóð sem tengjast því. SÍÐA 2

## Ókannaðar slóðir

Margar skemmtilegar leiðir um fáfarnar slóðir er að finna á Norðausturlandi. SÍÐA 4

## Ókeypis göngur

Útivistarræktin stendur fyrir göngum út frá Elliðaárdal tvisvar í viku. SÍÐA 6



# Af blokkum og ekki – ljóðaganga um stræti Efra-Breiðholts

Bókmenntafræðingurinn Björn Unnar Valsson leiðir áhugasama um ljóðaslóðir í Breiðholti annað kvöld klukkan 20. Hann segir annan róm yfir ljóðum sem tengjast hverfinu, Breiðholtið sé áhugavert hverfi og þó fleiri ljóð tengist miðbæ Reykjavíkur sé af þó nokkrum að taka.

Breiðholtið er áhugavert og litríkt hverfi. Ég hef búið þar síðustu sex ár og hef gaman af að kynna mér hvernig hverfið varð til og af hverju það er eins og það er. Það er annar rómur eða önnur stemming í ljóðunum þarna en annars staðar. Þetta er svolítið sérstakt,“ segir Björn Unnar Valsson bókmenntafræðingur, en hann stendur fyrir ljóðagöngu um Efra-Breiðholtið annað kvöld.

Gangan hefst klukkan 20 við Gerðuberg en tilurð göngunnar má rekja til vinnu Björns við Ljóðakort Reykjavíkur.

„Á Borgarbókasafninu höfum við punktað niður fjölda ljóða sem hafa tengsl við ákveðnar götur, hús eða staði í borginni. Ég setti gönguna, Af blokkum og ekki, saman, kringum ljóð sem tengjast Breiðholtinu og hef haldið tvær göngur áður. Þetta er þó fyrsta gangan sem er opin almenningi,“ segir Björn Unnar.

Hann segir þónokkur ljóð tengjast hverfinu þótt meira hafi verið ort um og í miðbæ Reykjavíkur.

„Hverfið er auðvitað tiltölulega nýtt en það er hægt að finna ljóð tengd miðbænum hundrað ár aftur í tímann. Þetta er að mestu óhefðbundinn kveðskapur og svolítið skemmtilegur. Megnið af því sem ég nota í gönguna eru óháttbundin ljóð, prósaljóð eftir Óskar Árna, lítil, stutt atómljóð og eitt eða tvö ljóð sem stuðla án ríms.


Björn Unnar Valsson

Ég valdi ljóðin svo hægt væri að ganga þægilega lykkju um Efra-Breiðholtið. Ljóðin tengjast ekki öll nákvæmlega þeim stöðum sem við stoppum á en hafa kannski meira að gera með Elliðaárdalinn, blokkirnar og úthverfamenninguna yfir höfuð. Ég reyni að finna einhverja sögulega tengingu líka. Gangan ætti að taka rétt rúman klukkutíma og ég miða við að hún henti sem flestum,“ segir Björn Unnar.

Mæting er rétt fyrir klukkan 20 annað kvöld í Gerðuberg en gangan hefst klukkan 20.


„Af blokkum og ekki“ er yfirskrift ljóðagöngunnar. MYND/STEFÁN

# Fjórhjól eru málið

Fjórhjól er frábær skemmtun fyrir hópa til að hrista sig saman. Safari hjól er vel staðsett í útjaðri Reykjavíkur og þaðan er stutt upp á næstu fjöll. Allir fá góða kennslu í upphafi áður en lagt er af stað og farið er yfir öryggisatriðin.

Safari hjól er elsta fjórhjólaleiga landsins og hefur starfað samfleytt frá árinu 2003. Upphaflega hóf fyrirtækið starfsemi sína á Indriðastöðum í Skorradal en árið 2008 flutti það starfsemina til Reykjavíkur til þess að mæta eftirspurn fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.

Josh Friðriksson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir flutninginn fyrst og fremst hafa komið til vegna fyrirtækja sem vildu afþreyingu nær höfuðborginni. „Við höfum alla tíð sérhæft okkur í ferðum fyrir hópa, til dæmis fyrirtæki, vinahópa og steggjapartí. Vinsælustu ferðir okkar eru fjórhjólaferðir upp á Úlfarsfell og Hafrafell. Margir hópar bæta síðan við túrinn annaðhvort keppni í leirdúfuskotfimi eða hellaskoðun við Leiðarenda, en hellirinn er í um 20 mínútna fjarlægð frá höfuðstöðvum okkar í Lambhaga.“

Josh segir það stóran kost hversu vel staðsett fyrirtækið er. „Við erum við hliðina á Bauhaus og því bæði stutt fyrir hópa að koma til okkar auk þess sem Úlfarsfell og Hafrafell eru í túngarðinum hjá okkur.“

Safari hjól hefur stóran skála á svæðinu sem rúmar allt að 50 manns. „Hópar geta komið með eigin veitingar, bæði mat og drykk. Hér eru tvö grill en ef þess er óskað útvegum við gómsætan grillmat í samvinnu við Grillvagninn.“

Fyrirtækið er með 22 fjórhól á sínum snærum en tveir geta


Fjórhjólaferðir eru frábær skemmtun fyrir vini og vinnufélaga. MYND/ÚR EINKASAFNI

setið hvert hjól. „Við gefum okkur mjög góðan tíma til að kenna viðskiptavinum á hjólin enda hafa flestir þeirra aldrei áður ekið slíkum hjólum. Því er kennslan mikilvæg um leið og farið er yfir öll öryggisatriði. Hjólin okkar eru sjálfskipt og mjög einföld í notkun þannig að flestir ná góðum tökum á þeim á skömmum tíma. Viðskiptavinir þurfa ekki að koma með neitt sjálfir, hér fá þeir galla, hanska og hjálm.“

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.quad.is og á Facebook undir Safari Quads.

safari

10% afsláttur

Handhafar miðans fá **10% afslátt** af ferðum **Safari hjóla**.

Gildir til 1. sept. 2014. Símar: 414-1533 & 821-1311.


Veiðigleraugun frá Gleraugnasölunni eiga engan sinn líka.

## *Einstæð veiðigleraugu*

„Til okkar streyma laxveiðimenn frá öllum heimshornum til að kaupa veiðigleraugu sem mér er ekki kunnugt um að fáist neins staðar annars staðar á norðurhveli jarðar,“ segir Rüdiger Þór Seidenfaden, sjóntækjafræðingur og eigandi Gleraugnasölunnar á Laugavegi.

Rüdiger er að tala um gulgræn veiðigleraugu úr ekta polariseruðu gleri sem brýtur sólargeisla og nemur á brott glampa af vatnsyfirborði. Þar með sér veiðimaður ofan í botn áa og þar á meðal fiskinn. Gleraugun eru sérframleidd fyrir Gleraugnasöluna.

„Fyrrverandi eigandi Gleraugnasölunnar var mikill laxveiðimaður en fann hvergi nógu góð veiðigleraugu fyrir íslenskar aðstæður. Því fór hann í heimsreisu til að finna glerverksmiðju sem framleitt gæti veiðigleraugu sem vinna á íslenskum birtuskilyrðum,“ útskýrir Rüdiger.

Veiðigleraugu Gleraugnasölunnar eru úr órispanlegum glermassa og endast því mun betur en plastgler. Veiðigleraugun fást í nær öllum styrkleikum og einnig með tvískiptum glerjum.

„Veiðigleraugu úr plasti rispast frekar í veiðibrölti og endast því verr. Því borgar sig að fjárfesta í vönduðum veiðigleraugum sem endast ævina út,“ segir Rüdiger.

Eftir veiðisýningu í Sviss seldi Rüdiger stærstan hluta veiðigleraugna Gleraugnasölunnar til Sviss. Nú hefur glerverksmiðjan ytra hætt störfum og framleiðslu glerjanna verið hætt.

„Nú gildir að fyrstir koma, fyrstir fá,“ segir Rüdiger. „Lagerinn klárast og orðsporið fer víða. Til mín heim hefur komið einkaþjónn laxveiðimanns frá Suður-Afríku á sunnudegi til að fá veiðigleraugun og í 1.700 manna veiðigrúppu á Facebook (Veiðidellan er frábær) er samdóma álit manna að þeir þurfi að fá veiðigleraugun til að sjá eitthvað í veiðinni. Sjálfur fékk ég mér veiðigleraugu til að sjá betur í snjónum því gulgræni liturinn skerpir alla sýn.

Gleraugnasalan er á Laugavegi 65. Sjá nánar á gleraugnasalan.is.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.


RATA
Herra 3.laga jakki
3.laga Diamondium efni
20.000mm vatnsheldni
20.000gr útöndun
Wislon vatnsheldir rennilásar
Sérsniðinn fyrir hámarkshreyfigetu
Útivistarjakki sem er ómissandi
fyrir alla þá sem gera kröfur
DIAMONDIUM
Lifðu
ZO•ON
ICELAND
ZO-ON Iceland , Factory Store Nýbýlavegi 6
ZO-ON Iceland, Kringlan
ZO-ON Iceland, Bankastræti
www.zo-on.is

# Ævintýraferðir í ókönnuðu landi

Ferðafélagið Norðurslóð er lítið ferðafélag sem starfar frá Kelduhverfi austur á Bakkafjörð. Þetta svæði er hjá mörgum ókannað land en boðið er upp á fjölbreyttar og spennandi gönguleiðir í sumar. Þetta eru fáfarnir leiðir þar sem margt áhugavert er að sjá og skoða.

Í skipulögðum dagsferðum er gengið á ýmsa fallega og forvitnilega staði. Meðal annars var gengið út á Hraunhafnartanga á Melrakkasléttu í janúar, á Höfðann við Raufarhöfn í febrúar og í Ásbyrgi í mars. Fyrirhuguð er ganga á Gunnólfsvíkurfjall og fuglaskoðunarferð á Melrakkasléttu í maí. Auk þess er boðið upp á tvær svokallaðar sumarleyfisferðir í sumar, en það eru lengri ferðir þar sem gengið er í nokkra daga samfellt. Báðar eru ferðirnar bækistöðvarferðir þar sem gist er á farfuglaheimilum og gengið út frá þeim.

### Langanes – Fontur

Fyrri ferðin er um Langanes í júní. Ferðin er snemma sumars þegar lífið er mest í fuglabjörgunum á nesinu. Gengið er um friðsæla byggð sem er að mestu leyti horfin, komið í eyðiþorp með mikla sögu og út á ysta odda Langaness. Gist er í fjórar nætur á Farfuglaheimilinu Ytra-Lóni. Þátttakendur mæta þriðjudagskvöldið 17. júní og koma sér fyrir. Þá er fræðslustund og farið yfir dagskrá næstu daga.

Eftir sameiginlegan morgunmat á öðrum degi er gengið um svokallaðan eyðibýlahring og fræðst um sögu bæjanna og byggðarinnar, um gróðurinn, fuglana og fjöllin. Hringurinn er um 14 km og í lok dags bíður heitur pottur og kvöldmatur á Ytra-Lóni.

Daginn eftir er gengið með sjónum frá Sauðanesósi út að Heiðarhöfn, um Heiðarnesið og til baka eftir Messumelnum. Rekaviður og fallegar fjörur, fullar af lífi. Þessi dagleið er um 15 kílómetrar.

Á fjórða degi er ekið upp á Heiðarfjall og ummerki ratsjárstöðvar varnarliðsins skoðaðar. Síðan niður í Hrollaugsstaði en þaðan er gengið um Kumblavík og Skálabjarg að eyðiþorpinu Skálum um 12 km. Á Skálum bíður bíllinn og þaðan er ekið út á Font þar sem vitinn stendur á landsins enda. Á leiðinni heim er komið við á Skoruvíkurbjargi sem iðar af fugli og litið á súlubyggðina í Stóra-Karli. Ekið til baka að Ytra-Lóni þar sem kvöldmaturinn og heiti potturinn bíða.

Fimmti og síðasti dagurinn er léttur, en þá er gengið frá Sauðanesi út í Grenjanesvita, um 8 km alls. Á leiðinni eru ýmis mannvirki og menningarminjar, m.a. Hið mikla íslenska sögunarfélag, gamall flugvöllur, flugvél, beitarhús og hjallur. Komið við í Sauðaneshúsi í lok ferðar og endar ferðin þar í kaffi. Ferðin stendur yfir dagana 17.-21. júní og er tveggja skóa samkvæmt skilgreiningu ferðafélaganna; miðlungs erfið ferð.

### Öxarfjörður út og suður

Í júlí er boðið upp á fjögurra daga ferð við Öxarfjörðinn. Það er bækistöðvarferð frá Kópaskeri þar sem



Gengið um Öxarnúp.

gist er á farfuglaheimili. Gengið frá fjöru til fjalla, um núpa, gil og gljúfur í þessari gullfallegu sveit.

Á fyrsta degi er gengið út að Snartarstaðanúp, um Grímshöfn, Vörsluvík og fleiri víkur, með viðkomu í Kópaskersvita. Yfir Núpinn og ofan í Hvalvík. Síðan ekið að Núpskötlu og gengið á Rauðanúp á Melrakkasléttu.

Menningar- og fræðsluröIt á Kópaskeri og næsta nágrenni er verkefni næsta dags. Byggðasafnið á Snartarstöðum og Skjálftasetur eru heimsótt, gengið um Kópaskersmisgengið með tilheyrandi fræðslu um jarðfræði og loks gengið á Kollufjall, sem er lágt fjall við Kópasker.

Næsta dag er gengið að Nausturfossi, þaðan um skógi vaxnar hlíðar upp á Öxarnúp og litið yfir Öxarfjörðinn allan. Þá er gengið í Kleifargerði og fræðst um hið merka kuml sem fannst þar í grenndinni árið 1956. Síðan gengið um Svelting í Buðlungahöfn.

Lokadaginn er stefnan tekin í Jökulsárgljúfur en byrjað á heimsókn í Grettisbæli undir Öxarnúpi. Síðar verður gengið upp með Jökulsá að austan, um Borgirnar upp að Gloppu, sem er sérstakt náttúrufyrirbæri. Þar er farið ofan í gljúfrin, alveg niður að ánni en þar bíður undraveröld. Þetta eru fáfarnar slóðir í ævintýralegu umhverfi Jökulsárgljúfra.

Ferðin stendur yfir 15.-18. júlí. Þetta er líka tveggja skóa ferð.

***Nánari upplýsingar um ferðirnar má fá í gegnum ffnordurslod@simnet.is.***

# Allt fyrir mótorsportið

Motul á Íslandi er með allt fyrir mótorsportið og leggur mikið upp úr útivistar- og öryggisbúnaði. Fyrirtækið er innflutnings- og umboðsaðili fyrir hágæða Motul-olíurnar sem eru fyrir öll tæki, jafnt sláttuvélar sem verktakatæki.

Motul á Íslandi er innflutnings- og umboðsaðili fyrir Motul-olíur og sér um að koma þeim til söluaðila um land allt. „Motul er þekkt fyrir hágæða olíur og við erum með Motul-smurstöðvar um allt land," segir Árni Freyr Árnason, verslunarstjóri hjá Motul, en Motulolíurnar eru fyrir öll tæki, allt frá sláttuvélum yfir í stór tæki í sjávarog verktakaiðnaðinum.

„Einnig erum við með fatnað fyrir allt mótorsport, bæði sumarog vetrarsport, og leggjum mikið upp úr útivistar- og öryggisbúnaði. Við erum innflutnings- og umboðsaðili fyrir Halvarssons og STR sem eru bæði þekkt merki í mótorsportinu. Halvarssons er með sleða- og útivistarlínu og býður upp á alhliða mótorhjólafatnað. STR er meira fyrir þá sem eru á hraðskreiðu hjólunum og leggja áherslu á svokallaða túbugalla sem eru heilgallar sem fólk smeygir sér í. Við erum einnig með enduro-fatnað frá STR en þess konar klæðnaður er sérstaklega góður fyrir drullumallara sem eru að keyra upp á fjöll og firnindi á krossara," segir Árni og brosir.

Motul er einnig með umboð fyrir sænska merkið




Árni Freyr Árnason, verslunarstjóri hjá Motul á Íslandi, segir Motul vera með gott úrval af útivistar- og öryggisútbúnaði fyrir þá sem stunda mótorsport. MYND/AUÐUNN

Tobe og segir Árni að fatnaðurinn frá þeim hafi slegið rækilega í gegn. „Við byrjuðum að flytja inn vörur frá Tobe fyrir tveimur árum og erum mjög ánægðir með þær. „Hann segir fyrirtækið einnig bjóða upp á gríðarlegt úrval af hjálmum og öðrum öryggisfatnaði. „Við erum með allan öryggisbúnað, allt frá skóm upp í myndavélar. Við erum einnig umboðsaðili fyrir Tek-vest á Íslandi en Tekvestin eru nokkurs konar þykk brynja og hafa þau verið mikið í umræðunni undanfarið en þau eru talin hafa bjargað mönnum sem lent hafa í vélsleðaslysum. Við erum líka með ABS-öryggisbúnað eins og snjóflóðabakpoka, skóflur og stangir. Snjóflóðabakpokarnir hafa komið mörgum til góða þegar þeir hafa lent í snjóflóði og eru flestir vélsleðamenn hér fyrir norðan með hann á bakinu þegar þeir eru á ferðinni."



Motul er einnig með öll GPS- og leiðsögutæki frá Garmin. „Leiðsögutækin eru mjög vinsæl hjá göngufólki. Við erum með gott úrval í verslun okkar og fólk getur komið og prófað tækin og valið sér tæki við hæfi," segir Árni.

Nánari upplýsingar um Motul á Íslandi má finna á heimasíðunni motulisland.is.



Nýr Lambi verður fluttur í Glerárdal.

# *Borgar sig að vera í Ferðafélagi Akureyrar*

„Ferðafélag Akureyrar stendur fyrir afar fjölbreyttum og skemmtilegum ferðum hér á Norðurlandi. Flestar eru þetta dagsferðir en þó er eitthvað um helgar- og lengri ferðir," segir Hólmfríður Guðmundsdóttir sem starfar á skrifstofu FFA og er jafnframt í ferðanefnd. „Í öllum okkar ferðum eru fararstjórar sem þekkja vel það svæði sem ferðast er á," upplýsir Hólmfríður. Hún tekur dæmi um þær ferðir sem félagið býður upp á. „Verkefnið Eitt fjall á mánuði er skemmtilegt, á sumrin eru tvær gönguvikur þar sem farið er í kvöldgöngur á hverjum degi. Við bjóðum líka upp á raðgöngur, vatnagöngur og um mitt sumar eru næturgöngur þar sem stílað er inn á miðnætursólina."

### Nýr skáli í Glerárdal

Ferðafélag Akureyrar á sjö skála í óbyggðum á Norðurlandi. Stærstir eru skálarnir við Öskju, Herðubreið og í Laugafelli. Þar eru skálaverðir á sumrin. „Núna í vikunni ætlum við að fara með nýbyggðan skála inn í Glerárdal. Þetta er afar fínn skáli sem ber heitið Lambi og kemur í stað eldri skála með sama nafni."

### Kostur að vera í FFA

„Ferðafélag Akureyrar er innan vébanda Ferðafélags Íslands. Okkar félagsmenn, sem í dag eru á sjötta hundraðið, njóta mikilla réttinda hjá öllum ferðafélögum sem eru innan vébanda FÍ. Þannig fá þeir verulegan afslátt af gistingu í öllum skálum félaganna og fá einnig afslátt í ferðir hjá FFA og öðrum félögum innan FÍ," segir Hólmfríður. Auk þess njóta félagar í FFA afsláttar í völdum verslunum með útivistarvörur á Akureyri og í Reykjavík, jafnframt fá þeir árbók FÍ og að auki Ferðir, rit sem FFA gefur út

„Á veturna höldum við einu sinni í mánuði kvöldvökur þar sem ýmist eru kynntar ferðir eða sagðar ferðasögur," segir Hólmfríður og bendir sérstaklega á að 8. maí verði opið hús í húsnæði FFA að Strandgötu 23 þar sem kynntar verða ferðir ársins.

**Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.ffa.is.**

# HÁGÆÐA ULLARFATNAÐUR Á GÓÐU VERÐI!

Þel

100% MERINO ULL



**DÖMU**

| | | |
|---|---|---|
| Bolur | st. S-XXL | **3.999kr** |
| Leggings | st. S-XXL | **4.999kr** |

**HERRA**

| | | |
|---|---|---|
| Bolur | st. S-XXL | **4.999kr** |
| Leggings | st. S-XXL | **5.999kr** |

**BARNA**

| | | |
|---|---|---|
| Peysa | st. 98-152 | **3.499kr** |
| Buxur | st. 98-152 | **2.999kr** |

**UNGBARNA**

| | | |
|---|---|---|
| Síðermabolur | st. 62-92 | **2.499kr** |
| Samfella | st. 56-92 | **2.999kr** |
| Buxur | st. 62-92 | **2.499kr** |
| Lambhúshetta | 2 stærðir | **1.999kr** |

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*






Útivistarræktin fer í styttri göngur frá höfuðborgarsvæðinu reglulega yfir sumartímann. Hér er göngufólkið á Þingvöllum. AÐSENDAR MYNDIR

# Heilbrigður og jákvæður félagsskapur

**Ferðafélagið Útivist býður upp á ókeypis göngur í nágrenni höfuðborgarinnar sem kallast Útivistarræktin. Ferðirnar eru farnar frá Elliðaárdal og eru allir velkomnir.**

Útivistarræktin hefur verið við lýði um árabil og hefur mælst mjög vel fyrir. Gengið er tvisvar í viku, á mánudögum og miðvikudögum, og hefur þátttaka verið góð. „Þetta er góð líkamsrækt og um leið hentugur undirbúningur fyrir meira krefjandi ferðir,“ segir Grétar William Guðbergsson, fararstjóri hjá Útivist.

Á mánudögum er gengið um Elliðaárdalinn og lagt af stað klukkan sex frá Toppstöðinni sem er stóra brúna húsið í Elliðaárdalnum. Á miðvikudögum frá apríl og fram í september er farið í göngur í nágrenni borgarinnar en sameinast í bíla við Toppstöðina. Sama gildir um þessar göngur og aðrar göngur Útivistarræktarinnar að þátttaka kostar ekkert, að öðru leyti en því að farþegar í bílum taka þátt í eldsneytiskostnaði með framlagi til ökumanns.



Gaman er að ganga á fjöll í góðu veðri. Hér er hópurinn á Blákolli.

Grétar sjálfur byrjaði í Útivistarræktinni eftir ábendingu sjúkraþjálfara. „Þegar ég byrjaði fyrir um tíu árum síðan hafði ég ekki hugmynd um að Útivistarræktin væri á vegum Útivistar og að það væri eitthvað meira í gangi þar. Þegar ég heyrði af því leið ekki langur tími þar til ég var alveg kominn á kaf í útivist. Ég hef verið í dagskrárnefnd, fræðslunefnd og myndanefnd Útivistar, tekið þátt í göngu- og hjólaferðum og hef verið fararstjóri. Ég hef verið í alls kyns félagsstarfi og klúbbum í gegnum tíðina og hef hvergi kynnst jafn mörgu góðu fólki á jafn skömmum tíma og í Útivist. Hér eru allir jákvæðir og enginn talar illa um neinn. Þetta er mjög heilbrigt samfélag og góður vettvangur til að koma og hreyfa sig í náttúrunni og kynnast góðu fólki.“

Hann segir flesta geta tekið þátt í göngum Útivistarræktarinnar og að allir séu velkomnir. „Í göngunum er fólk héðan og þaðan, bæði byrjendur og lengra komnir. Göngurnar í Elliðaárdalnum taka um klukkutíma og er þetta sami hringurinn sem er farinn. Á miðvikudögum er yfirleitt keyrt í þrjátíu til 45 mínútur út fyrir bæinn og gengið í einn og hálfan til þrjá klukkutíma. Yfir hásumarið komum við yfirleitt til baka um ellefuleytið. Það er oftast ákveðinn kjarni fólks sem mætir, á bilinu tuttugu til fjörutíu manns en fjöldinn fer allt upp í sjötíu manns í sumum göngum á sumrin. Þegar hópurinn er stór eru tveir fararstjórar, eða gangráðar eins og við köllum okkur, sem stjórna göngunni. Einn fararstjóri fer fremstur og einn aftastur til að fylgjast með að allir skili sér. Þetta er hópganga og við bíðum því eftir þeim sem ganga hægar. Gangráðarnir reyna alltaf að hafa einhverja fróðleiksmola um svæðið sem er verið að ganga um en annars er bara verið að spjalla saman og hafa gaman,“ segir Grétar og brosir.

Hann bætir því við að Útivist sé einnig með Hjólaræktina, sem er eins og Útivistarræktin nema þar hjóli fólk. „Þá hjólum við um höfuðborgarsvæðið á laugardögum yfir vetrartímann en þegar kemur fram á sumar er stefnan gjarnan tekin á lengri túra.“



Grétar William Guðbergsson er fararstjóri Útivistarræktarinnar. Hér er hann á Hvannadalshnúki.

Eina sérverslun landsins
með grill og garðhúsgögn

# Grillbúðin



www.grillbudin.is

VELDU GRILL SEM ENDIST OG ÞÚ SPARAR



Þekktustu merkin á einum stað



weber

LANDMANN





Komdu og fáðu ráðleggingar

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

### VIÐBÓTARÖRYGGI

**Snjallsímaappið** 112 ICELAND kom á markað á síðasta ári og er helst ætlað ferðamönnum. Það hefur tvenns konar virkni; annars vegar geta símnotendur kallað eftir aðstoð ef um slys eða óhapp er að ræða. Hins vegar geta þeir skilið eftir sig slóð þannig að ef ferðalangar óttast um eigin afdrif er hægt að nota þær upplýsingar við leit og björgun. Þrátt fyrir nýja tækni leysir appið ekki önnur öryggistæki af hólmi eins og talstöðvar og neyðarsenda. Appið er fyrst og fremst þægileg og hentug viðbót fyrir þá fjölmörgu ferðamenn sem eiga snjallsíma. Það er mjög einfalt í notkun og ekki er þörf á gagnasambandi til að nota forritið. Hefðbundið GSM-samband dugar en þó er nauðsynlegt að hafa kveikt á GPS-tæki símans svo rétt staðsetning skili sér til Neyðarlínunnar. Notandi byrjar á því að skrá eigið nafn og nafn og símanúmer aðstandenda. Þurfi hann að hringja eftir hjálp og gefa upp nákvæma staðsetningu er ýtt á rauða hnappinn og um leið opnast fyrir símtal. Ef ferðamaður vill skilja eftir slóð er þrýst á græna hnappinn.




**Appið er** ætlað Android-, iPhone- og Windows-snjallsímum og er ókeypis.

**Nánari upplýsingar** má finna á

### ÚTIVIST MEÐ SKÁTUM

**Fyrir rúmum** hundrað árum (1907) fór breski hershöfðinginn Robert Baden-Powell með hóp drengja í fyrstu skátaútileguna á eynni Brownsea. Þar lærðu drengirnir að bjarga sér við frumstæðar aðstæður, gista undir tjaldhimni í stað tjalds og kveikja eld til að elda mat sinn sjálfir.

Skátastarf hófst á Íslandi 1912 og enn stunda skátar útivist um allan heim og vinna að margvíslegum verkefnum.

Ómissandi þættir skátastarfsins eru gönguferðir, varðeldur, næturleikir, hellaferðir, ging-gang-gulli-gulli, hnútakennsla, tjaldútilegur, skátaheiti, útieldun, skátastarf á netinu, rikk-tikk-rikka-tikka-tikk, fánaathöfn, skálaskoðanir, skátavígsla, skátamerki og kakó og kex.

Á Úlfljótsvatni hafa í áratugi verið reknar sumarbúðir skáta við góðan orðstír. Sumarbúðirnar eru opnar öllum krökkum, óháð því hvort þeir eru skátar eða ekki. Þær sameina spennandi útiveru og ævintýri skátastarfsins við skemmtilega aðstöðu í öruggu umhverfi. Eftir að hafa prófað skátastarfið óska margir þátttakendur eftir því að byrja í skátum að hausti.

Heimild: skatar.is og ulfljotsvatn.is



## FRÍAR NÁTTÚRUGÖNGUR

**Í maí** munu Borgarbókasafn Reykjavíkur og Reykjavík – iðandi af lífi taka höndum saman og bjóða upp á fræðandi og skemmtilegar náttúrugöngur um næsta nágrenni fjögurra bókasafna.

Náttúrufræðingar munu leiða göngurnar og mun hver ganga hafa sérstakt þema. Hver ganga tekur um klukkustund og verður boðið upp á kaffi á eftir í húsakynnum bókasafnsins. Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis.

- Laugardagur 3. maí. Náttúran vaknar. Gengið frá Sólheimasafni kl. 14.00 niður í Laugardal og skoðuð ummerki þess að sumarið er á næsta leiti.
- Laugardagur 10. maí. Dagur farfuglanna. Gengið frá Foldasafni, Grafarvogskirkju kl. 10.30. Gengið verður frá Grafarvogskirkju meðfram Grafarvoginum, stillt upp sjónaukum og fylgst með fuglalífinu á leirunum.
- Sunnudagur 18. maí. Gróður og saga. Gengið frá Ársafni í Hraunbæ kl. 14.00 og niður í Elliðaárdal. Gestir verða fræddir um hið fjölbreytta gróðurfar Elliðaárdals og hvernig það hefur breyst frá fyrri tíð.
- Laugardagur 24. maí. Dagur farfiskanna. Gengið frá Gerðubergssafni kl. 14.00 þann 24. maí sem er alþjóðlegur dagur farfiska og er haldið upp á hann víða um heim. Gengið verður niður að Elliðaám og gestir fræddir um laxagöngur.



Krían í vorverkunum. MYND/GVA











Wilson'S
PIZZA
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Coca-Cola
Stór Pizza
2 áleggstegundir
999
ef þú sækir
PANTAÐU Á NETINU
581 15 15
wilsons.is
Ánanaustum
Gnoðavogi 44
Eddufelli 6
Vesturlandsvegi

# FAGNA SUMRINU

**TÍSKA** *Stjörnurnar hinum megin hafsins eru komnar í sumarskap ef marka má klæðaburð þeirra. Í nýafstaðinni viku mátti greina sumarlega liti á rauða dreglinum við frumsýningar og aðrar uppákomur.*



**PRADA**
Leikkonan Emma Stone var klædd Prada frá toppi til táar á frumsýningu Köngulóarmannsins í New York.



**TORY BURCH**
Söng- og leikkonan Emmy Rossum sem flestir þekkja úr þáttunum Shameless var í blómakjól frá Tory Burch.



**LHULLIER**
Leslie Mann gekk rauða dregilinn á frumsýningu The Other Woman í litríkum kjól úr vorlínu Monique Lhuillier.



**MIU MIU**
Felicity Jones klæddist ljósgulum kjól frá Miu Miu á frumsýningu The Amazing Spider-Man 2.



**SAINT LAURENT**
Leikstjórinn Gia Coppola var í hvítri dragt frá Saint Laurent á frumsýningu myndar sinnar Palo Alto á Tribeca-kvikmyndahátíðinni.



**LHUILLIER**
Elizabeth Banks var í þessum sterkbleika kjól frá Monique Lhuillier á forsýningu Walk of Shame í Los Angeles.



**KANE**
Tónlistarkonan Solange Knowles, systir Beyoncé, var æði sumarleg í þessari peysu og pilsi frá Christopher Kane.



Gleðilegt sumar
Flott föt fyrir flottar konur
Stærðir 38-58
My Style tískuhús
my style
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

Kvartbuxur með stretch
kr. 10.900.-
háar í mittið
str. 36-46/48
5 litir

Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

Meirapróf

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta námskeið hefst 2. apríl 2014


SUMAR ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LEGSTEINUM
Við bjóðum
VARANLEGT LETUR
sem endist í yfir 100 ár
Hér hvílir
Auðúlfur Stórólfsson
f. 1.2.1895 d. 2.3.1991
Blessuð sé minning hans
Endurmerkjum
eldri legsteina með
VARANLEGU LETRI
Graníthöllin
Legsteinar
www.granitholllin.is
Bæjarhrauni 26, Hafnarfirði
555-3888
Opnunartímar:
Mán-fös 9-18
Laugardaga 11-16

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
Ertu að framkvæma og vantar þig gáma, vinnuskúra eða salerni? Nánari upplýsingar fást í síma 5775757 eða með því að send tölvupóst á gamur@gamur.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Trampólín og öryggisnet á frábæru verði. Allar frekari upplýsingar á trampolin.is

Er með til sölu 1200 engla úr leirklæddu postulíni. Mismunandi litir og týpur. Bjartir og fallegir í framan, 10-16 cm. á stærð. Verðið á stk. 500 kr. sel ekki í smásölu. Frekari uppl. í s. 661-2845 Karólína

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/Ármúli S. 894 4817.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla



**TANNLÆKNANÁM**
Tannlæknadeild Palacký háskóla í Olomouc í Tékklandi býður upp á 5 ára nám í tannlækningum. Viðurkennt nám. Kennt er á ensku. Til stendur að halda inntökupróf í Reykjavík í vor.
**Nánari upplýsingar í s. 5444333 og kaldasel@islandia.is**

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.
**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475. Eftir klukkan 17.

2.herb. íbúð í 105 til leigu. Uppl. í s. 8600360

**LANGEYRARVEGUR, HAFNARFIRÐI TIL LEIGU !**
Til leigu 3ja herb. 100 fm. jarðh. í Hafnarfirði leigu. Sérinngangur. Íbúðin leigist til 6-9 mánaða með 3ja mánaða uppsagnafresti. Leiguverð kr. 150.000.-, rafmagn, hiti og hússjóður innifalin. Nánari upplýsingar veita Rakel og Viðar á Fold fasteignasölu. S. 552-1400

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**NÝR OG GLÆSILEGUR VEITINGASTAÐUR**
**Í HJARTA REYKJAVÍKUR**
óskar eftir yfirmatreiðslumanni og matreiðslumanni til starfa í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Sveinspróf er skilyrði fyrir yfirmatreiðslumann stöðuna, og æskilegt en ekki skilyrði fyrir stöðu matreiðslumanns. Íslensku kunnátta er skilyrði. Góð laun í boði fyrir réttan/n aðila.
**Umsóknir sendist á maili til kolbrunarna@simnet.is ásamt ferilskrá með mynd. Fullum trúnaði er heitið.**

FREDERIKSEN ALE HOUSE

**FREDERIKSEN ALE HOUSE ÓSKAR EFTIR KOKKUM OG ÞJÓNUM**
Óskum eftir fólki bæði í fullt starf og hluta starf. Staðurinn opnar um mánaðarmótin Maí/Júní
**Áhugasamir sendið umsókn með mynd á helgitomas@gmail.com**




## Atvinna í boði

**MARKMIÐ VERKTAKAR**
óskar eftir að ráða vana menn í hellulagnir. Einnig vantar múrara og smið.

Uppl. sendist á:
markmid@markmid-ehf.is

**kvosin** FERSKT OG FLJÓTT

**VERSLUNIN KVOSIN, AÐALSTRÆTI.**
Leitar að framtíðarstarfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, dugleg(ur) til verka, 18 ára eða eldri og með góða íslensku og ensku kunnáttu. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 1. maí

**ÓSKUM EFTIR MANNI**
Meirapróf og vinnuvélaréttindi skilyrði, reynsla æskileg. Parf að geta hafið störf strax. Uppl. í s. 893-6959 og 864-4890. Drafnarfell ehf.

**Castello** PIZZERIA

Óskar eftir þjónustuliprum starfsmönnum í fullt starf & hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri. Sækja um á castello@simnet.is eða í s. 692 3051

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## atvinna

KJARNAFÆÐI

### Kjarnafæði óskar eftir nemum á samning í kjötiðn

Í dag eru fimm nemar í Kjarnafæði og við viljum bæta við þann hóp. Kjarnafæði er alhliða matvælafyrirtæki með 130 manns í vinnu og þar af nær 20 kjötiðnaðarmeistara og kjötiðnaðarmenn sem framleiða flestar tegundir kjötvara.
Mikil áhersla er lögð á gæðamál og fagleg og vönduð vinnubrögð. Námið tekur fjögur ár, er kennt að hluta í Verkmenntaskólanum á Akureyri og lýkur með sveinsprófi.
Ef þú hefur áhuga á matvælum og vilt starfa í spennandi matvælafyrirtæki, hafðu þá samband. Sérstaklega er bent á að starfið hentar báðum kynjum.
Umsóknum skal skilað á heimasíðu Kjarnafæðis, www.kjarnafaedi.is undir atvinnuumsókn og merkjast **„Kjötnemar 2014"**

## fasteignir

**108 Reykjavík**

### Markland 14



**OPIÐ HÚS**
Þriðjudag 29. apríl 17:30 - 18:15



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason,** Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is **sími:** 822 2307

Vel skipulögð 74 fm 3ja herbergj íbúð
Hús sem hefur fengið gott viðhald
Frábær staðsetning
Álklætt hús



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **27,8 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**110 Reykjavík**

### Vesturás 23



### Glæsilegt raðhús



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Vel skipulagt 143,7 fm raðhús
Bílskúr 24,5 fm
Glæsileg hönnun
Stór afgirt verönd með potti



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **55,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Kirkjulundur 12- Garðabæ - Fullbúin 4ra herbergja útsýnisíbúð.

**EIGNIN ER TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Glæsileg 129,0 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð með svölum til vesturs í 5 hæða glæsilegri nýbyggingu við Kirkjulund í Garðabæ auk 8,5 fm. geymslu í kjallara og sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er fullbúin og innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Innréttingar frá Fagus í Þorlákshöfn. Þrjú herbergi. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónstu Íbúðin er laus til afhendingar strax. **Verð 55,9 millj Íbúð merkt 0302. Verið velkomin**

### Hofslundur 11 – Garðabæ. Endaraðhús.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Vel skipulagt 158,0 fm. endaraðhús á einni hæð með innbyggðum 27,0 fm. bílskúr á góðum stað neðst í Lundunum í Garðabæ. Samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með nýlegum ljósum viðarinnréttingum. Útgengi á verönd bæði úr stofu og úr eldhúsi. Tvö herbergi ( þrjú á teikningu). Ræktuð lóð. Geymsluloft yfir bílskúr. Vel staðsett eign innst í botnlanga. **Verð 49,9 millj.** ***Verið velkomin***

**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Sala fasteigna í 57 ár — Frá 1957 — Elsta starfandi fasteignasala landsins

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

### KJARANSHÚSIÐ - ÁSVALLAGATA 4, 101 REYKJAVÍK, 2. HÆÐ.




**Eignin verður sýnd þriðjudaginn 29. apríl milli kl. 17:00 og kl. 18:00.**

Til sölu er gullfalleg 99 fm íbúð á 2. hæð á þessum einstaka stað í gamla vesturbænum og í göngufæri við miðbæinn. Íbúðin hefur verið endurnýjuð á mjög vandaðan og fallegan hátt, auk þess að utan hefur húsið verið lagfært og endurnýjað. Garður hefur verið endurhannaður og skipt hefur verið um allar frárennslislagnir og upphituð hellulögð stétt frá götu að húsinu og sett upp útilýsing. Nýtt járn er á þaki.

**Verð 49,5 millj.**

## fasteignir

**HRAUNHAMAR** FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Asparás 1 íbúð 102 - Garðabær *Með sérinngang*

**Opið hús í dag milli kl. 17 og 17.30.**




Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilega 116 fermetra 3ja herbergja íbúð með sérinngang við Asparás 1 í Garðabæ. Eignin er smekklega innréttuð með fallegum innréttingum og vönduðum gólfefnum. Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, tvö herbergi, baðherbergi, þvottahús, geymslu og séreignarlóð. Fallegar innréttingar og gólfefni.
**Verð 38,9 millj. Laus við kaupsamning.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Þorbjörn s. 896 0058.**

### Aratún 5 - Garðabær - Einbýli

**Opið hús í dag milli kl. 17.30 og 18**




Nýkomið í sölu mjög gott einbýli á einni hæð ásamt bílskúr vel staðsett við Aratún 5 í Túnahverfi í Garðabæ. Um er að ræða mjög gott einbýli á einni hæð ásamt bílskúr samtals 187,2 fermetrar ásamt ca 25 fermetra garðstofu sem er ekki inn í heildarfermetratölu. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, garðstofu, gang, tvö herbergi, hjónaherbergi, baðherbergi, þvottahús og bílskúr / íbúð. **Verð 55 millj.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Þorbjörn s. 896 0058.**

### Hlíðarbyggð 27 - Garðabær – Raðhús

**Opið hús í dag milli kl. 18 og 18.30**




Mjög gott endaraðhús með innbyggðum bílskúr samtals um 190 fm. á fjölskylduvænum stað við Hlíðarbyggð 27 í Garðabæ. Eignin er góðu ástandi töluvert endurnýjuð og er vel staðsett neðst í botnlanga. Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, gang, þrjú herbergi, baðherbergi, aukaherbergi með baði, geymslu, þvottahús og bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni. Glæsilegur garður. **Verð 51,9 millj.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Þorbjörn s. 896 0058.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

sloggi®

# SLOGGI MAXI 3 Í PAKKA
# Á TILBOÐI
## á útsölustöðum Sloggi





KL. 20:10

**Á fullu gazi**

Sigríður Elva og Finnur Thorlacius stýra þessum fjörugu og skemmtilegu bílaþáttum.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

KL. 20:35

**The Big Bang Theory**

Stórskemmtilegur gamanþáttur um ofurnördana Leonard og Sheldon.



KL. 20:55

**The Mentalist**

Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem nú er orðinn ráðgjafi hjá FBI.



KL. 21:40

**The Smoke**

Vönduð bresk þáttaröð frá framleiðendum Broadchurch.



GULL STÖÐIN | KL. 19:00

**Modern Family**

Fjórða þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 21:05

**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**

Skemmtilegir þættir með frábærri tónlist og góðum gestum.




Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 2 | 1 | | |
| | | 7 | | | | 8 | | 9 |
| 3 | | | | 7 | | 2 | | 6 |
| | 5 | | | 9 | | | | |
| 1 | | 9 | | | 6 | 3 | | 2 |
| 7 | | 3 | 8 | | 1 | | | 5 |
| | | 5 | | | 7 | 9 | | 8 |
| | 1 | 8 | 2 | | 5 | 6 | 3 | |
| 2 | | 6 | 3 | | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | | | | 1 | 5 | 4 | |
| 4 | | | 9 | 2 | | 6 | | |
| | 1 | | 4 | 5 | | | 7 | 3 |
| | | | 5 | 1 | | 8 | | |
| | | | 3 | | | | | |
| | 2 | 6 | 8 | | | 4 | | |
| 1 | | 5 | | | 8 | | 6 | |
| 2 | | | | 3 | | | | 4 |
| | 6 | | | 9 | | | 8 | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 8 | | | 4 | 2 | 6 |
| 1 | | | | | | 5 | | 3 |
| 3 | 4 | | | | | | 9 | |
| | 7 | 2 | | | 6 | | | |
| | 9 | | 3 | 7 | | 6 | 1 | |
| | | | | 9 | | | | |
| | | | | | | 1 | | |
| 4 | | | | 3 | 1 | 2 | | |
| | | | 7 | | 9 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 3 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 2 | 8 | 9 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 |
| 1 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 |
| 5 | 3 | 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 4 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 | 6 | 9 | 4 |
| 2 | 6 | 9 | 4 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 1 |
| 8 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 | 7 | 6 | 5 |
| 6 | 9 | 5 | 8 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 5 | 4 | 6 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 6 | 4 | 2 | 5 | 3 |
| 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 1 | 8 |
| 4 | 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 5 | 1 | 6 | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Ég kemst í vandræði þegar ég hugsa lógískt um hlutina og treysti ekki innsæi mínu.“

*Angelina Jolie*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** frá, **8.** vefnaðarvara, **9.** farvegur, **11.** kringum, **12.** laust bit, **14.** framvegis, **16.** óleti, **17.** iðka, **18.** æðri vera, **20.** persónufornafn, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** fálm, **7.** fáskiptinn, **10.** dorma, **13.** frjó, **15.** máttur, **16.** siða, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** tau, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** at, **17.** æfa, **18.** guð, **20.** ég, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** magn, **16.** aga, **19.** ðð.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Magnus Carlsen (2.881) vann Mamedyarov (2.760) í sjöttu umferð minningarmótsins um Gashimov. Svartur á leik:**



**27. … Bxe4!** Aserinn gafst upp enda staðan vonlaus eftir 28. Bxe4 Hxd1 29. Hxd1 Rxe4. Magnus Carlsen hefur náð sér á strik eftir slæman kafla og hefur endurheimt efsta sætið.
**www.skak.is** Hjörvar vann Hannes í 4. umferð Wow air mótsins.



22" Full HD LED sjónvarp
TILBOÐ
29.989
FULLT VERÐ 44.989
FINLUX
22"
22" FHD LED sjónvarp 1920x1080p upplausn. Stafrænn móttakari DVB-T. USB, HDMI, D-Coax, Ci, CVBS og heyrnartólstengi. 12v - 230v kerfi og hótelstilling.
FINLUX 22FLHY180LD
max.is
MultiTrimmer
TILBOÐ
5.989
FULLT VERÐ 7.989
Philips QG3330
Multi Trimmer fyrir skegg, nef og eyru. 18 stillingar. Sjálfbrýnandi hnífar. Má skola með vatni. Hleðslurafhlaða. 100-240 V.
14" Intel i3 fartölva
TILBOÐ
89.989
FULLT VERÐ 109.989
acer
Létt og meðfærileg 14" fartölva með sprækum Intel i3 örgjörva og Intel HD 4000 skjákorti. 500GB diskur, USB3 og HDMI tengi.
Acer NXMB4ED012
Höggheld-Vatnsheld
TILBOÐ
29.989
FULLT VERÐ 39.989
Olympus TG630WH
Myndavél með 12 MegaPixel upplausn 3" LCD skjá. 5x Optical og 4x Digital zoom. Full HD hreyfimyndataka. Höggheld að 1.5 m. Vatnsheld að 5 m. Frostheld að -10°C. i-Auto o.fl.
Þráðlaust fjölnotatæki
TILBOÐ
13.989
FULLT VERÐ 18.989
AOC
19" LCD skjár
TILBOÐ
13.989
FULLT VERÐ 17.989
19"
Geggjað verð fyrir stílhreinan og flottan 19" AOC tölvuskjá. Nettur og tekur lítið pláss.
AOC-E970SWN
max.is
MAX
RAFTÆKI
Epson XP415
EPSON
Þráðlaus heimilisprentari og skanni með 5760 x 1400 upplausn. Einfaldur í notkun með góðum LCD skjá og iPrint til þess að prenta skjöl og ljósmyndir beint úr símum og spjaldtölvum.
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
SÍMI 412 2200
BEINT Á MÓTI IKEA

# Sagnameistari fellur frá – Gabriel García Márquez 1927–2014

Kólumbíska Nóbelskáldið Gabriel García Márquez lést þann 17. apríl síðastliðinn. Hann er þekktastur hérlendis sem höfundur stórvirkisins Hundrað ára einsemdar, sem þykir einn af hápunktum töfraraunsæis í bókmenntum. **Kristín Guðrún Jónsdóttir** og **Jón Thoroddsen** stikla hér á stóru í lífshlaupi Márquezar, skoða helstu verk hans og rekja arfleifð hans og áhrif á þá höfunda sem á eftir komu.

Að skrifa um kólumbíska rithöfundinn Gabriel García Márquez er að hætta sér inn á villulendur. Lendur allra þeirra er hafa skoðun á verkum hans. Hann hefur bæði verið hlaðinn oflofi og dreginn niður. Flestir sem lesa verk hans hafa einhverja skoðun á þeim. Slíkt skapast ekki í tómarúmi. Skáld af hans stærðargráðu unir sér ekki í lognmollu. Það er til vitnis um frumleika og sérstakan hugarheim. Máttugur skáldskapur gerir það að verkum að veruleikinn birtist í ljósi hans. Þá er hætt við að ljósið verði villandi. Gott og vel, en við lifum í heimi sem er töfrum slunginn og García Márquez var ekki töframaður fyrir ekki neitt. Við sem upplifðum áhrifamátt skáldskapar hans, áhrif hans á tíðarandann, langdrægni hugarflugs hans, sjáum þá endurnýjun sem hefur átt sér stað vegna töfrabragðanna. Kannski má í fljótu bragði nefna nokkuð sem gæti virst hversdagslegt: Vegna áhrifa hans mátti segja hressilegar og skemmtilegar sögur. Vesturlönd höfðu gleymt því í sundurgreinandi ástríðu, í áráttukenndri tilraunamennsku forms og stíls. Í því andrúmslofti kom skáldskapur García Márquezar sem frelsandi boðskapur.

### Amma og afi áhrifavaldar

Gabriel García Márquez fæddist í bænum Aracataca í Kólumbíu árið 1927. Þar ólst hann upp hjá ömmu sinni og afa til tíu ára aldurs. Hann sagði margoft frá því að frásagnir ömmu hans og afa hefðu haft ómæld áhrif á hann og verið honum óþrjótandi uppspretta, sem kemur ekki síst fram í höfuðverki hans, Hundrað ára einsemd, sem kom út árið 1967. Í frásögnum ömmunnar bar mest á hjátrú og alls kyns furðum eins og ekkert væri sjálfsagðara en afinn sagði sögur úr „borgarastríðinu". Hinn næmgeðja ungi maður átti síðan eftir að steypa þessum sögum saman í eitt. Þegar hann síðar las verk Franz Kafka fannst honum þar vera sami tónn og í frásögnum ömmunnar sem gerði þær að bókmenntalegum sjóði.

Eins og margir aðrir rithöfundar rómönsku Ameríku hóf hann nám í lögfræði en hvarf frá því til að sinna blaðamennsku. Blaðamennskan var alla tíð snar þáttur í höfundarferli hans. García Márquez gaf út fyrstu bókmenntaverk sín út á fimmta áratugnum en hann öðlaðist ekki heimsfrægð fyrr en með stórvirkinu Hundrað ára einsemd.

Árið 1961 settist hann að í Mexíkó ásamt konu sinni, Mercedes, og tveimur sonum. Hann var ekki fyrr kominn þangað en samlandi hans, rithöfundurinn Alvaro Mutis (sem einnig bjó í Mexíkó), lét hann fá tvær bækur og sagði: „Lestu þetta ef þú vilt vita hvernig á að skrifa." Þetta reyndust vera Sléttan logar og Pedro Páramo (Pétur heiði) eftir Juan Rulfo (frá 1953 og 1955), en sagt er að García Márquez hafi kunnað síðarnefnda verkið utan að. Sama ár gaf García Márquez út hið hnitmiðaða verk Liðsforingjanum berst aldrei bréf. Í næstu verkum hans mótast smám saman hið skáldaða þorp Macondo sem öðlast fullan blóma í Hundrað ára einsemd.

### Hundrað ára einsemd

Bókin er ættarsaga Buendía-fjölskyldunnar og segir frá því er ættfaðirinn José Arcadio stofnsetur þorpið Macondo, og fylgir hún fjórum ættliðum þar til sá síðasti þurrkast út með þorpinu í lokin. Allt í Macondo gerist með undrum og stórmerkjum en þó eins og það sé sjálfsagt: kona stígur upp til himna, blómum rignir, svefnleysissýki herjar á þorpið og fleira af því tagi. Eins og áður sagði öðlaðist García Márquez heimsfrægð með þessu verki þar sem honum tekst að hnýta saman ótal þræði og margir trúa því að í þessari þéttriðnu bók sé saga allrar rómönsku Ameríku sögð, enn aðrir saga heimsins með goðsögulegum víddum. Það verður að teljast stórkostlegt afrek að viðbættu því að bókin er fádæma skemmtileg. En þar er fólgin hætta sem margir hafa glapist á, að lesa hana eins og einhvern algildan lykil að lífi fólks í álfunni og tákn fyrir allar bókmenntir í löndum rómönsku Ameríku.

Þetta verk þykir hápunktur þeirrar bókmenntastefnu sem hefur verið nefnd töfraraunsæi, þar sem sagt er frá alls kyns furðufyrirbærum eins og þau væru ofurhversdagsleg. Sjálfur sagði García Márquez að öll atvik bóka hans styddust við raunveruleikann og hann væri hatursmaður fantasíu. Má segja að með þessari bók hafi hann komið bókmenntum rómönsku Ameríku á heimskortið og öðrum fremur dregið athyglina að hinum merku bókmenntum álfunnar. Hundrað ára einsemd var þó ekki skrifuð í tómarúmi; rithöfundar eins og Juan Rulfo, Alejo Carpentier, Jorge Luis Borges og Miguel Ángel Asturias plægðu akurinn hver á sinn hátt og García Márquez var ötull að nýta sér útsýnið af herðum þessara miklu fyrirrennara.



**HÖFUÐSKÁLD** García Márquez öðlaðist ekki heimsfrægð fyrr en með stórvirkinu Hundrað ára einsemd. NORDICPHOTOS/GETTY

### Áhrif á ýmsa höfunda

Eftir „Einsemdina" skrifaði García Márquez merkar bækur eins og Haust patríarkans (1975), Frásögn um margboðað morð (1981) og Ástin á tímum kólerunnar (1985), sem hann taldi sína bestu bók. En þessi verk voru alltaf í skugganum af Hundrað ára einsemd.

Hann hefur haft ótvíræð áhrif á rithöfunda víða um heim; margir hafa skrifað í anda töfraraunsæis, Isabel Allende og Salman Rushdie svo dæmi séu tekin. En einnig hefur hann haft áhrif á höfunda nær okkur svo sem Einar Má Guðmundson, Einar Kárason og Vigdísi Grímsdóttur.

Nú má ekki gleymast að ekki eru öll verk García Márquezar skrifuð undir merkjum töfraraunsæis. Síðari tíma verk hans eins og Hershöfðinginn í völundarhúsi sínu (1989) og Frásögn af mannráni (1996) ganga þvert á þessa bókmenntastefnu, hvort á sinn hátt. En honum hefur gengið illa að taka gleraugu töfraraunsæisins af fólki. Svo illa eru þessi gleraugu áföst sjónum fólks að heil kynslóð rithöfunda álfunnar hefur gert uppreisn gegn áhrifavaldi hans, hin svokallaða crack-kynslóð og McOndistarnir. Þessir höfundar endurnefndu heimsþorp García Márquezar með nýrri stafsetningu, McOndo, og eiga þá við heim tölvuvæðingar og skyndibita.

García Márquez fékk Nóbelsverðlaunin árið 1982. Einhverju sinni sagði Nóbelskáldið að það versta sem gæti hent rithöfund sem hefur enga löngun til að verða frægur væri að gefa út skáldsögu sem selst eins og heitar lummur; þannig væri komið fyrir sér, hann forðaðist að verða sýningargripur og fyrirliti sjónvarpið, bókmenntaráðstefnur, fyrirlestra og gáfumennasamkundur. Hvað sem því líður hafa verk hans veitt mörgum ómælda gleði og innblástur sem nær langt út fyrir þröngan ramma bókmenntanna.

Gabriel García Márquez lést í Mexíkóborg 17. apríl síðastliðinn – á skírdag, rétt eins og landsmóðirin Úrsula Iguarán í Hundrað ára einsemd. Hann var 87 ára en ekki einhvers staðar milli 115 og 122 eins og landsmóðirin sem á sér fyrirmynd í ömmu hans. Þannig rann hann táknrænt saman við frásagnir ömmu sinnar á endadægri.

### → Útgefin verk eftir García Márquez á íslensku

**Hundrað ára einsemd, 1978** – *þýð. Guðbergur Bergsson*
**Liðsforingjanum berst aldrei bréf, 1980** – *þýð. Guðbergur Bergsson*
**Frásögn um margboðað morð, 1982** – *þýð. Guðbergur Bergsson*
**Af jarðarför Landsmóðurinnar gömlu, 1985** – *þýð. Þorgeir Þorgeirsson*
**Ástin á tímum kólerunnar, 1986** – *þýð. Guðbergur Bergsson*
**Saga af sæháki, sem rak tíu daga á fleka ..., 1987** – *þýð. Guðbergur Bergsson*
**Hershöfðinginn í völundarhúsi sínu, 1989** – *þýð. Guðbergur Bergsson*
**Um ástina og annan fjára, 1995** – *þýð. Guðbergur Bergsson*
**Frásögn af mannráni, 1997** – *þýð. Tómas R. Einarsson*
**Minningar um döpru hórurnar mínar, 2006** – *þýð. Kolbrún Sveinsdóttir*
**Nokkrar smásögur í tímaritum** – *þýð. Ingibjörg Hjartardóttir, Stefán Sigurkarlsson*

GRÓÐUR FYRIR FÓLK
Í LANDNÁMI INGÓLFS

**Aðalfundur GFF 2014 fer fram í Hannesarholti, Grundarstíg 10, Reykjavík þriðjudagskvöldið 6. maí.**

**Þema fundarins er hugtakið**
**Vistvangur og þýðing þess fyrir ræktun lands og lýðs hér á suðvesturhorninu.**

- Undirritaður verður samstarfssamningur GFF og Grindavíkur um vistvang í lögsögu bæjarins.
- Þá munu frambjóðendur til sveitarstjórna verða í pallborði og gefa sína sýn á vistvang fyrir höfuðborgarsvæðið.

Allt áhugafólk um gróðurvernd, uppgræðslu og sjálfbæra þróun velkomið á aðalfundinn sem **hefst kl. 20.00.**

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

# MASSIVE ATTACK

## DISCLOSURE DJ WOODKID

## Schoolboy Q JAMIE JONES BANKS

MÚM [IS] CARL CRAIG [US] DAMIAN LAZARUS [UK] HE [IS]

KERRI CHANDLER [US] EATS EVERYTHING [UK] SKREAM [UK]

HJALTALÍN [IS] THE 2 BEARS [UK] BODDIKA [UK] GORGON CITY [UK]

ROB DA BANK [UK] GLUTEUS MAXIMUS [IS] APHROHEAD [US]

PAUL WOOLFORD [UK] BEN PEARCE [UK] MOLOTOV JUKEBOX [UK]

DROOG [US] WAZE & ODYSSEY [UK] JACKMASTER [UK] MAUS [IS] ONEMAN [UK]

ELIPHINO [UK] XXX ROTTWEILER [IS] SAMARIS [IS] DISA [IS] MAMMÚT [IS] DOORLY [UK]

SÍSÝ EY [IS] GÍSLI PÁLMI [IS] EMMSJÉ GAUTI [IS] ÚLFUR ÚLFUR [IS] CLIVE HENRY [UK]

MOSES HIGHTOWER [IS] FRANCESCA LOMBARDO [UK] OJBA RASTA [IS]

KALEO [IS] ARTWORK [UK] TINY [IS] PALEMAN [UK] TRUE TIGER [UK] DJ MARGEIR [IS]

KLOSE-ONE [UK] BENTON [UK] SOMETIME [IS] JOSH BUTLER [UK] CELL7 [IS] ...OG FJÖLDI ANARRA!

**MIÐASALA Á www.SECRETSOLSTICE.IS OG Í LUCKY RECORDS**

WOW air FOUNDING SPONSOR · ÍCELANDIC GLACIAL · 365 · Budget · 66° NORTH · the warehouse project

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER WOMAN | KL. 8 (FORSÝNING) | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| OCULUS | KL.10.25 | 16 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER WOMAN | KL. 8 (FORSÝNING) | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 6 - 9 - 10 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 5.45 | L |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 - 10.20 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE OTHER WOMEN | 10 FORSÝNING | 12 |
| SPIDERMAN 2 | 5, 8, 10:50 | 12 |
| RIO 2D | 5 | L |
| A HAUNTED HOUSE 2 | 11 | 14 |
| HARRY OG HEIMIR | 5, 7, 9 | 7 |

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D | KL. 5 - 8 - 10:55 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 VIP 2D | KL. 5 - 8 - 10:55 | |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8:10 - 10:20 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10:55 | 12 |
| RÍÓ 2 ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:55 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D | KL. 4:45 - 7:40 - 10:35 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 6 - 9 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 9 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 6 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D | KL. 5 - 8 - 10:55 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 10:10 | 12 |
| RÍÓ 2 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 10:10 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG




**SPENNANDI VERKEFNI** Myndin lítur dagsins ljós á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mynd Ridleys tekin á Íslandi

Tökur á nýrri bíómynd sem byggð er á vinsæla tölvuleiknum Halo hefjast í næstu viku á Íslandi og á Írlandi. Myndin kemur úr smiðju leikstjórans Ridleys Scott og framleiðslufyrirtækis hans, Scott Free Productions. Þetta kom fram á blaðamannafundi Microsoft í dag.

Myndin lítur dagsins ljós seinna á þessu ári en vefsíðan Gigaom hefur heimildir fyrir því að hún verði frumsýnd í október.

Þá er leikstjórinn Steven Spielberg einnig með þáttaröð byggða á Halo í bígerð og verða þessi tvö verkefni tengd að einhverju leyti. **-lkg**



**FAGMAÐUR** Gunnar Þórðarson stígur á svið í Von í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kaffi, kökur og Gunni Þórðar

„Þetta hefur gengið frábærlega hjá okkur," segir Rúnar Freyr, samskiptafulltrúi SÁÁ, um tónleikaröð SÁÁ, Kaffi, kökur, rokk & ról. Síðustu tónleikar í röðinni fyrir sumarið verða haldnir í kvöld í Von, húsi SÁÁ, Efstaleiti 7. Það er enginn annar en Gunnar Þórðarson sem sér um að skemmta gestum.

„Ég held ég geti lofað frábærum tónleikum. Gunna Þórðar þarf ekki að kynna fyrir neinum enda okkar ástsælasti tónlistarmaður. Hann er alltaf frábær, það er bara þannig. Og í kvöld mætir hann einn með gítarinn og tekur öll sín þekktustu lög. Þetta verður æðislegt. Miðaverð er þúsund krónur og í boði er kaffi, kökur og Gunni Þórðar," segir Rúnar Freyr, sem er afar ánægður með viðtökurnar sem tónleikaröðin hefur fengið.

„Hingað koma allra bestu tónlistarmenn þjóðarinnar síðasta þriðjudag hvers mánaðar og fólk nýtur þess að mæta á gæðatónleika í edrú umhverfi. Sumir koma meira að segja með unglingana sína með."

Húsið verður opnað kl. 20.00 og tónleikarnir byrja klukkan 20.30. **-lkg**

# Það sem ekki má

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon



Það er komið vor, eða sumar öllu heldur. Um helgina þusti fólk út úr húsi og baðaði sig í fyrstu sólargeislum sumarsins 2014. Fölum vöngum var snúið í átt til sólar og gott ef þeir roðnuðu ekki dálítið undan hlýjum stöfum hennar. Ég gerði það auðvitað líka – fékk mér kaffi í götumál og þræddi mig í gegnum mannþröngina sem hafði myndast í miðbænum. Brosti mínu breiðasta og nikkaði góðan dag til allra hinna sem einnig nutu blíðunnar.

**SEINNI** part sunnudags sótti ég lítið afmælisboð sem hafði í skyndi verið flutt innan úr stofunni og út undir beran himin svo gestirnir færu ekki á mis við sumarsólina. Írsk föðuramma afmælisbarnsins var í heimsókn og, líkt og við hin, var hún himinlifandi með veðrið. Það mætti því segja að það hafi ríkt alþjóðleg ánægja með veðrið þann dag.

**ÉG** er fullkomlega meðvituð um að maður á, og má ekki kvarta undan þeim fáu sólardögum sem okkur er úthlutað á ári hverju. En – það slæma við sólardagana er að manni verður svo lítið úr verki. Það má ekki sóa þessum fágætu gullmolum í eitthvað jafn hversdagslegt og uppvask eða þrif. Það eru óskrifaðar reglur.

**VEGNA** sólarinnar grynnkaði því lítið á „to do"-listanum sem átti að klára yfir helgina. Þessi verkefni eru dæmd til að sitja á hakanum fram að næsta rigningardegi. Mig grunar þó að það sé stutt í að sá dagur renni upp.

# Mikil aðsókn í leiklistarprufurnar

Um fimm hundruð manns mættu í prufur fyrir íslenska indie/rokk-leikhúsverkið Revolution Inside the Elbow of Ragnar Agnarsson the Furniture Painter í New York.

„Ég er nýkominn heim, ég var viðstaddur prufurnar í New York, það mættu um 500 manns í prufur og það var mikið stuð. Þetta var svakalegt ævintýri, erfitt en gaman," segir tónlistarmaðurinn Stefán Örn Gunnlaugsson, en hann er tónlistarstjóri og pródúserar jafnframt alla tónlist í íslenska indie/rokk-leikhúsverkinu, Revolution Inside the Elbow of Ragnar Agnarsson Furniture Painter í New York.

Um er að ræða eins konar söngleik eftir Ívar Pál Jónsson og þá sér Bergur Þór Ingólfsson um leikstjórn en ráðgert er að frumsýna verkið í ágústmánuði í New York. Lee Proud er danshöfundur og Petr Hlousek hannar sviðsmynd en þeir ásamt Bergi unnu saman að Mary Poppins á Íslandi.

Um framleiðslu verksins sjá Theater Mogul og Karl Pétur Jónsson.

„Þetta kom þannig til að Ívar Páll Jónsson, sem semur leikritið, lög og texta, hafði samband við Jónas Sig og spurði Jónas hvort hann vildi taka þátt í þessu með honum. Hann hafði dálæti á tónlist Jónasar og í kjölfarið benti Jónas svo á mig og ég kom inn í þetta. Síðan eru liðin þrjú ár og allt að smella saman," segir Stefán Örn spurður út í upphafið.

Stefán hefur gert plötu með tónlistinni úr söngleiknum og þar koma fram íslenskir tónlistarmenn. „Það eru söngvarar eins og Eyþór Ingi, Valdimar Guðmundsson, Sigríður Thorlacius, Lára Rúnarsdóttir, Íkorni og Soffía Björg Óðinsdóttir sem syngja lögin á plötunni, ásamt íslenskum hljóðfæraleikurum," bætir Stefán Örn við.

Einnig syngur á plötunni Liam McCormick, höfuðpaur hljómsveitarinnar The Family Crest.

gunnarleo@frettabladid.is



**STÝRIR TÓNLISTINNI** Stefán Örn Gunnlaugsson pródúserar tónlistina í söngleiknum og er jafnframt tónlistarstjóri. MYND/

> **Í kjölfarið benti Jónas svo á mig og ég kom inn í þetta. Síðan eru liðin þrjú ár og allt að smella saman.**
>
> *Stefán Örn Gunnlaugsson*




Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Síðustu sýningar Kvikmyndasafnsins í Bæjarbíói
Sjá sýningaskrá á: www.kvikmyndasafn.is

**STRÍÐ OG FRIÐUR**
**Stj.: Sergei Bondartsjúk**
*Þema: Bókmenntajöfrar á kvikmyndatjaldi*

Stríð og friður eftir samnefndri skáldsögu **Lev Tolstojs** er ein dýrasta og stórbrotnasta kvikmynd sem nokkurn tíman hefur verið gerð. Sjá nánar um myndina í sýningarskrá og á heimasíðu safnsins. Fyrstu tveir hlutarnir eru með ensku tali en hlutar 3 og 4 með enskum neðanmálstextum.

| | | |
|---|---|---|
| Þri. | 29.04 kl. 20:00 | **1. hluti - Andrei Bolko...** |
| Mið. | 30.04 kl. 20:00 | **2. hluti - Natasha Rost...** |
| Fös. | 02.05 kl. 20:00 | **3. hluti - Árið 1812** |
| Lau. | 03.05 kl. 16:00 | **4. hluti - Pierre Bezukh..** |




BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# CLOONEY OG KONURNAR

Stórleikarinn og hjartaknúsarinn George Clooney kom öllum á óvart um helgina þegar fréttir bárust af því að hann hefði trúlofast breska lögfræðingnum Amal Alamuddin. George Clooney hefur lengi verið þekktur fyrir að vera glaumgosi og hefur átt fjölmargar kærustur.

1987 1990 1993 1996 1999 2002 2005 2008 2011 2014



**KELLY PRESTON** (1988-1989)
George og Kelly, sem nú er gift John Travolta, fluttu inn saman þegar þau voru bæði að reyna að meika það í leiklistinni. Þau áttu líka saman lítinn grísling sem hét Max, sem George hélt í skilnaðinum, en Max litli lést árið 2006.



**TALIA BALSAM** (1989-1993)
George hefur aðeins kvænst einu sinni en þau Talia létu pússa sig saman í Las Vegas. „Ég var líklegast ekki maður sem hefði átt að kvænast á þessum tímapunkti," sagði leikarinn í viðtali við Vanity Fair þegar hann leit yfir farinn veg.



**KIMBERLY RUSSELL** (1993-1996)
Kimberly og George kynntust á setti Martini-auglýsingar en hættu saman þegar Kimberly fór að tala um hjónaband. Eða svo segir sagan.



**CELINE BALITRAN** (1996-1999)
Leikarinn kynntist frönsku gengilbeinunni Celine þegar hann var við tökur á kvikmyndinni The Peacemaker í París. Hún elti hann til Los Angeles en leikarinn sagði síðar í viðtali við Esquire að þau hefðu hætt saman vegna fælni hans við skuldbindingu.



**LISA SNOWDON** (2001-2006)
Fyrirsætan og sjónvarpskonan fangaði hjarta leikarans og vakti sambandið gríðarlega athygli fjölmiðla.



**SARAH LARSON** (2007-2008)
Rómantíkin á milli leikarans og gengilbeinunnar frá Las Vegas varði stutt en George bauð henni nú samt með sér á Óskarsverðlaunaafhendingu.



**ELISABETTA CANALIS** (2009-2011)
Margir héldu að ítalska sjónvarpskonan væri sú eina rétta fyrir George en svo var ekki.



**STACY KEIBLER** (2011-2013)
Silfurrefurinn deitaði Stacy í tæplega tvö ár og sögðu kunnugir að George hefði ekki viljað kvænast henni. Hún á nú von á sínu fyrsta barni með eiginmanni sínum, Jared Pobre.



**AMAL ALAMUDDIN** (2013-)
George byrjaði með breska lögfræðingnum í október í fyrra og fór á skeljarnar fyrir stuttu. Er hún sú eina rétta?


Ársfundur Landspítala 2014
Hótel Hilton 6. maí kl. 13.00

LANDSPÍTALI

ÞJÓÐARSJÚKRAHÚS Á TÍMAMÓTUM

**Ávarp**
Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra

**Landspítali – leiðin framundan**
Páll Matthíasson forstjóri

**Ársreikningur Landspítala 2013**
María Heimisdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs

**Vísindi og menntun – forsenda framfara á Landspítala**
Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga

**Starfsmenn heiðraðir**
Páll Matthíasson forstjóri og Bryndís Hlöðversdóttir starfsmannastjóri



MÁLÞING: UPPBYGGING Í AUGSÝN

**Öruggur spítali – góður vinnustaður**
Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Bryndís Hlöðversdóttir starfsmannastjóri

**Skilvirkir verkferlar – ábyrgur rekstur**
Benedikt Olgeirsson aðstoðarforstjóri og María Heimisdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs

**Spítalinn okkar – landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala**
Anna Stefánsdóttir formaður

**Umræður og fyrirspurnir**

**Samantekt og lokaorð**
Páll Matthíasson forstjóri

Fundarstjóri: Guðfinna S. Bjarnadóttir

**Fundurinn er öllum opinn**
Skráning á www.landspitali.is

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

# SPORT

## SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

pepsi deildin
HEFST 4. MAÍ

| | |
|---|---|
| 1. sæti | ??? |
| 2. sæti | ??? |
| 3. sæti | ??? |
| 4. sæti | ??? |
| 5. sæti | VALUR |
| 6. sæti | ÍBV |
| 7. sæti | Þór |
| 8. sæti | Fram |
| 9. sæti | Keflavík |
| 10. sæti | Víkingur |
| 11. sæti | Fylkir |
| 12. sæti | Fjölnir |

### Valur hafnar í 5. sæti

Er Magnús Gylfason búinn að koma á stöðugleika á Hlíðarenda? Valsmenn fengu ekki til sín nema fimm leikmenn í sumar og misstu fjóra. Þetta þykir ekki mikið á Vodafone-vellinum þar sem leikmenn hafa komið og farið í tugatali undanfarin ár.

Þeir leikmenn sem Valur hefur fengið styrkja einnig liðið þannig að Valsmenn mæta með öflugra lið til leiks í sumar ef eitthvað er. Stefnan er sett á Evrópusæti sem er eðlilegt en liðið gæti alveg barist aðeins ofar í deildinni.

Valsliðið er vel mannað og með þokkalega breidd en það vantar svolítið afgerandi leikmenn sem geta klárað leikinn upp á eigin spýtur.



### Lykilmaðurinn

Haukur Páll Sigurðsson hefur verið einn albesti miðjumaður deildarinnar undanfarin ár og verður það eflaust áfram.

Sterkur og vinnusamur miðjumaður sem getur tekið yfir miðsvæðið með krafti sínum og dugnaði sé hann í stuði.

Haukur er líka drjúgur þegar kemur að því að skora mörk.

Hann er mjög öflugur í loftinu og nýtir það bæði í skallaeinvígum á miðsvæðinu og í föstum leikatriðum.

### Þjálfarinn



Magnús Gylfason er 46 ára gamall og á sínu öðru ári með Valsliðið. Hann stýrði áður ÍBV, KR, Víkingi og Haukum en hann náði best 2. sæti með ÍBV.

**TÖLURNAR Í FYRRA**

| | |
|---|---|
| Mörk skoruð | 3. sæti (2,05 í leik) |
| Mörk á sig | 6. sæti (1,41 í leik) |
| Stig heimavelli | 6. sæti (13 af 39,4%) |
| Stig á útivelli | 3. sæti (11 af 60,6%) |

### Nýju andlitin

**Halldór Hermann Jónsson (Fram)**
**James Hurst (Englandi)**
**Kristinn Ingi Halldórsson (Fram)**
**Mads Nielsen (Danmörku)**

**FYLGSTU MEÐ ÞESSUM**

**Kristinn Freyr Sigurðsson:** fæddur 1991 og á sínu þriðja ári með Val eftir komu sína frá Fjölni. Hefur fengið stærra hlutverk í Valsliðinu og mun verða lykilmaður á miðjunni í sumar. Hann er einn af þeim leikmönnum sem gætu algjörlega sprungið út í sumar.

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL >** 2008 (5. sæti) - 2009 (8. sæti) - 2010 (7. sæti) - 2011 (5. sæti) - 2012 (8. sæti) - 2013 (5. sæti)

Íslandsmeistarar: 20 sinnum (síðast 2007) / Bikarmeistarar: 9 sinnum (síðast 2005)

# Tvíhöfði í Dalnum?

## KR íhugar að færa fyrsta leikinn gegn Valsmönnum.

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að fyrsti leikur Íslandsmeistara KR verði ekki spilaður á heimavelli þeirra í Frostaskjóli en KR-völlurinn kemur illa undan vetri eins og flestir aðrir vellir á höfuðborgarsvæðinu. Ástand valla í höfuðborginni er ekki gott og tilkynnti Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, á blaðamannafundi í síðustu viku að undanþágur verði gerðar hvað varðar vallarmál í fyrstu umferðum Pepsi-deildarinnar.

„Við erum ekki alveg búnir að loka á það að spila í Frostaskjólinu en við ætlum aðeins að bíða og sjá. Ég hallast samt frekar að því að við færum leikinn. Völlurinn er allur að koma til en hann verður að vera leikhæfur,“ segir Jónas Kristinsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar KR, við Fréttablaðið.

Jónas vildi ekki staðfesta að KR hefði rætt við KSÍ um að færa leikinn á gervigrasið í Laugardal þar sem liðið mætti Fram í Meistarakeppni KSÍ á sunnudaginn. Hann sagði þó að KR-ingar væru hrifnari af því að spila utandyra.

Fram spilar fyrstu heimaleiki sína á gervigrasinu en sá fyrsti á móti ÍBV fer fram á sunnudaginn klukkan 16.00. Svo gæti farið að Pepsi-deildartvíhöfði fari fram þar á sunnudaginn ef KR færir leikinn þangað en KR mætir Val klukkan 19.15 á sunnudag. -tom



**DALURINN** Spila bæði KR og Fram fyrsta leik í Dalnum? FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






**KOMIÐ MEÐ KRAFT** Nærvera Kristjáns Arasonar á hliðarlínunni hjá FH hefur heldur betur haft góð áhrif á liðið. FH fær flott tækifæri til þess að senda erkifjendurna í sumarfrí í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Búið að vera ævintýri

## FH skreið inn í úrslitakeppni Olís-deildar karla en er nú aðeins einum sigri frá því að senda deildarmeistara Hauka í sumarfrí. Það hefur orðið stökkbreyting á leik FH-liðsins síðan Kristján Arason kom til þess að aðstoða þjálfarateymið.

**HANDBOLTI** „Það hefur verið mjög gaman að koma aftur inn í liðið. Þetta er búið að vera ævintýri hjá okkur,“ segir handknattleiksþjálfarinn Kristján Arason en síðan hann kom til þess að aðstoða Einar Andra Einarsson með liðið hefur það heldur betur farið í gang.

Eftir dramatíska lokaumferð í deildinni náði FH fjórða sætinu og komst í úrslitakeppnina. Það bjuggust samt ekki margir við því að liðið myndi veita deildarmeisturum Hauka mikla samkeppni enda voru Haukar búnir að skella FH-ingum sex sinnum í röð í vetur.

Annað hefur komið á daginn því FH vann fyrstu tvo leiki liðanna. FH fékk aftur á móti fimmtán marka skell í síðasta leik en fær tækifæri á heimavelli í kvöld til þess að tryggja sig inn í lokaúrslitin.

„Við vorum með sautján tæknifeila í síðasta leik og það er svona tíu of mikið. Þeir fá líka tólf hraðaupphlaup í fyrri hálfleik. Það gekk lítið upp. Haukarnir spiluðu samt mjög vel, ég tek það ekki af þeim,“ segir Kristján.

### Sjálfstraustið var farið

Þegar hann kom inn í liðið var nákvæmlega ekkert sem benti til þess að FH væri á leið í úrslitakeppnina.

„Það var þannig ástand þarna að ég gat ekki skorast undan áskoruninni. Ég var ekkert á leið í boltann þegar þetta kom upp. Sólarhring eftir að hringt var í mig var þetta ákveðið. Mér, Einari og Elvari tókst síðan að koma tiltrú í strákana. Það var búin að vera löng taphrina og sjálfstraustið var farið,“ segir Kristján en óraði hann fyrir því að FH-liðið myndi mæta eins öflugt í rimmuna við Haukana og raunin er?

„Ég er nú ansi reynslumikill og veit að liðin sem lenda í fyrsta og öðru sæti geta mætt svolítið værukær til leiks. Ég hef lent í því þrisvar sjálfur á mínum ferli. Það gerðist hjá Haukunum. Við lögðum mikla vinnu í að greina þá og náðum að loka á það sem hafði gengið upp hjá þeim gegn okkur. Þá kom ákveðið ráðleysi hjá þeim sem við gátum nýtt okkur.“

### Úrslitaleikur fyrir okkur

Kristján segir að slíkt hafi ekki verið upp á teningnum í öðrum leiknum en þar hafi FH samt haft sigur. Áður hefur verið minnst á þriðja leikinn. Hvað með þetta viðkvæma sjálfstraust hjá FH-liðinu fyrir leikinn í kvöld?

„Ég hafði smá áhyggjur af því strax eftir þriðja leikinn. Við fórum strax að vinna í þeim málum og ég er sannfærður um að strákarnir mæta til leiks með allt öðru hugarfari núna. Við stillum leiknum upp sem úrslitaleik enda okkar heimaleikur og gott tækifæri til þess að klára rimmuna fyrir framan fullt hús af fólki. Haukarnir eru með frábært lið og við verðum að eiga toppleik til þess að klára þá. Það tekst vonandi með góðum stuðningi.“

Þegar FH varð Íslandsmeistari árið 2011 var Kristján þjálfari liðsins og það lék hörkuvarnarleik. Hann hefur einmitt orðið mun sterkari síðan Kristján kom inn í þjálfarateymið.

„Þeir höfðu verið að spila þessa 6/0-vörn en ég breytti nokkrum atriðum sem snúa meira að liðunum sem við erum að mæta. Það hefur gefið góða raun allt fram að síðasta leik gegn Haukunum. Þegar við fáum síðan fimmtán varða bolta eða meira þá vinnum við. Það var sorglegt síðast að byrja með fína markvörslu en sóknarleikurinn fylgdi ekki eftir.“

> **Við stillum þessu upp sem úrslitaleik enda heimaleikur og gott tækifæri til þess að klára rimmuna.**
> *Kristján Arason.*

### Myndi skoða atvinnuþjálfarann

Þó að Kristján sé ekki búinn að vera aðalþjálfari um tíma þá hefur hann verið að þjálfa unglingalandslið. Hvað með framhaldið? Hefur hann hug á að þjálfa aftur af fullum krafti?

„Þetta er mjög bindandi starf og hefur ekki hentað þegar maður vinnur á fullu því maður vill gera þetta vel. Ég er svo heppinn að vera á milli starfa núna og hef því tíma. Þá er gaman að stúdera. Eina sem ég myndi skoða væri atvinnuþjálfari en það yrði að vera mjög spennandi til þess að ég skoðaði það af alvöru,“ segir Kristján en hann hefur síðustu ár verið orðaður við lið úti í Evrópu.

„Undanfarin ár hefur alltaf eitthvað komið upp á og að sama skapi eitthvað orðið til þess að ég afþakkaði. Það var allt frá Bundesligu-liðum og í önnur lönd. Þá hentaði mér ekki að fara út. Ég er ekki að skoða neitt af neinni alvöru í augnablikinu. Ef eitthvað kemur þá verður væntanlega haldinn fjölskyldufundur.“

henry@frettabladid.is

# Bale klár í slaginn gegn Bayern

Bayern þarf að skora tvö gegn Real Madrid til að komast í úrslitaleikinn.

**FÓTBOLTI** Stórveldin Bayern München og Real Madrid mætast í seinni leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í fótbolta í kvöld á Allianz-vellinum í München. Real er 1-0 yfir eftir fyrri leikinn en eina mark leiksins skoraði Frakkinn Karim Benzema.

Varnarmúr Real reyndist Bæjurum erfiður fyrir viku en Carlo Ancelotti teiknaði upp skyndisóknalistaverk sem virkaði mjög vel og má fastlega búast við að Real-menn spili svipaðan leik í kvöld.

Munurinn er þó að tveir af bestu knattspyrnumönnum heims, Cristiano Ronaldo og Gareth Bale, verða líklega báðir í byrjunarliðinu en Bale er allur að ná sér af veikindum sem hafa hrjáð hann undanfarna daga. Ancelotti staðfesti á blaðamannafundi í gær að hann yrði klár í slaginn.

Bale var ekki í byrjunarliðinu í fyrri leiknum heldur kom hann inn á fyrir Ronaldo þegar 15 mínútur voru eftir. Það mun gera mikið fyrir Real og gera Bayern erfiðara um vik ef þeir byrja báðir í skyndisóknaruppleggi Ancelottis.

„Hlutirnir verða ekki auðveldari fyrir okkur ef þeir byrja báðir leikinn,“ sagði Arjen Robben, framherji Bæjara, á blaðamannafundi í gær.

„Það kom okkur á óvart hversu varnarsinnaðir Real-menn voru í fyrri leiknum. Við sjálfir verðum að einbeita okkur að því að spila sóknarleik og skora mörk. En við megum ekki gleyma okkur í skyndisóknunum þeirra.“

Leikurinn hefst klukkan 18.45 og er í beinni á Stöð 2 Sport. -tom



**KOMIÐI BARA** Cristiano Ronaldo er klár í slaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**IÐNAÐARTROÐSLA** Magni Hafsteinsson átti mjög góðan leik fyrir KR í gærkvöldi þegar deildarmeistararnir völtuðu yfir Íslands- og bikarmeistara Grindavíkur í þriðja leik lokaúrslitanna. KR getur orðið meistari í Grindavík í næsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KARLA

**LOKAÚRSLIT - LEIKUR 3**

**KR - GRINDAVÍK 87-58 (49-33)**

**KR:** Darri Hilmarsson 17/9 fráköst, Demond Watt Jr. 16/17 fráköst/4 varin skot, Martin Hermannsson 14, Brynjar Þór Björnsson 9, Helgi Már Magnússon 9/7 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 7, Pavel Ermolinskij 5/11 fráköst/8 stoðsendingar, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 5/11 fráköst, Ólafur Már Ægisson 3, Högni Fjalarsson 2, Vilhjálmur Kári Jensson 0, Illugi Steingrímsson 0.

**Grindavík:** Earnest Lewis Clinch Jr. 13/7 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 13/7 fráköst/4 varin skot, Ólafur Ólafsson 10/5 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 8/11 fráköst, Hilmir Kristjánsson 5, Jóhann Árni Ólafsson 4/6 stoðsendingar, Hinrik Guðbjartsson 2, Daníel Guðni Guðmundsson 2, Kjartan Helgi Steinþórsson 1, Jens Valgeir Óskarsson 0, Jón Axel Guðmundsson 0, Magnús Már Ellertsson 0.

*Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir KR.*

### OLÍS-DEILD KVENNA

**UNDANÚRSLIT - LEIKUR 3**

**STJARNAN - GRÓTTA 23-21 (11-14)**

**Stjarnan - Mörk (skot):** Jóna Margrét Ragnarsdóttir 5/1 (17/1), Hildur Harðardóttir 4 (4), Helena Rut Örvarsdóttir 4 (10), Þórhildur Gunnarsdóttir 3 (4), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 3 (5), Nataly Sæunn Valencia 2 (4), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2 (6).

**Varin skot:** Florentina Stanciu 17/1 (34/2, 50%), Heiða Ingólfsdóttir 1 (5, 20%).

**Hraðaupphlaup:** 8 ( Hildur Harðardóttir 1, Helena Rut Örvarsdóttir 2, Þórhildur Gunnarsdóttir 3, Sandra Sif Sigurjónsdóttir 1, Nataly Sæunn Valencia 1).

**Fiskuð víti:** 1 ( Esther Viktoría Ragnarsdóttir 1).

**Utan vallar:** 4 mínútur

**Fiskuð víti:** 5 (Kristín, Anna 2, Morgan 2)

**Utan vallar:** 2 mínútur.

**Grótta - Mörk (skot):** Laufey Ásta Guðmundsdóttir 6 (11), Eva Björg Davíðsdóttir 5/1 (8/1), Unnur Ómarsdóttir 3 (10/2), Lene Burmo 2 (5), Anett Köbli 2 (5), Guðný Hjaltadóttir 1 (1), Ásthildur Embla Friðgeirsdóttir 1 (3), Sóley Arnarsdóttir 1 (3).

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 21 (44/1, 48%), 1 (1, 100%).

**Hraðaupphlaup:** 6 (Laufey Ásta Guðmundsdóttir 2, Unnur Ómarsdóttir 1, Lene Burmo 1, Anett Köbli 1, Sóley Arnarsdóttir 1).

**Fiskuð víti:** 3 ( Eva Björg Davíðsdóttir 1, Lene Burmo 2).

**Utan vallar:** 6 mínútur.

*Stjarnan vann einvígið, 3-0.*




# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.10
**Á fullu gazi**



Frábærir þættir þar sem fjallað er um glæsilega bíla og önnur flott farartæki. Hér er hraðinn og spennan í fyrirrúmi og áhersla lögð á ný og glæsileg tryllitæki. Umsjónarmenn eru Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius.



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30** Bein útsending frá seinni viðureign Bayern München og Real Madrid í undanúrslitum í Meistaradeild Evrópu.



### The Mentalist
**STÖÐ 2 KL. 20.55** Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.



### Pretty Little Liars
**STÖÐ 3 KL. 20.25** Fjórða röðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.

### Bylgjan kl. 10.00
**Ívar Guðmundsson**



Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp.





## Undanúrslit í kvöld!

Evrópumeistararnir í Bayern Munchen þurfa að spila uppá sitt besta gegn Real Madrid í kvöld ef að þeir ætla sér að verja titilinn í ár. Fyrri viðureign liðanna endaði með 1-0 sigri Real Madrid á Santiago Bernabeu. Upphitunin hefst kl. 18:00 á Stöð 2 Sport.

2 SPORT Kl. 18:30

**Bayern München – Real Madrid**

Fáðu þér áskrift! 365.IS


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Waybuloo
**07.20** Scooby-Doo!
**07.40** Ozzy and Drix
**08.05** Malcolm in the Middle
**08.30** Extreme Makeover. Home Edition
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** The Wonder Years
**10.40** The Middle
**11.05** Flipping Out
**11.50** The Kennedys
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor US
**13.50** Covert Affairs
**14.35** In Treatment
**15.05** Sjáðu
**15.35** Ozzy and Drix
**16.00** Scooby-Doo!
**16.25** Mike and Molly
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** New Girl *(21:25)*
**19.45** Surviving Jack *(3:8)*
**20.10** Á fullu gazi
**20.35** The Big Bang Theory *(21:24)*
**20.55** The Mentalist *(18:22)*
**21.40** The Smoke *(4:8)*
**22.25** Rake *(13:13)*
**23.10** Daily Show. Global Edition
**23.35** Grey's Anatomy
**00.20** Rita
**01.05** Believe
**01.50** Crossing Lines
**02.35** Burn Notice
**03.20** Fringe
**04.00** Outlander
**05.50** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT besta sætið

**07.00** KR - Grindavík
**12.20** Valencia - Atletico Madrid
**14.00** KR - Grindavík
**15.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**16.00** San Antonio - Dallas
**18.00** Meistaradeildin - upphitun
**18.30** Meistaradeild Evrópu. Bayern München - Real Madrid Bein útsending
**20.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**21.10** Spænsku mörkin 2013/14
**21.40** Meistaradeild Evrópu. Bayern München - Real Madrid
**23.20** Meistaradeildin - meistaramörk
**23.50** Villarreal - Barcelona

## SPORT 2 enski boltinn

**13.10** Fulham - Hull
**14.50** Sunderland - Cardiff
**16.30** Messan
**17.50** Premier League World
**18.20** Man. Utd. - Norwich
**20.00** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**20.55** Colombia, Belo Horizonte, Greece
**21.25** Football League Show 2013/14
**21.55** Crystal Palace - Man. City
**23.35** Swansea - Aston Villa

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**14.55** Simpson-fjölskyldan
**15.15** Friends
**15.40** Glee
**16.25** Hart of Dixie
**17.10** Pretty Little Liars
**17.55** Junior Masterchef Australia
**18.35** Baby Daddy
**19.00** Grand Designs
**19.45** Hart Of Dixie *(11:22)*
**20.25** Pretty Little Liars *(10:25)*
**21.05** Priðjudagskvöld með Frikka Dór
**21.35** Nikita *(11:22)*
**22.15** Southland *(6:10)*
**23.00** Revolution
**23.40** Arrow
**00.25** Tomorrow People
**01.05** Grand Designs
**01.50** Hart Of Dixie
**02.30** Pretty Little Liars
**03.15** Priðjudagskvöld með Frikka Dór
**03.45** Nikita
**04.25** Southland
**05.10** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Leyndarmál vísindanna **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Hvellur keppnisbíll **08.55** UKI **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tom and Jerry **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Leyndarmál vísindanna **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Hvellur keppnisbíll **12.55** UKI **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tom and Jerry **13.56** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Leyndarmál vísindanna **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Hvellur keppnisbíll **16.55** UKI **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tom and Jerry **17.56** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Iceage **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.45** Strákarnir
**18.10** Friends
**18.35** Seinfeld
**19.00** Modern Family
**19.25** Two and a Half Men
**19.50** Kalli Berndsen - Í nýju ljósi
**20.15** Veggfóður - LOKAÞÁTTUR
**21.00** Twenty Four *(12:24)*
**21.40** Anna Pihl *(7:10)* .
**22.25** Lærkevej *(5:10)*
**23.10** Chuck
**23.50** The Fixer
**00.35** Kalli Berndsen - Í nýju ljósi
**01.00** Veggfóður - LOKAÞÁTTUR
**01.40** Anna Pihl
**02.25** Lærkevej
**03.10** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**11.10** The Extra Man
**12.55** The Best Exotic Marigold Hotel
**14.55** Airheads
**16.30** The Extra Man
**18.20** The Best Exotic Marigold Hotel
**20.25** Airheads
**22.00** The Eagle
**23.55** Battle Los Angeles
**01.50** Black Dynamite
**03.15** The Eagle

## RÚV

**16.30** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.20** Músahús Mikka
**17.43** Violetta
**18.25** Táknmálsfréttir
**18.35** Melissa og Joey
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.10** Leiðin á HM í Brasilíu *(10:16)* Í þættinum er farið yfir lið allra þátttökuþjóðanna á HM, styrkleika þeirra og veikleika og helstu stjörnur kynntar til leiks. Við kynnumst gestgjöfunum, skoðum borgirnar og leikvangana sem keppt er á.
**20.40** Castle *(17:23) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
**21.25** Nýsköpun - Íslensk vísindi III *(3:8)* Ný íslensk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um vísindi og fræði í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar og Valdimars Leifssonar.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Úr launsátri *(2:6) (Hit and Miss)*
**23.05** Spilaborg *(11:13) (House of Cards II)*
**00.00** Kastljós
**00.25** Fréttir
**00.35** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.00** Titanic - Blood & Steel
**16.50** Got to Dance
**17.15** Got to Dance
**17.40** Got to Dance
**18.05** Dr. Phil
**18.45** Top Chef
**19.30** Cheers
**19.55** The Millers *(16:22)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu.
**20.20** Design Star *(2:9)* Það er komið að sjöundu þáttaröðinni af þessari bráðskemmtilegu raunveruleikaseríu þar sem tólf efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.
**21.10** The Good Wife *(12:22)* Þessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins.
**22.00** Elementary *(17:24)* Sherlock Holmes og Dr. Watson leysa flókin sakamál í New York-borg nútímans.
**22.50** The Tonight Show
**23.40** Royal Pains
**00.30** Scandal
**01.20** Elementary
**02.10** The Tonight Show
**03.00** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour 2014 **11.10** Golfing World 2014 **12.00** LPGA Tour 2014 **15.00** PGA Tour 2014 **18.00** PGA Tour 2014 - Highlights **18.55** Golfing World 2014 **19.45** PGA Tour 2014 - Highlight **20.40** Golfing World 2014 **21.30** LPGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Tjaldvagnaland Seglagerðarinnar sameinast
Útilegumanninum undir nafninu Útilegumaðurinn
í glæsilegu húsnæði við

# Korputorg

**Mikið úrval af nýjum og notuðum hjólhýsum, tjaldvögnum og fellihýsum, ásamt Outwell tjöldum og aukahlutum.**




LMC
ÆGIR VAGNINN
ROCKWOOD
Palomino
KNAUS
COMBI-CAMP
Dethleffs
TABBERT
WEINSBERG

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Opnunartími: mán-fös kl: 10-18
lau-sun kl: 12-16

Útilegu maðurinn®
Þar sem ferðalagið byrjar

Hjörtur Guðnason

## BESTI BITINN



**„Hún Kikka mín er náttúrulega besti kokkurinn í bænum. En af öllum þeim eðalveitingastöðum sem finnast í gourmet-flórunni hérna í borg óttans hefur Austur-Indíafélagið lengi verið mér hugleikið.“**

Fjölnir Geir Bragason húðflúrmeistari

# Pollapönkarar dreifa ást í Köben

Pollapönk æfði Eurovision-lagið Enga fordóma í fyrsta sinn á stóra sviðinu í gær.

„Æfingin gekk mjög vel. Ég er ánægður með strákana. Þeir voru flottir,“ segir Valgeir Magnússon hjá auglýsingastofunni Pipar/TBWA sem er með Eurovision-hópnum í Kaupmannahöfn. Hljómsveitin Pollapönk æfði lagið Enga fordóma, sem heitir á ensku No Prejudice, í fyrsta sinn á sviðinu í B&W-höllinni í gærmorgun.

„Það er sérstaklega tekið eftir því hversu glaðir þeir eru. Þeir faðma alla sem þeir hitta og dreifa ást. Þeir eru ekki að safna áhangendum heldur áelskendum.“

Næsta vika verður strembin hjá strákunum sem stíga á svið á fyrra undanúrslitakvöldinu þann 6. maí næstkomandi. Þeir sækja ýmis partí og spjalla við blaðamenn alls staðar að úr heiminum á milli þess sem þeir æfa sig fyrir keppnina. Þeir náðu að hlaða batteríin á sunnudag og komu sér fyrir en viðureign Liverpool og Chelsea í enska boltanum setti smá strik í reikninginn þar sem Chelsea fór með sigur af hólmi.

„Stemningin var misgóð í hópnum eftir leikinn. Halli er mjög mikill púlari en það sem kom mest á óvart var Felix Bergsson. Tapið fór verst í hann. En hann var búinn að jafna sig daginn eftir og er eins og strákarnir að dreifa ást um allt,“ segir Valgeir glaður í bragði.

Næsta stóra æfing Pollapönks er á föstudag og á mánudag er generalprufa.

„Keppnin er í raun á mánudag og þriðjudag. Generalprufan á mánudag gildir jafn mikið og keppnin á þriðjudag því dómarar kjósa á mánudaginn. Eftir generalprufuna förum við beint upp á hótel að hlaða batteríin.“ -lkg



**ALLTAF BROSANDI** Meðlimir Pollapönks sjarmera flesta upp úr skónum. FRÉTTABLAÐIÐ/EUROVISION







# Slysið á Everest setti strik í reikninginn

Baltasar Kormákur er nýkominn til landsins eftir að hafa dvalið erlendis í fjóra mánuði við gerð stórmyndarinnar Everest. „Langerfiðasta verkefni sem ég hef tekið að mér,“ segir Baltasar en myndin verður frumsýnd í september á næsta ári.

„Tökurnar gengu rosalega vel en þetta er líklega langerfiðasta verkefni sem ég hef tekið að mér,“ segir leikstjórinn Baltasar Kormákur sem er nýkominn heim eftir að hafa dvalið ytra í fjóra mánuði samfellt við tökur á stórmyndinni Everest.

Tökulið á vegum Baltasars var í tökum á landslagi á Everest þegar hinn mikli harmleikur varð á Everest og minnst þrettán manneskjur týndu lífi í snjóflóði. „Við vorum að taka upp þegar þetta hræðilega slys átti sér stað og það minnir auðvitað á hversu hættulegt þetta er. Slysið kemur auðvitað nálægt raunveruleika myndarinnar, þar sem hún fjallar um miklar hörmungar sem áttu sér stað,“ segir Baltasar, en hann vonast þó til þess að slysið tefji ekki myndina. „Við vorum búnir að taka upp helling áður en slysið varð og langt komnir með tökur, ég vonast til þess að að slysið tefji ekki myndina.“

Myndin fjallar um hörmungaratburði sem gerðust í Everestfjalli árið 1996, þar sem átta fjallgöngumenn fórust.

Baltasar hefur eins og fyrr segir dvalið erlendis í um fjóra mánuði og er því vel kunnugur þeim erfiðu aðstæðum sem fylgja slíku háfjallaklifri. „Við vorum í þrjátíu stiga frosti í þrjú til fjögur þúsund metra hæð, þetta tók mjög á,“ bætir Baltasar við.

Hann segist þó vera mikill náttúruunnandi og hafa gengið á nokkur fjöll en sé þó meira fyrir góðar hestaferðir.

Everest er stærsta kvikmynd sem Baltasar hefur unnið að. „Myndin kostar í sjálfu sér álíka mikið og 2 Guns en kostnaðurinn er á öðrum sviðum. Kvikmyndagerðin sem slík kostar meira í Everest en meira fé fór í leikara í 2 Guns.“

Baltasar hefur í nógu að snúast og er með mörg járn í eldinum fyrir utan Everest. „Það er ýmislegt að gerast eins og sjónvarpsseríur og aðrar myndir. Vonandi næ ég að byrja á víkingaverkefninu fljótlega og svo er ég að skrifa fangelsismynd fyrir Universal ásamt öðrum handritshöfundi undir vinnuheitinu On the Job,“ útskýrir Baltasar.

Stefnt er að því að frumsýna Everest í lok september árið 2015.

gunnarleo@frettabladid.is



**Við vorum í þrjátíu stiga frosti í þrjú til fjögur þúsund metra hæð, þetta tók mjög á.**

NORDICPHOTOS/GETTY

### STÓRMYND BALTASARS Í HNOTSKURN

- Fjöldi þekktra leikara leikur í Everest eins og Robin Wright, Jake Gyllenhaal, Clive Standen, Josh Brolin, Sam Worthington og Emily Watson.
- Ingvar E. Sigurðsson leikur rússneska fjallgöngumanninn Anatoli Boukreev og hin danska Charlotte Bøving leikur hina dönsku Lene Gammelgaard í myndinni.
- Tökurnar á myndinni hafa farið fram víða en á meðal tökustaða eru Himalajafjöllin, ítölsku Alparnir, Cinecittà-stúdíóið í Róm og Pinewood-stúdíóið í London ásamt fleiri merkum stöðum.
- Gert er ráð fyrir að myndin verði frumsýnd í lok september árið 2015.

# Jón Jónsson í Eyjabúning

Jón Jónsson semur þjóðhátíðarlagið. „Ákveðin pressa,“ segir tónlistarmaðurinn.

„Ég er búinn að semja textann en ég er enn að vinna í titlinum. Vinnuheitið er Ljúft að vera til,“ segir tónlistarmaðurinn Jón Jónsson. Hann semur þjóðhátíðarlagið í ár sem verður flutt á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina.

„Ég hef oft farið á Þjóðhátíð – sex sinnum sem gestur og tvisvar spilað þar. Það er alltaf snilld þannig að þegar ég fékk símtal á haustdögum fannst mér þetta ekki spurning. Ég þurfti ekki einu sinni að sofa á ákvörðuninni. Ég sagði bara: Let's go,“ segir Jón sem neitar því ekki að þessu starfi fylgi dálítið álag.

„Þetta er ákveðin pressa. Bæði þarf fólk í Eyjum að samþykkja lagið og gestirnir þurfa að fíla það.“

Hann segir lagið vera lauflétt og sumarlegt.

„Þetta er Jón Jónsson í Eyjabúningi. Ég er hvorki að finna upp hjólið í laglínu eða textagerð. Þetta á bara að vera gleði og sumar,“ segir Jón. En hvert er hans uppáhaldsþjóðhátíðarlag?

„Mér finnst Lífið er yndislegt alltaf yndislegt. En alltaf þegar ég hugsa um Eyjar hugsa ég um lagið Vináttu sem Hreimur Örn Heimisson söng líka. Við félagarnir reyndar sömdum líka texta um vin okkar við lagið Í Vestmannaeyjum. Hann dó í brekkunni og var færður í dauðagáminn. Við breyttum textanum í: Vakna upp í Vestmannaeyjum, í dauðagámi Samskipa. Það mátti ekki segja neinum, það mátti enginn vita það. Ég nefni þennan vin minn ekki á nafn en hann veit hver hann er,“ segir Jón. -lkg

➜ Vinnuheiti nýja þjóðhátíðarlagsins er Ljúft að vera til og fer það í spilun í júní.



**FINNUR EKKI UPP HJÓLIÐ** „Þetta á bara að vera gleði og sumar,“ segir Jón um þjóðhátíðarlagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflléttan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
BEINT ÚR OFNI
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla og Vesturbergi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Yfir 1.100 erlendir gestir staðfestir

„Við vorum að taka það saman fyrir stuttu og þá voru um 1.100 erlendir gestir búnir að kaupa sér miða á hátíðina“, segir **Tómas Young**, forsprakki ATP-hátíðarinnar hér á landi. „Það er gríðarleg fjölgun frá því í fyrra en þá voru þetta rúmlega 200 gestir að utan sem keyptu sér miða en þá fórum við líka miklu seinna af stað með söluna á hátíðina.“

ATP, sem fram fer 10.-12. júlí, er mjög virt hátíð og á marga harða aðdáendur sem fylgja hátíðinni út um allan heim.

Öll gisting á Ásbrú, þar sem hátíðin fer fram, og í Reykjanesbæ er svo gott sem uppseld dagana sem hátíðin er haldin. „Stærstu hótelin eiga einhver laus herbergi en öll önnur gisting hefur verið uppbókuð í þó nokkurn tíma“, segir Tómas. Í ljósi þessa gistir stór hluti erlendra gesta á höfuðborgarsvæðinu. - glp



### Sóley eignaðist dóttur

Lítið hefur heyrst frá tónlistarkonunni **Sóleyju** að undanförnu. Ástæðan er ekki ritstífla af hennar hálfu heldur sú að hún eignaðist dóttur í síðasta mánuði. Á Facebook-síðu sinni segist hún vera að undirbúa nýja breiðskífu, auk þess sem stuttskífa þar sem píanóleikur fær að njóta sín verður gefin út núna í sumar. Sóley segist hlakka mikið til útgáfu breiðskífunnar, sem hún vonast til að komi út á næsta ári með tilheyrandi tónleikaferð. Tónlistarkonan er á mála hjá þýsku útgáfunni Morr Music. Lag hennar Pretty Face af plötunni We Sink hefur verið spilað sextán milljón sinnum á myndbandasíðunni YouTube. - fb



## Mest lesið vísir

1 Mikill eldur í Rimaskóla
2 „Miðaldra konur áreiti unga drengi kynferðislega“
3 „Trúi því ekki að þetta sé tilviljun“
4 Gripnir við þjófnað í Bónus
5 Hvorki borðað né drukkið í sjö daga




